

SKÝRSLA UMBOÐSMANNS BARNNA 2015



Skýrsla umboðsmanns barna

1. janúar 2015 – 31. desember 2015

Útgefandi:

Umboðsmaður barna
Kringlunni 1, 5. h.
103 Reykjavík
Heimasíða: www.barn.is
Netfang: ub@barn.is
2016

Prentun:

Svansprent

TIL FORSÆTISRÁÐHERRA

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 83/1994 um umboðsmann barna hef ég látið taka saman skýrslu þessa um starfsemi embættisins.

Embætti umboðsmanns barna varð 20 ára í upphafi árs og má því segja að embættið sé búið að skapa sér vissan sess í íslensku samfélagi. Ein helsta áskorun embættisins er hversu víðtækt hlutverk þess er, en hér starfa að meðaltali fjórir starfsmenn. Hlutverk umboðsmanns barna er að gæta hagsmuna og réttinda barna á öllum sviðum samfélagsins. Í framkvæmd getur það hins vegar reynst erfitt þar sem álitafninn og verkefninn eru mörg og fjölbreytileg.

Þegar þessi orð eru skrifuð er minna en eitt og hálf ár eftir af skipunartíma undirritaðrar og er því óhjákvæmilegt að fara yfir stöðuna og skoða hvaða árangur hefur náðst, hverju er mikilvægt að ljúka og hvaða verkefni er rétt að leggja áherslu á. Það fyrsta sem kemur upp í hugann eru áhyggjur umboðsmanns barna af geðheilbrigði barna á Íslandi og úrræðaleysi þegar kemur að börnum sem glíma við fjölþættan vanda, svo sem hegðunar-, vímuefna- og geðheilbrigðisvanda. Ég hef margítrekað vakið athygli á þessum málum á fundum með ráðamönnum, í skrifum og með ýmsum öðrum leiðum. Varanleg lausn hefur ekki fundist en öðru hvoru hafa óverulegir fjármunir verið lagðir í málaflokkinn sem létta á vissum tímabundnum vanda, svo sem að stytta biðlista tímabundið. Að mínu mati er ástandið óviðunandi og felur í sér brot á mannréttindum barna. Ég var því ákaflega þakklát á árinu þegar ungt fólk stóð upp og krafðist úrbóta þegar kemur að fordómum og úrræðaleysi í geðheilbrigðismálum barna.


Það er mikið ánægjuefni þegar börn og ungmenni nýta rétt sinn til þess að hafa áhrif og beita sér fyrir úrbótum í samfélaginu. Það er brýnt að nýta þann kraft og þá einstöku sýn sem börnin búa yfir til þess að bæta samfélagið okkar. Ég undirrituð hef ákveðið að leggja verulega áherslu á þátttöku barna og ungmenna síðari hluta skipunartímans, en verulega hefur skort upp á börn fá tækifæri til að hafa áhrif á öll mál sem þau varða, eins og þau eiga rétt á samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.




Annað málefni sem hefur mikið verið til umræðu á árinu og er í brennidepli í allri Evrópu og víðar er staða hælisleitenda. Svo virðist sem börn séu ósýnileg eða lítt sýnileg þegar málefni fjölskyldna sem koma til landsins sem hælisleitendur eru til meðferðar hjá opinberum aðilum. Í þessum málum eins og öllum öðrum sem varða börn ber að hafa það sem er börnum fyrir bestu að leiðarljósi.

Á árinu heimsótti ég fjölmarga skóla út um allt land, þar á meðal voru Reykhólaskóli og Finnbogastaðaskóli. Ég vil því þakka nemendur úr þessum tveimur skólum fyrir samstarfið við gerð þessarar skýrslu, en myndir af listaverkum þeirra birtast í skýrslunni.

Reykjavík 15. febrúar 2016


Margrét María Sigurðardóttir



EFNISYFIRLIT

Til forsætisráðherra.....	1
STARFSEMI EMBÆTTISINS.....	5
Hlutverk umboðsmanns barna.....	5
Starfsfólk umboðsmanns barna.....	5
Erindi.....	5
Samskipti við börn.....	6
Vefur umboðsmanns barna.....	6
Verkefni umboðsmanns barna.....	6
Kynning á réttindum barna.....	7
BARNASÁTTMÁLINN.....	8
FJÖLSKYLDUMÁL.....	9
Jafnt búsetuform barna.....	9
Ungbörnum mismunað eftir stöðu foreldra.....	10
HEILBRIGÐISMÁL.....	12
Aðgerðir á intersex-börnum.....	12
Börn með hegðunar- og geðraskanir.....	14
BARNAVERND.....	16
Bann við beitingu nauðungar samkvæmt lögum nr. 88/2011.....	16
Úrræði fyrir börn sem brjóta af sér.....	19
Sáttamiðlun.....	20
Skortur á úrræðum fyrir börn með tví- eða fjölþættan vanda.....	21
SKÓLAMÁL.....	23
Aðbúnaður og öryggi í leik- og grunnskólum.....	23
Reglur um snjallsíma í skólum.....	28
Skráning í Mentor.....	30
Skólaráð og þátttaka nemenda í grunnskólum.....	32
Fræðslumynd fyrir börn um kynferðislegt ofbeldi.....	33
BÖRN HÆLISLEITENDA.....	34
AÐGANGUR BARNA AÐ KVIKMYNDUM OG TÖLVULEIKJUM.....	36
VERND GEGN ÁFENGI.....	39
Bréf til þingmanna vegna áfengisfrumvarpsins.....	39
BARNAKOT Á LITLA-HRAUNI.....	40
EIN HEIMA.....	42
RÉTTUR BARNA TIL RÁÐGJAFAR OG TRÚNAÐARSAMSKIPTA.....	43
RÉTTUR BARNA TIL UPPLÝSINGA UM SIG SJÁLF.....	44

MÖGULEIKAR BARNA TIL ÞESS AÐ LEITA RÉTTAR SÍNS	46
SUMARVINNA UNGLINGA.....	47
UPPLÝSINGAR UM BÖRN Á SAMFÉLAGSMIÐLUM	48
HVENÆR RÁÐA BÖRN SJÁLF?.....	49
ÞÁTTAKA	56
Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna.....	56
Ungmenni funda með velferðarnefnd Alþingis.....	56
Ungmennaráð funda með forseta Íslands.....	57
Ungmennaráð funda með menntamálaráðherra.....	57
Ungmennaráð.....	58
Samráð við börn við endurskoðun stjórnarskrár.....	59
Börn og skipulag.....	59
UMSAGNIR.....	60
SAMSTARF	61
Erlendir samstarfsaðilar.....	62
HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR	63
Heimsóknir og fundir.....	63
Málþing og ráðstefnur.....	64



STARFSEMI EMBÆTTISINS

HLUTVERK UMBOÐSMANNS BARNNA

Eru börn að túlka fyrir foreldra sína?

Í lögum um umboðsmann barna nr. 83/1994 er honum falið það mikilvæga hlutverk að vinna að bættum hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra. Umboðsmaður barna skal vinna að því að tekið sé fullt tillit til barna á öllum sviðum samfélagsins, jafnt hjá opinberum aðilum sem og einkaaðilum, og bregðast við ef brotið er á réttindum þeirra. Umboðsmaður barna á að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu um málefni barna. Þá er embættinu ætlað að koma með ábendingar og tillögur um það sem betur má fara í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem varða málefni barna. Einnig felst í hlutverki umboðsmanns að kynna almenn- ingi þá löggjöf sem varðar börn sérstaklega.

Hvert er hlutverk umboðsmanns barna?

Umboðsmanni barna er ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga. Honum er þó skylt að leiðbeina þeim sem til hans leita með slík mál og benda á hvaða leiðir eru færar innan stjórnsýslunnar og hjá dómstólum.

STARFSFÓLK UMBOÐSMANNS BARNNA


Margrét María Sigurðardóttir hefur gegnt starfi umboðsmanns barna frá 1. júlí 2007. Auk hennar starfa við embættið fimm

Hvaða reglur gilda þegar börn passa börn?

starfsmenn í tæplega fjórum stöðugildum. Auður Kristín Árnadóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Elísabet Gísladóttir og Nílsína Larsen Einarsdóttir.

Hvernig er hugtakið „með barn á framfæri“ túlkað?

Ég vil vekja athygli á stöðu ólögráða stúlkna sem eignast börn.



ERINDI

Dagleg störf á skrifstofu umboðsmanns barna mótast mikið af þeim erindum sem embættinu berast. Þau eru af margvíslegum toga og eru það ýmist einstaklingar, stofnanir, félagasamtök eða fjölmiðlar sem leita til umboðsmanns barna og óska eftir upplýsingum eða ráðgjöf varðandi málefni barna. Einnig berast þó nokkur erindi frá nemendum í grunn-, framhalds- og háskólum þar sem leitað er svara við ýmsu sem snertir réttindi barna og Barnasáttmálann. Málaflokkarnir eru margir og fjölbreytilegir enda koma hagsmunir barna við sögu á flestum sviðum samfélagsins. Ákveðnir málaflokkar eru þó meira áberandi en aðrir og ber þar helst að nefna forsjár- og umgengnismál, lögheimilismál, skólamál, barnaverndarmál og heilbrigðismál.

Hvað þarf maður að vera orðinn gamall til þess að stofna sitt eigið fyrirtæki og hvað kostar það?

Hverjar eru undantekningar á útivistarreglum barna?

Eins og áður hefur verið minnst á er umboðsmanni barna ekki ætlað að taka til meðferðar ágreining milli einstaklinga eða mál þeirra sem eru til meðferðar hjá stjórnvöldum eða dómstólum. Fjöldi erinda sem embættinu berast varða þó slík mál. Umboðsmaður barna kappkostar að veita þeim einstaklingum sem leita til hans greinargóðar upplýsingar, leiðbeiningar og ráð eins og unnt er hverju sinni.

Á árinu 2015 bárust alls 1700 erindi til umboðsmanns barna, þar af 1025 munnleg erindi og 675 skrifleg. Þar af voru 169 formleg erindi sem bárust frá börnum, 48 munnlega og 121 skrifleg. Auk þess fékk umboðsmaður barna fjölmargar spurningar frá börnum í tengslum við kynningar og heimsóknir. Með munnlegum erindum er átt við öll símtöl sem berast embættinu og viðtöl við einstaklinga sem eiga sér stað á skrifstofu þess. Skrifleg erindi eru allar fyrirspurnir og erindi sem varða ákveðið barn eða hóp barna. Þar að auki berast umboðsmanni barna reglulega ýmis konar ábendingar, upplýsingar og boð á viðburði.

Er í lagi að æfingar séu til kl. 20.30 hjá tólf ára börnum á veturna?

SAMSKIPTI VIÐ BÖRN

Frá því að embætti umboðsmanns barna var stofnað hefur verið lögð rík áhersla á að ná til barna og unglunga til þess að fræða þau og ræða um réttindi þeirra. Einnig leggur umboðsmaður barna áherslu á að heyra skoðanir barna og sjónarmið og fá ábendingar um það sem betur mætti fara. Mikilvægt er fyrir embætti, sem vinnur í þágu barna, að aðgengi fyrir börn sé tryggt og að þau geti á einfaldan hátt leitað til umboðsmanns barna með erindi og fengið upplýsingar um réttindi sín. Er því ávallt reynt eftir fremsta megni að svara þeim börnum sem leita til embættisins eins fljótt og auðið er. Börn sem leita til embættisins geta rætt við umboðsmann barna eða aðra starfsmenn embættisins í fullum trúnaði. Starfsmenn embættisins eru þó bundnir af reglum barnaverndarlaga, nr. 80/2002 um tilkynningarskyldu, með sama hætti og aðrir þjófðfélagsþegar.

Mér liður illa og foreldrar minir koma ekki vel fram við mig. Hvað get ég gert?

Stór hluti erinda frá börnum berast í gegnum vefsíðu umboðsmanns barna, www.barn.is, annaðhvort í fyrirspurnarformi eða undir liðnum spurt og svarað. Þegar erindi berst eftir síðari leiðinni getur viðkomandi barn ráðið því hvort svar við því birtist á vefsíðunni eða hvort það fái sent persónulegt svar á netfang sitt. Ekki er gerð krafa um að börn gefi upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar. Ýmis svör við spurningum sem borist hafa frá börnum og unglungum er hægt að lesa á barna- og unglingasíðu embættisins. Einnig er algengt að börn sendi tölvupóst á netfangið ub@barn.is. Á síðustu árum hefur það færst í aukana að börn komi á skrifstofu umboðsmanns og óski eftir upplýsingum og aðstoð. Umboðsmaður barna hefur leitast við að vera með húsnæði sem hentar börnum auk þess sem skrifstofan er nú vel merkt og í umhverfi þar sem börn venja komur sínar.

Má ég sofa hjá kærustunni minni sem er alveg að verða 15 ára?

Umboðsmaður barna leitast einnig við að eiga samskipti við börn með öðrum hætti, t.d. með því að fara í heimsóknir og halda kynningar fyrir skóla, fristundaheimili og ungmennaráð. Á árinu 2015 hitti umboðsmaður og starfsfólk hans hátt í 1800 börn á öllum aldri og ræddi við þau um réttindi og hagsmunamál þeirra. Umboðsmaður barna er einnig með sérstakan ráðgjafarhóp sem hann hittir einu sinni í mánuði en þar eiga sæti unglingar á aldrinum 13 til 18 ára. Nánar er fjallað um ráðgjafarhópinn síðar.

VEFUR UMBOÐSMANNS BARNNA

Er leyfilegt að rukka börn um útvarpsgjald og gjald í framkvæmdarsjóð aldraðra?

Vefsíðu embættisins, www.barn.is¹, er ætlað að vera almennur gagnagrunnur um réttindi og ábyrgð barna og hvaðeina sem varðar hagsmuni þeirra. Heimasíðan skiptist í tvo hluta, þ.e. aðalsíðu og barna- og unglingasíðu.



Á aðalsíðunni má finna upplýsingar um starfsemi embættisins, fréttir og umsagnir. Þar eru einnig margvíslegar upplýsingar um réttindi barna, þau lög og reglur sem gilda um hina ýmsu málaflokka og upplýsingar um stofnanir og samtök sem koma að málefnum barna.

Barna- og unglingasíðunni er ætlað að veita börnum og unglungum upplýsingar og ráðgjöf um réttindi þeirra á einfaldan og aðgengilegan hátt. Á síðunni er auk þess að finna upplýsingar um mismunandi málaflokka og leiðbeiningar um hvert sé hægt að leita til að fá frekari aðstoð. Síðan er jafnframt vettvangur fyrir börn og unglunga til þess að koma skoðunum sínum á framfæri en þar geta þau sent inn ábendingar eða fyrirspurnir til umboðsmanns barna eins og áður segir.

Getur einhver „hætt“ að vera faðir barns?

VERKEFNI UMBOÐSMANNS BARNNA

Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994 kveða á um lögbundin verkefni embættisins. Hins vegar ræðst starfsemin að nokkru leyti af þeim erindum sem berast

¹ Einnig er hægt að fara inn á heimasíðuna í gegnum slóðirnar www.umbodsmadurbarna.is og www.umboedsmaadurbarna.is.

Er löglegt að móðir hleri samskipti barns við föður sinn eða brjóta þær gegn friðhelgi barnsins?

embættinu, eins og þegar hefur verið tekið fram. Einnig getur umboðsmaður tekið mál til skoðunar að eigin frumkvæði og komið með tillögum til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnvalda er varða börn sérstaklega.

Umboðsmaður barna skal einnig stuðla að því að þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að, og snerta réttindi og velferð barna, séu virtir. Á það fyrst og fremst við um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn, en hann er mikilvæg stoð fyrir allt starf embættisins. Á ári hverju sinnir umboðsmaður barna fjölmörgum erindum og verkefnum sem snerta mörg svið þjóðfélagsins. Ekki er hægt að gera grein fyrir öllu því sem umboðsmaður fæst við með tæmandi hætti í skýrslu sem þessari. Verður því aðeins leitast við að gera grein fyrir helstu verkefnum embættisins á árinu.

Bera foreldrar ábyrgð á skuldum barna sinna?

KYNNING Á RÉTTINDUM BARNNA

Brýtur það gegn mannréttindum barna að banna ákveðinn klæðaburð í skóla til að vernda yngri nemendur?

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 3. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994 skal embættið stuðla að því að kynna fyrir almenningi lög-
gjöf og aðrar réttarreglur er varða börn

og ungmenni. Kynning á hlutverki og starfsemi embættisins, sem og fræðsla um réttindi barna á öllum sviðum, er því veigamikill þáttur í starfi umboðsmanns ár hvert. Auk þess er reglulega óskað eftir því að umboðsmaður barna haldi erindi á málþingum eða ráðstefnum um sértækari málefni og komi í viðtöl hjá fjölmiðlum. Umboðsmaður reynir ávallt að bregðast við slíkum beiðnum.


Er hægt að kæra foreldra þegar þeir leita í eignum barna?

Má foreldri taka fermingarpeninga barns og geyma eins og það telur best?

Undanfarin sex ár hefur umboðsmaður barna boðið skólum, félagasamtökum, ungmennaráðum og þeim aðilum sem vinna með börnum eða fyrir börn upp á kynningar á embættinu og réttindum barna.

Á árinu 2015 hélt umboðsmaður barna áfram að bjóða skólum upp á kynningar fyrir nemendur og starfsfólk. Kynningunum hefur einkum verið beint að börnum á unglíngastigi en hægt er að útbúa kynningu fyrir yngri börn ef óskað er eftir því.

Er verið að brjóta almenn hegningarlög með „free the nipple“ áskoruninni?



Hér á eftir er þeir taldir upp sem umboðsmaður barna hélt kynningu fyrir á árinu:

Grunnskólar:

- Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði
- Borgarhólsskóli
- Dalsskóli
- Finnbogastaðaskóli
- Flúðaskóli
- Grenivíkurskóli
- Grunnskóli Grindavíkur
- Grunnskóli Öxarfjarðar
- Grunnskólinn á Bakkafirði
- Grunnskólinn á Drangsnesi
- Grunnskólinn á Raufarhöfnum
- Grunnskólinn á Þingeyri
- Grunnskóli Önundarfjarðar – Flateyri
- Hafralækjarskóli
- Holtaskóli
- Kerhólsskóli
- Klébergsskóli
- Reykhólaskóli
- Seláskóli
- Seljaskóli
- Stórutjarnarskóli
- Vopnafjarðarskóli
- Vættarskóli
- Þjórsárskóli

Framhaldsskólar:

- Borgarholtsskóli
- Nemendur úr Menntaskólanum í Hamrahlíð.

Háskólar:

- Nemar í mannréttindum barna við lagadeild Háskóla Íslands.
- Nemar í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.
- Nemar í uppeldis- og menntunarfræðum.

Aðrir:

- Starfsfólk fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar.
- Samfés – samtök félagsmiðstöðva á Íslandi.

BARNASÁTTMÁLINN

Er eðlilegt og/ eða leyfilegt fyrir foreldra að óskra á börnin sín, a.m.k. einu sinni á dag?

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Sáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu hópur sem hafi sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum. Að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram hina fullorðnu. Barnasáttmálinn er útbreiddasti mannréttindasamningur heims en hann hefur verið fullgiltur hjá nánast öllum þjóðum heims. Sáttmálinn var undirritaður fyrir Íslands hönd árið 1990 og fullgiltur í nóvember árið 1992. Í febrúar 2013 var Barnasáttmálinn síðan lögfestur

Hvernig er verið að vernda börn í réttarkerfinu?

Hvaða lög gilda varðandi tilkynningarskyldu?

á Alþingi með lögum nr. 19/2013.

Mega foreldrar mínir láta mig borga heim og borga sjálf fyrir líkamsrækt?

Hver eru réttindi íslenskra barna?

Er skylda að senda barn í umgengni ef það er sameiginleg forsjá?

Hvað er hægt að gera ef foreldrar virða ekki Barnasáttmálann? Er hægt að kæra það?

Umboðsmaður barna hefur á undanförunum árum lagt mikla áherslu á að fylgja lögfestingu Barnasáttmálans eftir og stuðla að því að hann verði raunverulega innleiddur hér á landi. Með innleiðingu er átt við að honum verði beitt í

framkvæmd, þannig að börn njóti í raun réttinda sinna í daglegu lífi. Frá árinu 2014 hefur umboðsmaður barna unnið í samstarfi við UNICEF á Íslandi að gerð vefsíðu um innleiðingu Barnasáttmálans sem nefnist „Barnvæn sveitarfélög“. Markmiðið með vefsíðunni er að gera sveitarfélögum og öðrum aðilum kleift að nota Barnasáttmálann sem hagnýtt verkfæri í allri sinni vinnu. Stefnt er að því að opna umrædda vefsíðu og kynna hana fyrir sveitarfélögum á árinu 2016.

Getur lögreglan fylgst með fólki undir lögaldri?

Má taka símann af mér?



FJÖLSKYLDUMÁL

JAFNT BÚSETUFORM BARNA

Hvað þýðir sameiginleg forsjá?

Í byrjun árs 2015 skipaði velferðarráðherra starfshóp sem hafði það hlutverk að kanna hvernig jafna mætti stöðu foreldra sem fara sameiginlega

með forsjá barna sinna, með tilliti til réttinda, skyldna og skráningar sem fylgir lögheimili barns. Umboðsmaður barna fór á fund starfshópsins vorið 2015 til þess að ræða málið út frá hagsmunum og réttindum barna. Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni til ráðuneytisins í september. Helsta niðurstaða hans var sú að heimila ætti foreldrum sem fara sameiginlega með forsjá barns að semja um svokallaða skipta búsetu, ef ákveðin skilyrði eru fyrir hendi. Skipt búseta myndi fela í sér ýmis réttaráhrif, þar á meðal varðandi ákvarðanatöku, framfærslu barns og opinberan stuðning.

Hvað þarf maður að vera gamall til að hætta að fara í umgengni til foreldris ef manni líður illa þar?

Umboðsmaður barna sendi ráðuneytinu umsögn um skýrsluna. Þar leggur hann áherslu á að jafnt búsetuform barna snúist mun fremur um að jafna stöðu foreldra en að gæta hagsmuna og réttinda barna. Hins vegar tekur hann fram að gera megi ráð fyrir því að það sé almennt börnum fyrir bestu að báðir foreldrar fái þann stuðning sem þeir þurfa frá hinu opinbera. Umboðsmaður barna gerði því ekki athugasemd við þá tillögu að foreldrar geti samið um skipta búsetu, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Umboðsmaður telur þó ekki rétt að skipt búseta muni fela í sér að foreldrar þurfi að taka allar ákvarðanir sem varða

Simafyrirtæki tekur ekki tillit til forsjá barns ef forsjárlaust foreldri greiðir reikninginn.

barn í sameiningu. Þó að það sé að sjálfsögðu æskilegt að foreldrar hafi samráð um allar ákvarðanir sem varða börn, er ljóst að sú staða getur ávallt komið upp að þeir séu ósam-

Hvað felst í forsjá og forsjá stjúpforeldris?

mála. Mikilvægt er að takmarka eins og hægt er togstreitu í lífi barna og reyna eftir fremsta megni að hlífa þeim við deilum foreldra. Að mati umboðsmanns barna er ekki viðunandi að barn geti lent í þeirri stöðu að ekki sé hægt að taka ákvörðun, til dæmis um skólavist eða læknismeðferð. Einungis vegna þess að foreldrar geta ekki komist að samkomulagi. Hagsmunir barna af því að njóta stöðugleika og samfellu í daglegu lífi eiga ávallt að vega þyngra en hagsmunir foreldra af því að standa jafnfætis þegar kemur að ákvarðana-

Má mamma mín banna mér að flytja til pabba sem býr í Noregi?

Barnsfaðir neitar að samþykkja útgáfu vegabréfs fyrir barn nema það vilji hitta sig. Er eitthvað hægt að gera?

töku, sbr. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013. Þess vegna telur hann rétt að miða við lögheimilisforeldri um vissar ákvarðanir sem varða daglegt líf barna, þegar foreldrar geta ekki komist að samkomulagi.

Í umsögn sinni lagði umboðsmaður barna enn fremur áherslu á að ef samþykkt verði breyting um skipta búsetu barna verði tryggt að ávallt verði leitað eftir afstöðu þess barns sem um ræðir og ríkt tillit tekið til vilja þess, í samræmi við aldur og þroska. Í þessu sambandi benti umboðsmaður barna á að þörf sé á að endurskoða núverandi verklag þegar sýslumaður staðfestir samninga foreldra. En í framkvæmd er mjög misjafnt hvort börn fái yfir höfuð að koma sjónarmiðum sínum á framfæri þegar foreldrar gera samninga um forsjá, umgengni og búsetu. Sú framkvæmd samræmist ekki réttindum barna til þess að hafa áhrif á öll mál sem varða þau með einum eða öðrum hætti, sbr. 12. gr. Barnasáttmálans og 3. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Hver er upphæð meðlags? Þarf að borga meðlag þó maður hitti barnið aldrei?

Foreldrar mínir eru að hugsa um að flytja til Noregs en ég vil það alls ekki. Get ég neitað því að flytja með þeim út?

Umboðsmaður barna tók einnig fram að ef ákvæði um skipta búsetu verða að veruleika er ljóst að það fyrirkomulag mun alls ekki henta öllum börnum. Benti umboðsmaður því á mikilvægi þess að gera þær breytingar sem eru nauðsynlegar til þess að stjórnvöld á vegum ríkis og sveitarfélaga hætti að líta á umgengnisforeldra sem barnlausa einstaklinga. Stjórnvöld tryggi þeim þann stuðning sem þeir þurfa til þess að geta sinnt framfærslu og umgengni við börn sín.

Hvaða reglur gilda um umgengni milli landa?

Að lokum ítrekaði umboðsmaður barna mikilvægi þess að tryggja rétt barna til þess að tjá sig áður en teknar eru ákvarðanir um forsjá, umgengni eða búsetu, óháð því hvort deilur séu á milli foreldra eða ekki. Í framkvæmd virðist því miður of oft ekki rætt við börn áður en ákvarðanir um þessi mál eru teknar. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eiga öll börn, sem myndað geta eigin skoðanir, rétt til þess að tjá sig og er skylt að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Barnaréttarnefnd

Hvað er hægt að gera þegar maður er sviptur forsjá barns? Er hægt að fara fram á jafna umgengni, þó svo að barnið vilji það ekki?

Sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á að mat full-orðinna á því hvað sé barni fyrir bestu eigi ekki að duga til þess að takmarka þennan rétt. Er því ekki rétt að ætla að hlífa barni við deilum foreldra með því að veita því ekki tækifæri til þess að tjá sig. Þvert á móti er skylt að upplýsa barn sérstaklega um þennan rétt og tryggja barnvænlegar aðstæður og aðferðir, þannig að barn geti tjáð sig á eigin forsendum. Með þessu er þó að sjálfsögðu ekki átt við að það eigi að stilla barni upp við vegg og láta það velja á milli foreldra sinna, enda er einungis um rétt

barns að ræða en ekki skyldu. Með því að nýta þá sérþekkingu sem er til staðar er vel hægt að ná fram sjónarmiðum og vilja barna frá unga aldri án þess að það hafi skaðlegar afleiðingar í för með sér eða íþyngi þeim um of.

Hver er réttur ömmu og afa til umgengni?

Hver talar við börn í forsjardeilum?

Ég vil benda á mismunandi reglur sem gilda um lengd fæðingarorlofs eftir stöðu barna. Hvers vegna er börnum mismunandi með þessum hætti? Hvað get ég gert?

UNGBÖRNUM MISMUNAD EFTIR STÖÐU FORELDRA

Á árinu fékk umboðsmaður barna ábendingu um að börnum sé í ákveðnum tilvikum mismunandi eftir stöðu foreldra þegar kemur að fæðingarorlofi. Ef barn á foreldra sem eru hvorki í hjónabandi né í skráðri sambúð og annað foreldri deyr skömmu fyrir fæðingu barns hefur barn tækifæri til þess að njóta fæðingarorlofs með eftirlifandi foreldri í níu mánuði. Ef foreldri deyr skömmu eftir fæðingu barns hafa íslensk lög hins vegar verið túlkuð þannig að eftirlifandi foreldri fær aðeins sex mánaða fæðingarorlof.

Börnum er mismunandi eftir stöðu foreldra þegar annað foreldri er látið.

Tannlæknir neitar að taka teina úr barni vegna þess að foreldrar skulda enn tannréttingu. Hver er réttur barnsins?

Umboðsmaður barna vakti athygli á þessu við ýmis tækifæri á árinu, meðal annars í bréfi til félagsmálaráðherra. Í bréfinu skorar umboðsmaður á ráðherra að beita sér fyrir því að lög um fæðingar- og foreldraorlof verði endurskoðuð, þannig að börnum verði ekki mismunandi með ómálefnalegum hætti eftir stöðu foreldra þeirra.

Bréfið var svohljóðandi:

Félags- og húsnæðismálaráðherra
Eygló Harðardóttir
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2015
UB:1505/16.7

Efni: Ungbörnum mismunandi eftir stöðu foreldra

Fjöl margar rannsóknir sýna hversu mikil áhrif fyrstu mánuðir og ár í lífi barna hafa á þroska, velferð, sjálfsmynd og samskipti þeirra seinna meir. Enn fremur hefur verið sýnt fram á mikilvægi þess að barn fái fullnægjandi tækifæri til þess að mynda tengsl við aðal umönnunaraðila sína, sem oftast eru foreldrar. Örvandi umönnun og tengslamyndun við foreldra skipta þannig miklu máli fyrir börn og hafa mikil áhrif á velferð þeirra og líðan til framtíðar. Umboðsmaður barna telur því mikilvægt að tryggja að ungbörn geti verið heima og notið umönnunar foreldra sinna sem lengst. Er því ánægjulegt að drög að fjölskyldustefnu til ársins 2020 geri ráð fyrir að unnið verði að því að lengja fæðingarorlof og hækka hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi.

Réttur barna til að njóta umönnunar foreldra er verndaður í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013. Þessi réttur nýtur auk þess verndar ákvæða um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, sbr. meðal annars 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Enn fremur má benda á að samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar ber að tryggja börnum með lögum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Öll börn eiga að njóta sömu réttinda og er óheimilt að mismuna þeim vegna stöðu þeirra sjálfra eða foreldra þeirra, sbr. meðal annars, sbr. 2. gr. Barnasáttmálans og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Núgildandi lög um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 er ætlað að tryggja greiðslur til foreldra sem gera þeim kleift að taka frí frá vinnu eða námi til að sinna umönnun barna sinna. Þegar barn á tvo foreldra sem taka virkan

þátt í uppeldi þess getur hvort foreldri um sig tekið þriggja mánaða fæðingarorlof, auk þess sem foreldrar eiga sameiginlega rétt á þremur mánuðum. Í þeim tilvikum sem barn á einungis eitt foreldri sem tekur virkan þátt í uppeldi þess er staðan hins vegar mismunandi eftir aðstæðum foreldra.

Í 4. mgr. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof er gert ráð fyrir því að foreldri geti tekið fæðingarorlof í allt að níu mánuði ef hitt foreldrið andast á meðgöngu barnsins. Ef foreldri andast eftir fæðingu barns en áður en það nær 24 mánaða aldri færist réttur hins látna til fæðingarorlofs til hins foreldrisins, sbr. 8. mgr. ákvæðisins. Í framkvæmd hefur umrætt ákvæði verið túlkað þannig að rétturinn færist eingöngu yfir ef foreldrar hafi verið með sameiginlega forsjá eða ef fyrir liggur samningur um umgengni. Eru því litlar líkur á því að rétturinn færist yfir ef forsjárlaust foreldri deyr skömmu eftir fæðingu barns, enda ólíklegt að foreldrar hafi þá haft tækifæri til að semja um umgengni. Þannig fær barn sem á foreldri sem andast skömmu fyrir fæðingu þess tækifæri til að njóta umönnunar foreldra í níu mánuði. Sama á við um barn sem missir foreldri skömmu eftir fæðingu, ef foreldrar voru annaðhvort í skráðri sambúð eða hjúskap. Aftur á móti fær barn sem missir foreldri skömmu eftir fæðingu og foreldrar voru ekki skráðir í sambúð eða hjúskap einungis tækifæri til að njóta umönnunar eftirlifandi foreldris í sex mánuði. Er því ljóst að börnum er mismunað að þessu leyti eftir stöðu foreldra þeirra. Um þetta er meðal annars fjallað í nýlegu álitni umboðsmanns Alþingis, í máli nr. 7934/2014. En þar er athygli ráðherra vakin á því að 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof samræmist mögulega ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og rétti barna og foreldra til friðhelgi fjölskyldulífs.

Einhleypir foreldrar sem hafa gengist undir tæknifrjövgun, ættleitt barn eða tekið barn í varanlegt fóstur eiga rétt á níu mánaða fæðingarorlofi, sbr. 4. mgr. 8. gr. laga um fæðingar- og foreldraorlof. Þá getur foreldri, sem er ófært um að annast barn sitt á fyrstu 24 mánuðunum eftir fæðingu þess, vegna sjúkdóms eða afleiðinga slyss eða afplánunar refsivistar, framselt rétt sinn til fæðingarorlofs til hins foreldrisins, óháð því hvort forsjá er sameiginleg eða ekki, sbr. 9. mgr. 8. gr. laganna. Ef foreldrar geta ekki eða vilja ekki taka fæðingarorlof af öðrum ástæðum er ekkert svigrúm til að framselja þennan rétt. Dæmi um slík tilvik eru foreldrar sem búa erlendis og vilja ekki eða hafa ekki tök á að sinna umönnun barns. Er því ljóst að börn í slíkri stöðu fá einungis fæðingarorlof með foreldrum sínum í sex mánuði, en ekki níu mánuði eins og önnur börn.

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof er meðal annars að hvetja báða foreldra til að taka virkan þátt í uppeldi og umönnun barna sinna frá fæðingu. Vissulega er mikilvægt að auka jafnrétti kynjanna og tryggja börnum samvistir við báða foreldra. Það má þó ekki gera á kostnað velferðar barna. Má í því sambandi benda á að þegar hagsmunir fullorðinna og barna vegast á eiga hagsmunir barna að vega þyngra, sbr. meðal annars 3. gr. Barnasáttmálans.

Eins og umboðsmaður barna hefur áður bent á er óásættanlegt að börnum sé mismunað þegar kemur að réttinum til að njóta umönnunar foreldra sinna í fæðingarorlofi. Nú þegar er hætt á að börn einstæðra foreldra séu í viðkvæmri stöðu og hafa rannsóknir sýnt að þau séu líklegri til að búa við bág kjör en önnur börn. Er því sérstaklega brýnt að tryggja að þessi börn fái sömu tækifæri og önnur börn til þess að njóta umönnunar og mynda sterk tengsl við aðalumönnunaraðila sinn á fyrstu mánuðum ævi sinnar. Umboðsmaður barna skorar á félags- og húsnæðismálaráðherra til þess að beita sér fyrir því að lög um fæðingar- og foreldraorlof verði endurskoðuð, þannig að börnum verði ekki mismunað með ómálefnalegum hætti eftir stöðu foreldra þeirra.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Í bréfi velferðarráðuneytisins, dags. 9. júní 2015, kvaðst ráðuneytið ávallt vilja vera vakandi gagnvart framkvæmd laga um fæðingar- og foreldraorlof og hugsanlegum vanköntum sem kunna að vera á þeim. Ráðuneytið þakkaði umboðsmanni barna fyrir þær ábendingar sem komu

fram í framangreindu bréfi og kvaðst ætla að taka þær til skoðunar.

HEILBRIGÐISMÁL

AÐGERÐIR Á INTERSEX-BÖRNUM

Hver getur borgað fyrir tannréttingar barns?

Barnsmóðir vill ekki bólusetja barn. Hvað er hægt að gera?

Í maí 2015 gaf umboðsmaður barna út álit um aðgerðir á intersex-börnum, þ.e. börnum sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni.

Við undirbúning álitsins kynnti umboðsmaður barna sér efni frá öðrum löndum og ýmsum alþjóðlegum aðilum sem starfa á sviði mannréttinda:

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, mannréttinda-fulltrúi Evrópuráðsins og sérstakur eftirlitsmaður

Sameinuðu þjóðanna um pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega og vanvirðandi meðferð eða refsingu. Auk þess fundaði umboðsmaður barna með ýmsum innlendum aðilum, svo sem félaginu Intersex Ísland, Mannréttindaskrifstofu Íslands, læknum sem hafa sérþekkingu á þessum málum og landlækni.

Álit umboðsmanns barna um aðgerðir á intersex-börnum var gefið út í maí 2015 og er svohljóðandi:

Hvernig standa málin hvað varðar skapabarmaaðgerðir á ungum stúlkum og hvert er hlutverk umboðsmanns barna í þessum efnum?

Á undanförunum árum og áratugum hefur aukin meðvitund og umræða um mannréttindi átt sér stað í samfélaginu og skilningur á fjölbreytileika fólks aukist. Við höfum verið að þróast í þá átt að byggja upp samfélag þar sem allir fá jöfn tækifæri, óháð kyni, kyngervi, kynvitund, kynhneigð, litarhætti, trú, fötlun, veikindum, uppruna eða stöðu að öðru leyti. Enn verða þó ýmsir hópar fyrir fordómum vegna skorts á upplýsingum og gamaldags viðhorfa. Er því mikilvægt að við höldum áfram að efla umræðu um margbreytileika einstaklinga, þannig að allir geti alist upp í samfélagi þar sem þeir upplifa sig örugga og velkomna.

Intersex-einstaklingar

Lengi vel var lítil sem engin umræða um málefni intersex-einstaklinga í samfélaginu og er líklegt að enn séu margir sem átta sig ekki á því hvað það þýðir að vera intersex. Þessir einstaklingar eiga það sameiginlegt að líkamleg einkenni þeirra eru að einhverju leyti frábrugðin því sem almennt er talið skilgreina kvenkyn eða karlkyn. Um er að ræða einstaklinga með ódæmigerð kyneinkenni, þ.e. líkamleg frávík á kynfærum, frávík frá öðrum líkamlegum kyneinkennum, frávík í hormónaframleiðslu og/eða litningafrávík. Víðast hvar í heiminum eru dæmi um að þessir einstaklingar séu sendir í skurðaðgerðir, hormónameðferðir og aðrar meðferðir, án upplýsts samþykkis, í þeim tilgangi að „laga“ þá þannig að þeir falli betur að hugmyndum samfélagsins um kyn og kyngervi. Þessar aðgerðir eru í einhverjum tilvikum framkvæmdar á ungum börnum, sem hafa ekki möguleika til þess að veita samþykki.

Á hverju ári má gera ráð fyrir að það fæðist að minnsta kosti tvö til þrjú börn á Íslandi sem eru með ódæmigerð kyneinkenni.[1] Í einhverjum tilvikum er það ljóst strax við fæðingu en hjá sumum börnum kemur það ekki í ljós fyrr en við kynþroska eða jafnvel á fullorðinsárum.

Aðgerðir á intersex-börnum

Dæmi eru um að skurðaðgerðir séu framkvæmdar á ungum börnum með ódæmigerð kyneinkenni hér á landi. Þessar aðgerðir felast í því að kynfærum er breytt og/eða kynkirtlar fjarlægðir í þeim tilgangi að breyta líkama barns þannig að hann sé betur í samræmi við almennt viðurkenndar hugmyndir samfélagsins um karlkyn eða kvenkyn. Þegar læknisfræðileg rök mæla ekki með þessum aðgerðum er um að ræða ónauðsynleg og óafturkræf inngrip í líkama barna, sem geta haft verulega neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu þeirra til framtíðar. Sem dæmi má nefna að þessar aðgerðir geta leitt til ófrjósemi og haft áhrif á hormónaframleiðslu. Þá er ávallt hættu á að „rangt kyn“ sé valið fyrir barn sem fer í slíka aðgerð, þ.e. að aðgerðin hafi ekki verið í samræmi við það kyngervi sem barn samsamar sig við seinna meir.[2]

Rökin fyrir aðgerðum á intersex-börnum eru gjarnan þau að það sé erfitt fyrir barn með óræðin kynfæri eða önnur frávík frá „hefðbundnum“ karl- eða kvenkynslíkama að finnast það tilheyra samfélaginu og þróa með sér sterka sjálfsmynd. Á móti hafa intersex- einstaklingar bent á að þeir líði fyrir þær líkamlegu og andlegu af-

leiðingar sem slíkar aðgerðir hafa í för með sér, auk þess sem skömm fylgi þeirri leynd sem ríkir yfir stöðu þeirra. Við sem samfélag höfum verið að vinna að því að fjölbreytileikanum sé fagnað og að allir fái svigrúm til þess að vera þeir sjálfir, án þess að verða fyrir aðkasti. Ekki er rétt að líta á það sem lausn við einelti og fáfræði að steypa alla í sama mótið, heldur er réttara að stuðla að fræðslu og auka þannig umburðarlyndi og skilning fólks á margbreytileika mannlífsins.

Réttindi barna

Ýmsar alþjóðlegar stofnanir hafa fordæmt ónauðsynlegar aðgerðir á börnum með ódæmigerð kyneinkenni, þar á meðal Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins og sérstakur eftirlitsmaður Sameinuðu þjóðanna um pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega og vanvirðandi meðferð eða refsingu. Slíkar aðgerðir geta í raun falið í sér vanvirðandi og ómannúðlega meðferð á börnum, sbr. meðal annars 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Þá geta þær talist til hefða sem eru skaðlegar heilbrigði barna, en samkvæmt 3. mgr. 24. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að ryðja úr vegi slíkum hefðum.

Friðhelgi einkalífs og réttur til að viðhalda meðfæddum auðkennum

Börn njóta friðhelgi einkalífs eins og fullorðnir og er sá réttur meðal annars tryggður í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 16. gr. Barnasáttmálans. Friðhelgi einkalífs nær til alls sem lýtur að persónulegum málefnum einstaklinga og felur það meðal annars í sér að hver og einn á rétt á því að ráða yfir eigin lífi og líkama. Ljóst er að kyn og kyngervi eru mikilvægur þáttur í sjálfsmynd hvers og eins. Skiptir því miklu máli að virða mannhelgi barna og leyfa þeim að viðhalda meðfæddum kyneinkennum og þroska eigin kynvitund í samfélagi þar sem gert er ráð fyrir tilvist þeirra. Að mati umboðsmanns barna samræmist það ekki friðhelgi einkalífs og mannlegri reisn barna að heimila foreldrum eða heilbrigðisstarfsfólki að taka ákvarðanir um ónauðsynlegt inngrip sem breytir líkama þeirra með varanlegum hætti. Þá ganga slíkar aðgerðir einnig þvert á rétt barna til þess að viðhalda persónulegum auðkennum sínum, sbr. 8. gr. Barnasáttmálans.

Réttur til að hafa áhrif á eigið líf

Öll börn eiga að fá stigvaxandi rétt til þess að hafa áhrif á eigið líf, sbr. meðal annars 12. gr. Barnasáttmálans. Umboðsmaður barna telur það ekki samræmast rétti barna til sjálfsákvörðunar að breyta líkama þeirra fljótlega eftir fæðingu og „úthluta“ þeim ákveðnu kyni sem ef til vill samræmist svo ekki kyngervi eða kynvitund þeirra seinna meir. Réttara væri að intersex-börn gætu sjálf tekið ákvörðun um skurðaðgerð og/eða hormónameðferð þegar þau hafa mótað eigin kynvitund og hafa náð þeim aldri og þroska sem þarf til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun. Má í því sambandi benda á að hér á landi verða börn sjálfstæðir aðilar í heilbrigðiskerfinu við 16 ára aldur og mega því sjálf taka ákvarðanir um lækni meðferðir.

Foreldrar barna með ódæmigerð kyneinkenni og aðrir sem taka ákvarðanir fyrir þessi börn verða að virða rétt þeirra til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Á þetta við um allar ákvarðanir sem varða þessi börn með einum eða öðrum hætti, til dæmis þegar kemur að heilbrigðisþjónustu og skólagöngu.

Það sem er börnum fyrir bestu

Það sem er barni fyrir bestu á ávallt að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn, sbr. meðal annars 3. gr. Barnasáttmálans. Óafturkræf og ónauðsynleg inngrip í líkama ungra intersex-barna geta stefnt líkamlegum og andlegum þroska þeirra í hættu og auk þess haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd og kynvitund þeirra seinna meir. Er því ljóst að slíkar aðgerðir geta ekki talist í samræmi við hagsmuni og réttindi barna. Má í því sambandi benda á að formaður Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna tjáði sig nýlega um að aðgerðir á ungum intersex-börnum gætu stefnt líkamlegum heilindum þeirra í hættu og að erfitt væri að sjá að þær gætu talist í samræmi við það sem er börnum fyrir bestu.

Réttur til upplýsinga og stuðnings við hæfi

Foreldrar bera meginábyrgð á velferð barna sinna. Vegna þess hversu lítil umræða hefur átt sér stað um málefni intersex-fólks má gera ráð fyrir að hluti þeirra foreldra sem eignast barn með ódæmigerð kyneinkenni hafi takmarkaða þekkingu á því hvaða þýðingu það hefur. Til þess að foreldrar geti tekið upplýstar ákvarðanir um málefni

barna sinna er mikilvægt að tryggja að þeir hafi aðgang að upplýsingum um heilsufar þeirra sem og málefni intersex-fólks almennt. Jafnframt er mikilvægt að veita þeim stuðning við hæfi, til dæmis sálfræðiaðstoð og aðstoð annarra fagaðila.

Enn fremur er brýnt að tryggja rétt intersex-barna til þess að fá eins fljótt og hægt er upplýsingar um eigin líkama og fræðslu í samræmi við aldur og þroska. Þá þarf að tryggja að þessi börn hafi ávallt aðgang að viðeigandi stuðningi til þess að takast á við þær líkamlegu, andlegu og félagslegu áskoranir sem fylgja því að vera intersex.

Vitundarvakning um fjölbreytileika fólks þegar kemur að kyni, kyngervi og kynvitund

Öll börn eiga rétt á því að njóta réttinda sinna án mismununar og alast upp í samfélagi þar sem þau fá tækifæri til þess að ná sem bestum mögulegum þroska á eigin forsendum. sbr. meðal annars 2. og 6. gr. Barnasáttmálans. Samhliða því er mikilvægt að koma í veg fyrir ónauðsynlegar aðgerðir á ungum intersex-börnum og brýnt að auka fræðslu um málefni intersex-fólks sem og annarra hópa sem falla ekki að fastmótuðum hugmyndum samfélagsins um kvenkyn eða karlkyn, svo sem transfólks. Þá þarf að stuðla að vitundarvakningu um að kyn og kyngervi séu ekki endilega fastmótuð hugtök, heldur ákveðinn skali mannlegs fjölbreytileika.

Ljóst er að það eru ýmsir þættir sem snerta málefni intersex-fólks sem þarf að huga að, til dæmis varðandi ýmis konar opinberar skráningar og breytingar á þeim. Umboðsmaður barna vonast til þess að málefnaleg umræða geti átt sér stað um þessi mál, þar sem sérstakt tillit verður tekið til réttinda barna sem og sjónarmiða og reynslu intersex-einstaklinga.

1 Áætlað er að frá 1 af hverjum 1500 til 2000 til 4% barna sem fæðast séu með ódæmigerð kyneinkenni.

2 Sjá til dæmis skýrslu sem gefin var út af Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO), en þar kemur fram sameiginleg yfirlýsing stofnunarinnar og nokkurra stofnana Sameinuðu þjóðanna sem vinna með einum eða öðrum hætti að mannréttindum.

BÖRN MEÐ HEGÐUNAR- OG GEÐRASKANIR

Er löglegt að umskera stráka hér á landi? Ef ekki hvert skal tilkynna slík mál?

Á undanförunum árum hefur umboðsmaður barna haft verulegar áhyggjur af stöðu barna með hegðunar- og geðraskanir. Hefur hann margoft bent á nauðsyn þess að fjölga og styrkja úrræði fyrir þessi börn, en í dag þurfa þau almennt að bíða í marga mánuði eða jafnvel ár eftir greiningu eða þjónustu við hæfi. Umboðsmaður

Hver er réttur 14 ára barns að neita þjónustu heilbrigðisstarfsmanna?

barna kom áhyggjum sínum á framfæri við ýmis tækifæri á árinu, meðal annars á fundum með heilbrigðisráðherra og velferðarnefnd Alþingis.

Á árinu stóð ungt fólk fyrir vitundarvakningu um stöðu þessara mála hér á landi. Umboðsmaður barna fagnaði því ákaflega og birti meðal annars eftirfarandi grein, þann 19. október 2015, í Fréttablaðinu.

Eftirlit með dagforeldrum er ekki nægilegt og daggæslufulltrúinn gerir ekkert í málinu. Hvað er hægt að gera?

Ég er líka brjáluð!

Ég vil byrja á því að þakka öllu því flotta unga fólki sem hefur stigið fram á undanförunum dögum til þess að vekja athygli á fordómum og úrræðaleyfi í geðheilbrigðismálum barna hér á landi. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á besta mögulega heilsufari sem hægt er að tryggja. Auk þess er skylt að tryggja börnum þroskavænleg skilyrði, þannig að þau nái sem bestum andlegum, líkamlegum og félagslegum þroska.

Ljóst er að þessi réttindi eru ekki tryggð hér á landi, en í dag þurfa börn með hegðunar- og geðraskanir oftast ekki að bíða í marga mánuði eða jafnvel ár eftir greiningu og þjónustu við hæfi. Þetta er langur tími í lífi barns og ef barn fær ekki þjónustu við hæfi án tafar getur það haft alvarleg og varanleg áhrif á þroska þess og heilsu til framtíðar.

Íslenska ríkið brýtur á mannréttindum barna

Umboðsmaður barna hefur ítrekað bent á að íslenska ríkið sé að brjóta alvarlega á mannréttindum barna að þessu leyti, en því miður hefur það haft takmörkuð áhrif. Ég er því óendanlega þakklát að sjá ungt fólk nýta rétt sinn til þess að tjá sig og vekja athygli á því að staða þessara mála hér á landi sé óásættanleg.

Ungmennaráð UNICEF á Íslandi stendur nú fyrir átakinu Heilabrot, en með því er ætlunin að varpa ljósi á alvarleika málsins og skora á yfirvöld að bregðast við. Þau hafa notað myllumerkið #viðerumbrjáluð sem er að mínu mati vel við hæfi. Ég vil því nota tækifærið til þess að segja að ég er líka brjáluð! Brjáluð yfir því að börnum sé ekki tryggð sú þjónusta sem þau eiga rétt á. Ég skora á heilbrigðisráðherra, Alþingi og aðra opinbera aðila að hlusta á börn og ungmenni og bregðast við þessum vanda sem fyrst.

Ég tek undir með ungmennaráði UNICEF á Íslandi: Börn eiga ekki heima á biðlistum!



BARNAVERND

BANN VIÐ BEITINGU NAUÐUNGAR SAMKVÆMT LÖGUM NR. 88/2011

Hvaða reglur gilda um tilkynningarskyldu skóla ef 17 ára barn segir frá kynferðislegu ofbeldi?

Umboðsmanni barna barst ábending þess efnis að lög nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk hafi verið túlkuð þannig að ákvæði um bann við beitingu nauðungar taki ekki til barna í þeirra daglega lífi, svo sem í skólum. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laganna er öll beiting nauðungar í samskiptum við fatlað fólk bönnuð nema veitt hafi verið undanþága á grundvelli 12. gr. laganna eða um sé að ræða neyðartilvik samkvæmt 13. gr. Á það við í allri þjónustu við fatlað fólk á heimilum þess, sem og í daglegu lífi, sbr. 2. mgr. 10. gr. laganna.

Börn eru fullgildir einstaklingar með sjálfstæð mannréttindi, eins og endurspeglast meðal annars í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013. Er því ljóst að fyrrnefnd ákvæði eiga að ná jafnt til barna sem fullorðinna. Í samræmi við það er gert ráð fyrir að forsjáraðilar barna þurfi að veita upplýst samþykki áður en sótt er um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar, sbr. 3. mgr. 16. gr. laganna.

Hvað er hægt að gera þegar barn getur af einhverjum ástæðum ekki búið hjá foreldrum sínum?

Ef barninu líkar illa við barnaverndarnefnd/sálfræðinginn sem það er hjá, ætti það ekki að fá val um að skipta?

Af þessu tilefni sendi umboðsmaður barna bréf til félags- og húsnæðismálaráðherra, dags. 19. maí 2015. Hann óskaði svara við því hvort ráðuneytið teldi að þjónusta við fötluð börn í þeirra daglega lífi falli undir ákvæði V. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, og ef svo væri ekki, á hvaða grundvelli væri sú takmörkun byggð. Þá óskaði umboðsmaður barna upplýsinga um það hvort nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar hefði vísað frá málum er vörðuðu nauðung í daglegu lífi barna, og ef svo er, á hvaða grundvelli.

Í bréfi velferðarráðuneytisins, dags. 30. júní 2015, var vísað til V. kafla laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, þar sem fjallað var um ráðstafanir til þess að draga úr beitingu nauðungar gagnvart fötluðu fólki en við lögin bættist kafli með lögum nr. 59/2012. Þar er kveðið á um bann við beitingu nauðungar, hvað teljist vera nauðung, í hvaða tilvikum heimilt er að beita henni og hvaða skilyrði slíkt þarf að uppfylla, s.s. að sækja þarf

Á barn rétt á því að hafa foreldri sitt með í viðtali við barnavernd ef það er vilji barnsins?

Hvaða lög gilda varðandi tilkynningar-skyldu?

Óskað er eftir ráðleggingum og leiðbeiningum vegna umgengni við barnabarn sem er í fóstri.

Þarf barnavernd alltaf að koma að öllum nauðungarmálum vegna barna?

Hvert gætir hagsmuna barna gagnvart barnavernd?

um sérstaka undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.

Í bréfi ráðuneytisins er tekið fram að af lögunum er ljóst að þeim er ætlað að ná til barna jafnt sem fullorðinna. Þar sem í 3. mgr. 16. gr. laganna er fjallað um beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar. Þar kemur fram að þegar þjónustuaðili leggi fram beiðni sem varði barn skuli auk annarra gagna fylgja upplýst samþykki forsjáraðila fyrir beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar. Af ákvæðinu er því ljóst að það er aðeins

þjónustuveitandi sem þarf að leggja fram beiðni ef um barn er að ræða. Í greininni er ekki gert ráð fyrir að forsjáraðilar þurfi að leggja fram slíka beiðni. Hins vegar er gerð krafa um að þeir samþykki beiðni sem þjónustuveitandi leggur fram. Af þessu má gagnálykta að ef nauðung er beitt á heimili af forsjáraðila þurfi ekki að sækja um undanþágu. Enda verður talið að í forsjá og umönnunarskyldum forsjáraðila felist heimildir og skyldur til þess að grípa til flestra þeirra ráðstafana sem teljist nauðung til þess að tryggja öryggi barna. Öðru máli gildir hins vegar um aðila sem veita börnum þjónustu samkvæmt lögum. Þeir aðilar fara ekki

með forsjá barna og hafa ekki sömu heimildir og forsjáraðilar gagnvart börnunum. Þegar börn búa hins vegar hjá forsjáraðilum en sækja þjónustu skóla og annarra stofnana, þar sem þau dvelja aðeins til skamms tíma, verður að telja að þjónustuveitendur sækji þá heimildir sínar til forsjáraðila, svo lengi sem aðgerðir eru í samræði við og með samþykki þeirra. Ef hins vegar barn er af einhverjum ástæðum ekki vistað hjá forsjáraðila eða hann hefur verið sviptur forsjá og barn hefur verið vistað á þjónustustofnun, þá verður að telja að lögin eigi við þar sem nauðung er beitt á heimili barns, án þess að það sé af hálfu forsjáraðila og ekki endilega í samræði við eða með samþykki hans. Verður því að telja að lögin gildi í þeim tilvikum.

Þá er í bréfi ráðuneytisins vísað í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 59/2012. Þar segir m.a. að í 3. mgr. er kveðið á um að sé um barn að ræða skuli liggja fyrir upplýst samþykki forsjáraðila. Á þetta reynir þó ekki ef börn búa

hjá forsjáraðila. Rannsóknir benda til að 99% barna búi heima hjá sér. Af þeirri ástæðu er ólíklegt að til þess komi að undanþágunefnd þurfi að taka afstöðu til beiðna þjónustuaðila vegna einstaklinga 17 ára eða yngri. Eigi að síður þótti rétt að taka fram að í slíkum tilfellum skal liggja fyrir upplýst samþykki forsjáraðila fyrir beiðni um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.

Á að láta foreldra víta ef 17 ára barni þeirra er nauðgað?

Að lokum segir í bréfi ráðuneytisins að vegna ummæla í greinargerð er ljóst að frumvarpinu hafi ekki verið ætlað að taka til forsjáraðila eða þeirra sem annast börn tímabundið í umboði forsjáraðila, s.s. leikskóla, skammtíamavistana o.fl. Er það því afstaða ráðuneytisins að ef barn er vistað/búi fatlað á þjónustustofnun og beita þurfi það ráðstöfunum sem geti talist nauðung vegna fötlunar þess, umfram það sem eðlilegt telst miðað við aldur þess og þroska, þá

Hver eru næstu skref þegar barn hefur sagt frá kynferðislegu ofbeldi í bota og réttlæti?

Er eðlilegt að barnaverndarnefnd komi svona illa fram við þunglynd og „geðveik“ börn?

beri að fylgja því verklagi sem lögin segja til um og sækja um undanþágu í samræmi við þau.

Að lokum er tekið fram að sá hluti erindisins er snýr að nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar hafi verið áframsendur til nefndarinnar. Umboðsmaður barna biður svara frá nefndinni.

Umboðsmaður barna undraðist þau svör sem bárust frá ráðuneytinu og sendi því eftirfarandi bréf, dags. 16. nóvember 2015, til félags- og húsnæðismálaráðherra:

Hver ber ábyrgð á bótum sem barn fær?



Félags- og húsnæðismálaráðherra
Eygló Harðardóttir
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík 16. nóvember 2015
UB:1511/8.2.2

Umboðsmaður barna sendi ráðherra bréf, dags. 19. maí sl., þar sem óskað var eftir álit á því hvort þjónusta við fötluð börn í þeirra daglega lífi falli undir ákvæði V. kafla laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Svar barst frá velferðarráðuneytinu 30. júní og þakkar umboðsmaður fyrir það. Enn hefur ekki borist svar frá nefnd um undanþágu frá banni við beitingu nauðungar.

Í svari ráðuneytisins kemur fram að umræddum lögum „hafi ekki verið ætlað að taka til forsjáraðila eða þeirra sem annast börn tímabundið í umboði forsjáraðila, s.s. leikskóla, skammtímavistun o.fl.“ Af þessu má ráða að ráðuneytið telji beitingu nauðungar í leikskólum, skammtímavistunum og jafnvel grunnskólum ekki falla undir ákvæði laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Umboðsmaður barna á erfitt með að sjá að þessi túlkun sé í samræmi við orðalag laganna og sjálfstæð réttindi barna, sbr. meðal annars Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013.

Eitt af meginmarkmiðum Barnasáttmálans er að tryggja börnum sjálfstæð mannréttindi, óháð réttindum eða stöðu foreldra sinna. Þó er viðurkennt að foreldrar beri ábyrgð á börnum sínum og að forsjá foreldra feli bæði rétt og skyldu til þess að ráða persónulegum högum barna. Forsjá foreldra á meðal annars að felast í því að veita börnum tilhlýðilega handleiðslu og leiðsögn við beitingu réttinda þeirra, sbr. 5. gr. Barnasáttmálans. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur lagt áherslu á að með orðinu *tilhlýðilega* sé skírskotað til þess að ákvarðanir foreldra þurfi ávallt að vera í samræmi við réttindi barna. Forsjá foreldra getur því ekki falið í sér heimild til þess að leyfa öðrum að takmarka réttindi barna.

Börn eiga sjálfstæðan rétt til friðhelgi einkalífs og nýtur sá réttur meðal annars verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 16. gr. Barnasáttmálans. Í því felst meðal annars rétturinn til þess að ráða yfir eigin líkama og njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Nauðung á börnum telst takmörkun á friðhelgi einkalífs þeirra og er því ljóst að hún þarf annaðhvort að styðjast við fullnægjandi lagaheimild, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar eða byggjast á neyðarréttarsjónarmiðum. Forsjá foreldra getur í ákveðnum tilvikum takmarkað friðhelgi einkalífs barna, þar sem foreldrar þurfa að taka ákveðnar ákvarðanir fyrir hönd barna sinna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Forsjáráðilar hafa enn fremur skyldu að gegna til þess að vernda börnin sín og hafa því heimildir til þess að grípa inn í hegðun barna sinna ef þeir telja það nauðsynlegt til þess að vernda þau. Eins og bent er á í svari ráðuneytisins hafa utanaðkomandi aðilar sem ekki fara með forsjá barna ekki sömu heimildir gagnvart börnum. Umboðsmaður barna telur það eiga við óháð því hvort um sé að ræða þjónustuaðila á heimilum þar sem börn búa eða aðila sem sinna börnum í þeirra daglega lífi, svo sem starfsfólk leikskóla, grunnskóla eða skammtímavistana.

Foreldrar geta sem fyrr segir ekki veitt öðrum leyfi til þess að takmarka réttindi barna sinna eða gefið öðrum þær heimildir sem felast í forsjáskyldum þeirra. Eru því engin rök fyrir því að fagaðilar sem annast börn tímabundið í þeirra daglega lífi þurfi ekki að sækja um sérstaka undanþágu frá banni við beitingu nauðungar á grundvelli laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður barna hvetur ráðuneytið til þess að endurskoða afstöðu sína að þessu leyti. Umboðsmaður myndi jafnframt gjarnan vilja funda með ráðuneytinu til þess að fara betur yfir ofangreind sjónarmið.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

ÚRRÆÐI FYRIR BÖRN SEM BRJÓTA AF SÉR

Umboðsmaður barna hefur lengi haft áhyggjur af stöðu þeirra barna sem eru svipt frelsi sínu og úrskurðuð í gæsluvarðhald eða dæmd í óskilorðsbundið fangelsi. Samkvæmt lögum um fullnustu refsinga ber almennt að vista börn á heimilum á vegum barnaverndaryfirvalda, en ekki í fangelsum. Þó hefur verið bent á að núver-

Hvernig innheimtir maður kröfu gegn barni?

Mega börn vinna á vinveitinga-stöðum?

andi úrræði barnaverndar henti ekki vel í þessum tilgangi. Umboðsmaður barna sendi félagsmálaráðherra bréf, dags.

Hvað er hægt að gera þegar foreldri hefur sett staðsetningarbúnað í síma hjá barni?

4. febrúar 2015, þar sem m.a. var spurt hvaða vinna sé hafin við að móta framtíðarlausn fyrir börn sem eru úrskurðuð í gæsluvarðhald eða dæmd í óskilorðsbundið fangelsi.

Bréfið er svohljóðandi:

Félags- og húsnæðismálaráðherra
Eygló Harðardóttir
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. febrúar 2015
UB:1502/8.1.0

Efni: Úrræði fyrir unga fanga

Eins og ráðherra er eflaust kunnugt um hefur umboðsmaður barna á undanförunum árum haft verulegar áhyggjur af börnum sem stefna eigin velferð í hættu, til dæmis vegna afbrota, hegðunarvanda eða vímuefnaneyslu. Um þetta er meðal annars fjallað í meðfylgjandi bréfum. Umboðsmaður telur jákvætt að brugðist hafi verið við lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, með því að leitast við að tryggja að börn afpláni ekki fangelsisrefsingar með fullorðnum föngum, sbr. c-lið 37. gr. sáttmálans.

Því hefur verið lýst yfir að samningur við meðferðarheimilið Háholt um vistun ungra fanga sé bráðabirgðalausn og verið sé að vinna að framtíðarlausn í þessum málum. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994 er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Umboðsmaður barna óskar því hér með eftir svörum við eftirfarandi spurningum.

1. Hvaða vinna er hafin við að móta framtíðarlausn fyrir börn sem eru úrskurðuð í gæsluvarðhald eða dæmd í óskilorðsbundið fangelsi?
2. Er samhliða þeirri vinnu stefnt að því að byggja upp úrræði fyrir börn sem glíma við alvarlegan hegðunar- og vímuefnavanda?
3. Hvenær er stefnt að því að sú framtíðarlausn sem unnið er að komi til framkvæmda?

Loks óskar umboðsmaður barna eftir öðrum upplýsingum sem máli kunna að skipta í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Með bréfi umboðsmanns fylgdu afrit af óbirtu bréfi hans til félagsmálaráðherra og innanríkisráðherra um úrræði fyrir börn með afbrotavanda, dags. 15. maí 2014. Afrit af bréfi umboðsmanns barna til velferðarráðuneytisins um úrræði fyrir börn með alvarlegan vímuefna- og afbrotavanda, dags. 6. september 2013 og afrit af bréfi hans til velferðarráðuneytisins um meðferðarúrræði fyrir börn og stöðu barnaverndarmála á Íslandi dags. 3.

júlí 2013. Umboðsmaður ítrekaði í bréfi til fyrrverandi velferðarráðherra um tillögur Barnaverndarstofu um aðgerðir til að styrkja meðferð barna og ungingla dags. 20. september 2012.

Umboðsmaður barna ítrekaði tillögur sínar í bréfi með tölvupósti, dags. 11. desember 2015. Svar barst frá velferðarráðuneytinu 17. desember. Í svarinu kemur

meðal annars fram að meðferðarheimilið Háholt taki við börnum sem eru úrskurðuð í gæsluvarðhald eða dæmd í óskilorðsbundið fangelsi. Þá er tekið fram að ráðuneytið hafi ákveðið að stofna nýtt meðferðarheimili fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu og falið Barnaverndarstofu að annast frumathugun framkvæmdarinnar. Slíkt meðferðarheimili gæti nýst fyrir börn sem afplána fangelsisdóma og börn með annan alvarlegan hegðunar- eða vímuefnavanda. Unnið er að þarfagreiningu fyrir húsnæðið. Umboðsmaður barna fagnar því að stefnt sé að uppbyggingu nýs meðferðarheimilis og mun fylgjast með framvindu málsins.

SÁTTAMIÐLUN

Verða 16 ára börn að bera vitni í dómsal?

Mikilvægt er að viðbrögð við afbrotum barna séu uppbyggileg og miði að því að hafa jákvæð áhrif á hegðun þeirra til lengri tíma. Sáttamiðlun er úrræði sem er almennt talið henta vel í þessum tilgangi. Umboðsmaður barna ákvað því á árinu að kanna hvort og þá hversu oft sáttamiðlun er nýtt þegar börn brjóta af sér. Sendi hann því bréf til innanríkisráðherra, dags. 11. febrúar 2015. Í bréfinu var jafnframt vísað í fyrrnefnt bréf til félagsmálaráðherra um úrræði fyrir börn sem eru svipt frelsi sínu og ráðherrar hvattir til þess að vinna saman að því að finna viðeigandi lausn fyrir börn hér á landi.

Má taka skýrslu af 16 ára barni án þess að ræða við foreldra?

Bréfið er svohljóðandi:

Innanríkisráðherra
Ólöf Nordal
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2015
UB:1502/8.5.1

Efni: Viðbrögð við afbrotum barna

Á undanförunum árum hefur umboðsmaður barna haft verulegar áhyggjur af börnum sem stefna eigin velferð í hættu, til dæmis vegna afbrota, hegðunarvanda eða vímuefnaneyslu. Umboðsmaður telur jákvætt að brugðist hafi verið við lögfestingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, með því að leitast við að tryggja að börn afpláni ekki fangelsisrefsingar með fullorðnum föngum, sbr. c-lið 37. gr. sáttmálans. Félagsmálaráðherra hefur lýst því yfir að samningur við meðferðarheimilið Háholt um vistun ungra fanga sé bráðabirgðalausn og að verið sé að vinna að framtíðarlausn í þessum málum. Umboðsmaður sendi félagsmálaráðherra nýlega bréf þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvaða vinna sé hafin við að móta framtíðarlausn þegar kemur að afplánun barna. Umboðsmaður hvetur innanríkisráðherra til þess að vinna með félagsmálaráðherra að því að finna viðeigandi lausn fyrir börn sem svipta þarf frelsi sínu og tryggja að til staðar sé úrræði þar sem aðstæður og verklag taka mið af þörfum barna og til staðar sé fagfólk með sérþekkingu á málefnum þeirra.

Viðbrögð við afbrotum barna eiga fyrst og fremst að vera til þess fallin að hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif og koma í veg fyrir áframhaldandi brotahegðun, sbr. meðal annars 40. gr. Barnasáttmálans. Þá má benda á að samkvæmt 3. gr. Barnasáttmálans eiga hagsmunir barnsins ávallt að ráða för þegar tekin er ákvörðun um það hvaða úrræði hentar best til þess að bregðast við afbroti þess. Harkaleg viðbrögð við afbrotum barna hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra og auka líkurnar á áframhaldandi brotum. Það er því mun betur í samræmi við hagsmuni barna sem og samfélagsins í heild að leysa úr málum sem varða afbrot barna án þess að fara fyrir dóm, sbr. meðal annars 3. mgr. 40. gr. Barnasáttmálans.

Árið 2006 hófst hér á landi tilraunaverkefni í sáttamiðlun sem byggir á hugmyndafræði uppbyggilegrar réttvísí. Hún felur í sér að leitast er við að ná sáttum milli þess sem brýtur af sér og brotaþola. Í stöðuskýrslu um verkefnið til dómsmálaráðherra í lok árs 2007 kom fram að árangurinn hafi verið góður og lögregluembætti hvött til þess að innleiða sáttamiðlun. Hún hentar sérstaklega vel fyrir börn og ungmenni, þar sem þau þurfa að horfast í augu við afleiðingar háttsemi sinnar og bæta fyrir brot sitt. Slíkt er almennt talið mun betur til þess fallið að hafa uppbyggileg og þroskandi áhrif en hefðbundnar refsingar. Er því ljóst að sáttamiðlun er það úrræði sem er best í samræmi við hagsmuni og réttindi barna og hefur Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna sérstaklega hvatt aðildarríki til þess að beita úrræðum sem byggja á uppbyggilegri réttvísí.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að tryggja að sáttamiðlun sé í boði fyrir börn sem hafa brotið af sér. Því miður virðist verulega hafa dregið úr því að boðið sé upp á slíkt úrræði á undanförunum árum. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994 er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Umboðsmaður barna óskar því hér með eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hefur verið boðið upp á sáttamiðlun fyrir sakhæf börn hér á landi á síðustu fimm árum (2010-2015)?
2. Hversu oft hefur úrræðinu verið beitt á þessu tímabili?
3. Í hvaða umdæmum hefur verið boðið upp á úrræðið?
4. Hvernig metur innanríkisráðherra möguleikana á því að tryggt verði að sáttamiðlun verði í boði fyrir börn út um allt land?

Loks óskar umboðsmaður barna eftir öðrum upplýsingum sem máli kunna að skipta í þessu sambandi.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Í bréfi innanríkisráðuneytisins, dags. 26. ágúst 2015, er beðist velvirðingar á þeim tölum sem urðu en með bréfi, dags. 10. júlí 2015, fór ráðuneytið þess á leit við embætti ríkislögreglustjóra að embættið útvegaði umbeðnar upplýsingar. Þær bárust ráðuneytinu þann 13. ágúst 2015.

Sonur fékk kröfu vegna hraðaaksturs en foreldrar ekki látnir vita.

Í samantekt ríkislögreglustjóra var að finna tölulegar upplýsingar varðandi sáttamiðlun, til ársins 2014. Á tímabilinu 2007 til 2014 voru 399 brot sem fóru í ferilinn „sáttameðferð“. Svo virðist sem öll umdæmi bjóði upp á úrræðið, en fjöldi þeirra er þó mjög mismunandi. Í svari ráðherra innanríkisráðuneytisins var ekki að finna mat hans á möguleika á því að tryggt verði að sáttamiðlun verði í boði fyrir börn út um allt land. Stefna umboðsmanns barna er að fara betur yfir stöðuna á næsta ári.



SKORTUR Á ÚRRÆÐUM FYRIR BÖRN MEÐ TVÍ- EÐA FJÖLÞÆTTAN VANDA

Reglulega berast umboðsmanni barna ábendingar vegna barna með tví- eða fjölþættan vanda, sem fá hvorki þjónustu við hæfi innan barnaverndar- né heilbrigðiskerfisins. Árið 2014 fékk umboðsmaður ábendingu um eitt slíkt mál sem var svo alvarlegt að hann taldi sig knúinn til þess að skoða það nánar. Hann fundaði því meðal annars með Barnaverndarstofu og óskaði í kjölfarið eftir öllum gögnum málsins. Eftir að hafa farið í gegnum gögn þess ákvað hann að senda bréf til velferðarráðuneytisins, dags. 30. janúar 2015. Þar sem vakin var athygli á alvarleika málsins og óskað eftir svörum við því hvernig ráðuneytið hygðist bregðast við því úrræðaleysi sem ríkti hér á landi fyrir börn sem glíma við tví- eða fjölþættan vanda. Með bréfinu fylgdi afrit af bréfi um málefni fyrrnefnds barns.

Má ráðgjafi frá félagsþjónustunni ræða við nemendur sem leita til hans, án vitundar foreldra?

Hvar á að tilkynna barnaverndarmál?

15 ára barn sem fór til sálfræðings með samþykki foreldra. Nú vilja foreldrar ekki að barnið fari til sálfræðings án samþykkis. Má það?

Barnið í umræddu máli átti við vímu-efnavanda að stríða en virtist auk þess vera með geðrænan vanda. Í gögnum málsins kom m.a. fram að foreldrar barnsins treystu sér ekki til þess að hafa það á heimilinu,

Má barnavernd tala við sex og átta ára börn mín, má hún það?

þar sem það ætti við alvarlegan vanda að stríða. Barnið hafði beitt fjölskylduna ofbeldi og þyrfti því nauðsynlega að finna fyrir það úrræði við hæfi.

Neyðarvistun Stuðla neitaði að taka við barninu, þar sem starfsfólk taldi það þurfa vera undir höndum lækna. Þá hafnaði Barna- og unglingageðdeild Landspítalans barninu sem og bráðamóttaka geðdeildar. Önnur úrræði komu ekki heldur til greina vegna vímuefnaneyslu barnsins. Í gögnunum kemur orðrétt fram að það „eina í stöðunni væri [að barnið] færi heim til foreldra, ef að þeir vildu ekki taka við [barninu], væri lítið sem væri hægt að bjóða“. Umboðsmaður barna telur að brotið hafi verið gegn réttindum barns í umræddu máli.

Umboðsmaður barna ítrekaði við ráðuneytið að umrætt atvik varpaði ljósi á það úrræðaleyfi sem ríkti hér á landi fyrir börn með tví- eða fjölþættan vanda sem þurfa þjónustu frá bæði barnaverndar- og heilbrigðiskerfinu. Umboðsmaður barna benti á að það sé óásættanlegt að ekki sé til staðar viðeigandi úrræði fyrir þessi börn, þar sem boðið er upp á meðferð og heilbrigðisþjónustu við hæfi. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 og 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944, eiga öll börn rétt á þeirri þjónustu og aðstoð sem velferð þeirra krefst, án tillits til stöðu þeirra. Aðstæður í ríkisfjármálum geta ekki réttlætt brot á grundvallarmannréttindum barna. Velferðarráðuneytinu



er skylt að setja hagsmuni barna í forgang, sbr. meðal annars 3. gr. Barnasáttmálans, og tryggja öllum börnum þá þjónustu sem þau eiga rétt á.

Umboðsmaður barna ítrekaði erindi sitt með tölvupósti til velferðarráðuneytisins, dags. 11. desember 2015 og svaraði ráðuneytið með bréfi, dags. 17. desember 2015. Í bréfinu var tekið fram að stefnt væri að stofnun nýs meðferðarheimilis fyrir börn á höfuðborgarsvæðinu. Eins og áður hefur komið fram gæti slíkt heimili einnig hentað fyrir börn sem hafa brotið af sér og eru dæmd í óskilorðsbundið fangelsi.

Af hverju er útivistartími miðaður við 1. maí þegar skólinn er ekki búinn fyrir en í júní?

Ráðuneytið hefur falið Barnaverndarstofu að annast frumathugun framkvæmdarinnar, sbr. lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda og að leita eftir samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins um gerð hennar. Á samráðsfundi ráðuneytisins og Barnaverndarstofu þann 25. september 2015 kom fram að Barnaverndarstofa hefur fundað með Framkvæmdasýslu ríkisins og óskað eftir samstarfi vegna verkefnisins. Framkvæmdasýslan vinnur nú að þarfagreiningu fyrir húsnæði meðferðarheimilisins, en til greina kemur að endurbæta og eftir atvikum bæta við eldra húsnæði í eigu ríkisins eða að byggja nýtt húsnæði.

Samkvæmt ákvörðun ráðherra verður hið nýja meðferðarheimili staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en þar búa flest þeirra ungmenna sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Þannig er gert ráð fyrir að meðferðin fari fram í nærumhverfi barnanna og í nálægð við sérfræðiþjónustu, en á það er lögð áhersla í stefnumótun ráðuneytisins.

Í bréfi velferðarráðuneytisins var einnig bent á að unnið hafi verið að mótun fjölskyldustefnu félags- og húsnæðismálaráðherra til ársins 2020, sem verður lögð fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu á vörpingi 2016. Þar er lagt til að unnið verði að því að tryggja samhæfða þjónustu við börn á unglingsaldri með fjölþættan vanda. Með því að skilgreina þörf fyrir frekari uppbyggingu meðferðarheimila og efla hugmyndafræði sem byggist á þátttöku fjölskyldunnar, svo sem MST-fjölpæpremeðferð. Þá var einnig tekið fram að nefnd um nýja framkvæmdaáætlun í barnavernd hafi verið skipuð í júlí 2015. Hún hafi á fundum sínum fjallað um málefni barna með fjölþættan vanda og verður áfram unnið með þessi mál. Með það að markmiði að efla samstarf heilbrigðiskerfisins, barnaverndar- og félagsþjónustu sveitarfélaganna og Barnaverndarstofu. Umboðsmaður barna mun halda áfram að fylgjast með þróun þessara mála á næsta ári.

SKÓLAMÁL

AÐBÚNAÐUR OG ÖRYGGI Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

Óskað er eftir því að embætti umboðsmanns barna taki til athugunar reglur um myndatökur af börnum í skólum.

Hver hefur heimild til að sækja barn í leikskóla?

Umboðsmaður barna hefur á undanförnum árum haft áhyggjur af aðbúnaði og öryggi í leik- og grunnskólum. Hann hefur því talið mikilvægt að upplýsa foreldra um þau atriði sem

mikilvægt er að hafa í huga og hvert er hægt að leita ef öryggi barna er ekki nægilega tryggt. Af því tilefni sendi hann bréf til foreldrafélaga í grunnskólum og foreldraráða í leikskólum. Skólastjórar fengu einnig bréf til að upplýsa þá betur um málið ásamt afriti af því bréfi sem sent var til foreldraráða og -félaga. Bréfin voru svohljóðandi:

Á barnið mitt ekki rétt á tölvu til að læra í skólanum en hann er lesblindur og skólinn mælir með því að hann sé með tölvu.

Má kennari eða annað starfsfólk grunnskóla vera eitt með barni?

Sent til foreldrafélaga og foreldraráða í leik- og grunnskólum.

Reykjavík 26. janúar 2015
UB: 1501/6.2.6

Efni: Aðbúnaður og öryggi í leik- og grunnskólum

Embætti umboðsmanns barna berast reglulega ábendingar og fyrirspurnir frá börnum, foreldrum og fagfólki vegna öryggis og aðbúnaðar í skólum landsins. Foreldrar bera mikla ábyrgð þegar kemur að velferð og heilbrigði barna sinna. Til að foreldrar geti sinnt hlutverki sínu enn betur ákvað umboðsmaður barna haustið 2012 að senda bréf til foreldrafélaga í leik- og grunnskólum út um allt land, þar sem bent er á helstu lög og reglugerðir sem gilda um þessa málaflokka. Tilgangur bréfsins var að stuðla að því að foreldrar verði betur meðvitaðir um aðbúnað og öryggi í leik- og grunnskólum og hvert er hægt að leita til að fá úrbætur og upplýsingar um ástandi þessara mála. Umboðsmaður telur að nú sé tímabært að senda sambærilegar upplýsingar aftur til að nýir fulltrúar í foreldraráðum og -félögum séu sem best upplýstir um farveg mála.

Auðvitað er eðlilegast að byrja á að bera upp erindi eða lýsa áhyggjum af aðbúnaði barnanna við skólastjórnendur eða á vettvangi skólaráðs. Skólastjóri ber ábyrgð á því að skólinn hagi störfum sínum í sem fyllsta samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðli að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Skólastjóri ber einnig ábyrgð á góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda, sbr. markmiðsgreinar *laga um leikskóla* og *laga um grunnskóla*. Umboðsmaður barna telur þó mikilvægt að foreldrar þekki þær leiðir sem eru opnar fyrir þá innan stjórnsýslunnar.

Fyrst ber að nefna að nýlega komu út öryggishandbækur fyrir leik- og grunnskóla. Handbækurnar eru fyrst og fremst ætlaðar sem uppfléttirit til að auðvelda notendum að fylgja eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um leikskólann, grunnskólann og umhverfi. Þessar handbækur geta því verið gagnlegar fyrir foreldra sem vilja fá á einum stað yfirlit yfir það helsta sem huga þarf að í skólastarfi.

Helstu ábendingar um málaflokka sem embættinu berast eru eftirfarandi:

Öryggi á leiksvæðum og viðbrögð við slysum

Umboðsmaður barna hefur áhyggjur af ástandi öryggismála á leiksvæðum barna, t.d. á leikskóla- og grunnskóla-lóðum og telur mikilvægt að auka meðvitund þeirra sem málið varðar til þess að koma í veg fyrir slys á börnum. Ljóst er að sveitarfélög fara ekki öll eftir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim þegar kemur að eftirliti með öryggi leiksvæða. Samkvæmt 12. gr. reglugerðarinnar og viðauka III við hana eiga rekstraraðilar, sem oftast eru sveitarfélög, að fá fagaðila til að framkvæma aðalskoðun árlega, auk þess sem framkvæma á rekstrarskoðun á eins til þriggja mánaða fresti. Þessu er í sumum tilfellum ekki sinnt, þrátt fyrir ábendingar heilbrigðiseftirlitsins, og virðist sem viðurlögum sé almennt ekki beitt þrátt fyrir brot á þessum ákvæðum. Umboðsmaður barna hvetur því foreldrafélög að óska eftir gögnum eða upplýsingum um aðalskoðun leiksvæða eða aðra skoðun þeirra, sem og að spyrja hvort ábendingum heilbrigðiseftirlits, sem hægt er að finna í eftirlitsskýrslum, hafi verið fylgt eftir. Gott getur verið að birta upplýsingar um eftirlit með leiksvæðum á heima-

síðum skólanna eða hengja upp á vegg í skólum þannig að þær séu aðgengilegar þeim sem hafa áhuga á að kynna sér ástand öryggismála. Þá bendir umboðsmaður á að til er reglugerð um öryggi leikfanga sem ágætt er að þekkja til ef upp koma áhyggjur vegna þessa.

Nemandi er á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma hans stendur, þegar hann tekur þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum hans. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að fagfólk sem vinnur með börnum sé frætt um helstu slyshættur fyrir börn í því umhverfi sem það vinnur í. Þegar slys á sér stað er mikilvægt að ákveðið ferli fari í gang til þess að hægt sé að koma í veg fyrir frekari slys og gera breytingar á aðbúnaði og verklagi. Einnig vill umboðsmaður barna leggja ríka áherslu á að starfsfólk sem vinnur með börnum fari á sérhæft námskeið í skyndihjálpi, a.m.k. annað hvert ár í samræmi við öryggishandbækur leik- og grunnskóla. Foreldrar geta óskað eftir upplýsingum um það hvort og hversu reglulega starfsfólk sækir skyndihjálparnámskeið.

Ef slys eiga sér stað í skólum og foreldrar eru óvissir um rétt viðbrögð er gott að fletta upp í Öryggishandbókum leik- og grunnskóla, en þar er í kafla átta farið yfir skráningu slysa, hvenær gera á lögregluskýrslu í kjölfar þeirra o.fl.

Um öryggi á leiksvæðum og slysavarnir er m.a. fjallað í eftirfarandi lögum og reglugerðum:

Reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942/2002

Reglugerð um öryggi leikfanga og hættulega eftirlíkingar nr. 408/1994

Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 (sjá t.d. 35. – 39. gr.)

Byggingarreglugerð nr. 112/2012

Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010

Öryggishandbók leikskóla

Öryggishandbók grunnskóla

Eftirlit með leiksvæðum barna í leik- og grunnskólum er á vettvangi heilbrigðiseftirlita sem starfa undir Umhverfisstofnun. Á landinu eru 10 *umdæmi heilbrigðiseftirlita*. Öryggissvið *Neytendastofu* fer með eftirlit með leikföngum og því að leikvallatæki á markaði uppfylli settar reglur um öryggi. Umboðsmaður barna vill því benda foreldrafélögum á að leita til þessara aðila ef þau telja ástæðu til að óska eftir skýrslum eða leiðbeiningum.

Hjá *embætti landlæknis* og *Miðstöð slysavarna barna* er hægt að fá faglegar upplýsingar og ráðgjöf um slysavarnir barna eða benda á slyshættur í umhverfi þeirra.

Brunavarnir

Fyrstu viðbrögð starfsfólks og réttur brunavarnabúnaður getur skipt sköpum ef til bruna kemur. Góð umgengni er besta forvörnin gegn eldsvoðum. Foreldrar geta kannað hvort handslökkvitæki séu til og rétt staðsett í skólum og hafi verið skoðuð. Hvort brunaviðvörðunarkerfi sé til staðar og tengt vaktstöð, hvort rýming hafi verið æfð og flóttaleiðir merktar. Foreldrafélög geta óskað eftir upplýsingum sveitarfélagsins varðandi það hvort árlegt eldvarnareftirlit hafi farið fram og hvort úrbætur hafi verið gerðar í samræmi við ábendingar þess.

Um brunavarnir í skólum er m.a. fjallað í eftirfarandi reglugerðum:

Lög um brunavarnir nr. 75/2000 (sjá 12. gr.)

Reglugerð um slökkvitæki 1068/2011 (sjá t.d. 8. gr.)

Reglugerð um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í atvinnuhúsnæði nr. 200/1994 (sjá 3.3. gr.)

Reglugerð um eldvarnaeftirlit sveitarfélaga með atvinnuhúsnæði sem tekið hefur verið í notkun nr. 198/1994 (sjá 6.4. gr.)

Byggingarreglugerð nr. 112/2012 (sjá kafla 9.4 og 9.5)

Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga hefur m.a. það hlutverk að leiðbeina fyrirtækjum og stofnunum eftir atvikum um hvaðeina er varðar brunavarnir og eldsvoða. Mannvirkjastofnun skal tryggja samræmingu á byggingar- og eldvarnaeftirliti og starfsemi slökkviliða í samráði við viðkomandi stjórnvöld og hafa yfirumsjón með rafmagnsöryggismálum.

Einelti og annað ofbeldi

Þó að þorra barna líði vel í skólanum er því miður alltaf einhver hópur sem þarf að þola ofbeldi af hendi einhvers nákomins, skólafélaga eða jafnvel starfsfólks skóla. Foreldrar geta óskað eftir upplýsingum um hvernig starfsfólk er þjálfað í að þekkja einkenni eineltis og nota eineltisáætlun viðkomandi skóla. Þá getur foreldrafélag óskað eftir kynningu á eineltisáætlun eða beðið um að foreldrar séu reglulega upplýstir um hvar hana er að finna. Þá væri hægt að óska eftir upplýsingum um þjálfun starfsfólks til að þekkja einkenni annars konar ofbeldis, s.s. kynferðislegs ofbeldis og/eða heimilisofbeldis.

Í eftirfarandi lögum og reglugerðum er fjallað um aðgerðir til að fyrirbyggja og bregðast við ofbeldi og félagslegri einangrun:

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 (sjá t.d. 30. gr.)

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011 (sjá t.d. 7. gr.)

Reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalögd nr. 658/2009.

Reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólalögd nr. 893/2009.

Sveitarfélög bera ábyrgð á heildarskipan skólalögd í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins og því hafa skólameyndir (skv. 6. gr. laga um grunnskóla og 4. gr. laga um leikskóla) í sveitarfélögum mikið að segja þegar kemur að stefnumótun. Sveitarfélög setja almenna stefnu um skólalögd í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Mennta- og menningarmálaráðuneytið fer með yfirstjórn leik- og grunnskóla og hefur eftirlit með gæðum skólustarfs. Þó að sjálfstæði sveitarfélaga í málefnum leik- og grunnskóla sé mikið er hægt að leita til ráðuneytisins til að fá álit og leiðbeiningar. Þá má benda á stutta umfjöllun um framkomu starfsfólks sem vinnur með börnum hér á vef umboðsmanns barna.

Hávaði í skólum

Hávaði í umhverfi barna er dulið en alvarlegt vandamál. Börn eru mun viðkvæmari fyrir hávaða en fullorðnir og minna þarf til að heyrn þeirra skaðist. Þau hafa styttri hlust þannig að hljóð dempast ekki eins mikið á leið inn til hljóðhimnunnar og hjá fullorðnum. Hávaði hefur m.a. áhrif á heilsu þeirra, líðan, einbeitingu, tal- og lesskilning, auk þess sem hann getur valdið streitu, höfuðverk og heyrnarskaða. Ýmsir þættir hafa áhrif á hávaða í skólum, t.d. gerð húsnæðis og aðgerðir sem ráðist hefur verið í til úrbóta hljóðvist, fjöldi barna í hóp/bekk, samsetning hópa, agastjórnun, nágrenni skóla og umferð svo eitthvað sé nefnt.

Um hljóðvist í skólum er m.a. fjallað í eftirfarandi lögum og reglugerðum:

Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 (sjá 7. gr., 8. gr. og sérstaklega 11. gr.)

Lög um grunnskóla nr. 91/2008 (sjá 20. gr.)

Reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalöða nr. 657/2009 (sjá 3. gr.)

Lög um leikskóla nr. 90/2008 (sjá 12. gr.)

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009 (sjá 3. og 4. gr.)

Byggingarreglugerð nr. 112/2012 (sjá 11. hluta)

Öryggishandbók leikskóla

Öryggishandbók grunnskóla

Eftirlit með hljóðvist barna í leik- og grunnskólum er á vettvangi heilbrigðiseftirlita en á landinu eru tíu slík umdæmi sem starfa undir Umhverfisstofnun. Umboðsmaður barna vill því benda foreldrafélögum að leita til þeirra ef þau telja ástæðu til að óska eftir hávaðamælingum eða öðrum upplýsingum um hljóðvist.

Ofangreind umfjöllun um aðbúnað barna í skólum er auðvitað engan veginn tæmandi og líklegt er að foreldrafélög leggi áherslu á aðra og mun fleiri þætti í sínu starfi. En ef ofangreind málefni berast foreldrafélagi, finnst umboðsmanni mikilvægt að félögin séu upplýst um mögulegan feril mála þannig að virkara eftirlit og aðhald sé á þessum stöðum. Varla þarf að taka það fram að best er að foreldrafélögin starfi með og í sátt við skólastjórnendur og hrósi því sem vel er gert. Það eru jú allir að vinna að sama markmiði, þ.e. að efla velferð og menntun barnanna. Þess ber að geta að framangreind atriði gætu að mörgu leyti einnig átt við um starfsemi lengdrar viðveru í grunnskólum (frístundaheimila og heilsdagsskóla).

Í lokin vill umboðsmaður taka fram að hann þiggur allar ábendingar og upplýsingar um störf foreldrafélaganna, sérstaklega hvað varðar ofangreind málefni. Þá er öllum velkomið að hafa samband við skrifstofuna til að fá leiðbeiningar eða ráðgjöf. Símanúmerið er 552-8999.

Bréf þetta er að finna á vefsíðu umboðsmanns barna, www.barn.is. Skólastjórar í leik- og grunnskólum landsins munu einnig fá afrit af þessu bréfi.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna



Efni: Aðbúnaður og öryggi í leik- og grunnskólum

Embætti umboðsmanns barna berast reglulega ábendingar frá börnum, foreldrum og fagfólki vegna ýmissa vandamála sem varða öryggi og aðbúnað í skólum landsins.


Foreldrar bera mikla ábyrgð þegar kemur að velferð og heilbrigði barna sinna og eru helstu hagsmunagæsluáðilar í lífi þeirra. Til að foreldrar geti sinnt hlutverki sínu enn betur ákvað umboðsmaður barna haustið 2012 að senda bréf til foreldrafélaga í leik- og grunnskólum út um allt land. Tilgangur bréfsins var að stuðla að því að foreldrar verði betur meðvitaðir um aðbúnað og öryggi í leik- og grunnskólum og hvert er hægt að leita til að fá úrbætur og upplýsingar um ástand þessara mála. Umboðsmaður hefur nú sent foreldrafélögum sambærilegar upplýsingar aftur til að nýir fulltrúar í foreldrafélögum séu sem best upplýstir um farveg mála.

Skólustjórar hafa veigamiklu hlutverki að gegna þegar kemur að öryggi og aðbúnaði barna og einnig í því að stuðla að árangursríku samstarfi heimilis og skóla. Til að tryggja að skólustjórnendur séu vel upplýstir um þessi mál fylgir þessu bréfi afrit af bréfinu sem sent var til foreldrafélaganna. En þar er m.a. fjallað um öryggi og slysavarnir, brunavarnir, forvarnir gegn einelti og annars konar forvarnir, s.s. gegn hávaða. Umboðsmaður barna vonar að bréf þetta stuðli að meiri árvekni þegar kemur að öryggi og aðbúnaði barna í leik- og grunnskólum og að samvinna aðila skólasamfélagsins verði meiri að þessu leyti, með hagsmuni barnanna að leiðarljósi.

Bréfinu til foreldrafélaganna er ekki síður ætlað að styðja við skólustjórnendur í þeirra mikilvæga starfi. Skólustjórnendum er oft þröngur stakkur skorinn þegar kemur að viðhaldi, úrbótum og framkvæmdum á húsnæði og lóð. Því telur umboðsmaður að þrýstingur og umræða fleiri aðila skólasamfélagsins geti stuðlað að því að þessi mál komist í betra horf.

Bréf þetta og bréfið til foreldrafélaganna er að finna á vef umboðsmanns barna, www.barn.is. Allar ábendingar og athugasemdir eru vel þegnar og er skólustjórnendum velkomið að hafa samband við skrifstofu umboðsmanns barna ef frekari upplýsinga er þörf. Símanúmerið er 552-8999.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna



REGLUR UM SNJALLSÍMA Í SKÓLUM

Hvaða reglur gilda um símanotkun í grunnskólum?

Á síðustu árum hefur verið mikil umræða um mikla snjallsímanotkun barna og þá ekki síst á skólatíma. Umboðsmaður barna hefur hvatt skóla til þess að setja

skýrar reglur um notkun síma og annarra tækja á skólatíma. Á árinu var birt grein eftir umboðs-

Má taka síma af barni í grunnskóla og krefjast þess að foreldrar sæki hann?

Sími barnsins míns skemmdist á meðan hann var í vörslu kennara í ferð á vegum skólans. Hver ber ábyrgð á því?

mann barna á vefnum www.snjallskoli.is. Í greininni er útskýrt hvers vegna umboðsmaður barna heldur því fram að það sé ekki í samræmi við réttindi nemenda að starfsfólk skóla megi samkvæmt skólareglum taka síma og og önnur snjalltæki af nemendum gegn vilja þeirra.

Grein umboðsmanns barna í heild sinni:

Snjallar reglur

Má taka síma eða önnur snjalltæki af nemendum?

Snjalltæki bjóða upp á margar nýjungar í skólastarfi og geta verið gagnleg verkfæri fyrir bæði nemendur og kennara. Á sama tíma geta þessi tæki stundum haft truflandi áhrif í skólum, til dæmis þegar nemendur nota þau í leyfisleysi í kennslustund. Sumir skólar bregðast við slíkri hegðun með því að taka tækin af nemendum. Aðrir skólar hafa viljað safna saman öllum símum í upphafi kennslustundar, til að fyrirbyggja truflun. Mörg börn hafa leitað til umboðsmanns barna og spurt hvort skólar megi bregðast við með þessum hætti. Hér verður farið yfir helstu atriðin sem þarf að hafa í huga þegar metið er hvað má og hvað má ekki til þess að takmarka truflandi áhrif snjalltækja í skólum.

Réttindi barna

Lengi vel var ekki litið á börn sem sjálfstæða einstaklinga heldur fremur nokkurs konar „eign“ foreldra sinna. Þá var ýmis vanvirðandi háttsemi gagnvart börnum réttlætt með því að hún væri „þeim sjálfum fyrir bestu“. Sem dæmi má nefna að hýðingar og annars konar ofbeldi gegn börnum var víða notað í uppeldislegum tilgangi, til dæmis í skólum. Á undanförunum áratugum hefur viðhorfið til barna breyst mikið og er nú viðurkennt að börn séu fullgildir einstaklingar, með sjálfstæð mannréttindi. Almenn mannréttindaákvæði, svo sem mannréttindaákvæði stjórnarskrár Íslands, eiga því við um börn jafnt sem fullorðna. Þar sem börn eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu í samfélaginu er þeim auk þess tryggð sérstök mannréttindi, til dæmis í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Aukin meðvitund um réttindi barna hefur leitt til þess að nú er gerð krafa um að uppeldisaðferðir og agaúrræði, hvort sem það er heima fyrir eða í skólum, verða að vera í samræmi við réttindi barna og mannlega reisn þeirra. Ber því að sýna börnum að minnsta kosti sömu virðingu og fullorðnum, auk þess sem koma skal fram við þau af sérstakri nærgætni.

Eignaréttur og friðhelgi einkalífs

Þegar metið er hvernig skólar geta brugðist við truflandi áhrifum snjalltækja er mikilvægt að hafa í huga að börn njóta eignaréttar eins og aðrir, en samkvæmt 72. gr. stjórnarskrárinnar er eignarétturinn friðhelgur. Einnig þarf að huga að því að allir eiga rétt á friðhelgi einkalífs, samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar. Skólum eða öðrum opinberum aðilum er ekki heimilt að skerða þessi réttindi nema það sé talið nauðsynlegt til að vernda einstaklings- eða almannahagsmuni, og þá einungis á grundvelli lagaheimildar. Einnig er rétt að benda á að í íslenskum rétti gildir svokölluð lögætisregla. Hún felur í sér að ákvarðanir stjórnvalda, þar á meðal skóla, þurfa annars vegar að eiga sér stoð í lögum og hins vegar að vera í samræmi við lög.

Skólalöggjöf

Öll börn eiga rétt á menntun við hæfi. Er því mikilvægt að kennarar geti haldið uppi aga í kennslustundum og tryggt nemendum þann vinnufrið sem þeir þurfa. Í samræmi við það er tekið fram í lögum að nemendur eigi að fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks. Þá eiga öll skólafyrirvöld og starfsmenn að setja sér skólareglur og hafa þau nokkuð svigrúm um inntak slíkra reglna. Þó er ljóst að reglurnar þurfa að vera skýrar og afdráttarlausar og í samræmi við lög og réttindi barna. Í reglunum á einnig að koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim. Viðbrögðin verða að eiga sér stoð í lögum, vera markviss og til þess fallin að hafa jákvæð áhrif. Þá er skylt að velja alltaf vægasta úrræðið sem er til þess fallið að ná settu markmiði.

Má taka snjalltæki af nemendum?

Æskilegt er að skólar taki afstöðu til þess í skólareglum hvernig nemendur eigi að umgangast snjalltæki á skólatíma. Í raun geta þeir ákveðið að banna alfarið slík tæki á skólatíma, ef þeir telja það nemendum fyrir bestu. Hins vegar eru takmörk fyrir því hvernig hægt er að bregðast við ef nemendur virða ekki þær reglur sem settar hafa verið. Sú aðgerð að taka snjalltæki af nemendum með valdi skerðir óneitanlega eignarétt og ráðstöfunarrétt þeirra. Þá verður að hafa í huga að þessi tæki hafa oft að geyma persónuupplýsingar, sem geta verið mjög viðkvæmar. Hvorki í lögum né reglugerðum er að finna heimild fyrir skóla til þess að bregðast við agabrotum með því að taka eignir af nemendum. Ef snjalltæki er í eigu skólans hefur starfsfólk meira svigrúm og getur í raun tekið snjalltæki af nemendum sem virða ekki settar reglur. Hins vegar telur umboðsmaður barna ekki í samræmi við lög og réttindi barna að taka af þeim tæki sem þau eiga sjálf. Í undantekningartilvikum gæti verið réttlætjanlegt að taka tæki af nemanda á grundvelli neyðarréttar, til dæmis ef það er beinlínis notað til þess að skaða aðra. Þó er rétt að taka fram að neyðarréttur skapast almennt ekki við það eitt að sími valdi ónæði. Sem dæmi um tilvik þar sem þetta úrræði á við er þegar nemandi notar snjalltæki til þess að leggja annan nemanda í einelti, til dæmis með því að sýna myndir eða annað efni sem getur talist meiðandi.

Má safna sínum saman í upphafi kennslustundar?

Sumir skólar hafa tekið til þess ráðs að safna saman snjallsímum í upphafi dags eða upphafi hvernar kennslustundar, til þess að fyrirbyggja truflandi áhrif. Það er í sjálfu sér ekkert sem mælir gegn því að kennarar og annað starfsfólk geri samkomulag við nemendur um slíkt fyrirkomulag. Þessi regla er þó háð samþykki nemenda, þar sem kennarar hafa takmarkaða heimild til þess að framfylgja henni. Þar sem börn njóta friðhelgi einkalífs er til dæmis ekki heimilt að leita í vösum eða töskum nemenda til þess að kanna hvort þeir séu með síma á sér. Ef nemandi neitar að afhenda síma er ekki rétt að taka hann af honum með valdi.

Í þeim tilvikum sem skólar taka snjalltæki af nemendum eða safna þeim saman í upphafi dags er brýnt að huga að þeirri fjárhagslegu ábyrgð sem því fylgir. Gera má ráð fyrir að skólar beri ábyrgð á tækjum sem skemmast í þeirra vörslu.

Skiptir samþykki foreldra máli?

Margir virðast líta svo á að samþykki foreldra dugi til svo það megi taka síma eða önnur snjalltæki af nemendum með valdi. Umboðsmaður barna telur samþykki foreldra hins vegar ekki skipta máli í þessu sambandi. Börn eiga sem fyrr segir fullgild og sjálfstæð mannréttindi. Þó að foreldrar fari með forsjá barna sinna geta þeir ekki heimilað skólum að brjóta gegn réttindum þeirra. Skiptir því í raun ekki máli hvort foreldrar hafi veitt skólum leyfi til þess að taka snjalltæki af nemendum eða ekki. Foreldrar hafa hins vegar í sumum tilvikum viðtækari heimildir heima fyrir en skólar. Ef nemandi brýtur ítrekað skólareglur og notar snjalltæki í kennslustund geta foreldrar til dæmis reynt að tryggja að nemandi fari ekki með tækið í skólann.

Hvernig er þá hægt að bregðast við?

Við eigum að sýna börnum virðingu og ekki bjóða þeim upp á viðurlög sem við myndum sjálf ekki sætta okkur við. Velta má fyrir sér hvort fullorðnir á vinnumarkaði myndu sætta sig við að sími væri tekinn af þeim, til dæmis ef símnotkun hefði truflandi áhrif á vinnustað. Líklegt er að yfirmaður yrði að bregðast við með öðrum hætti, til dæmis með því að veita starfsmanni tiltal eða víkja honum úr rými eða af fundi.

Umboðsmaður barna telur að sjálfsögðu mikilvægt að tryggja að öll börn fái notið þeirrar kennslu sem þau eiga rétt á. Umboðsmaður telur þó vel hægt að bregðast við truflandi áhrifum snjalltækja með öðrum hætti en að taka tækin af nemendum með valdi. Sem dæmi má nefna að í mörgum skólum er litið svo á að ekki sé heimilt að taka þessi tæki af nemendum og hefur engu að síður gengið vel að skapa vinnufrið. Í raun ætti að nota sömu úrræði til þess að bregðast við óheimilli notkun snjalltækja eins og annarri truflandi hegðun.

Hér eru dæmi um úrræði sem skólar geta gripið til:

1. Fyrst er rétt að kennari biðji nemanda um að setja snjalltæki í tösku eða vasa.

2. Þegar nemandi lætur ekki frá sér tæki þrátt fyrir áminningu kennara er hægt að gefa nemanda kost á að afhenda kennaranum tækið. Ef nemandi neitar því er ekki heimilt að taka það af honum með valdi, enda koma önnur og vægari úrræði til greina.
3. Hægt er að vísa nemanda úr kennslustund eða senda hann til skólastjóra.
4. Ef nemandi truflar ítrekað kennslustund er rétt að skólinn hafi samráð við foreldra um hvernig best er að bregðast við. Þar sem foreldrar fara með forsjá barna sinna geta þeir beitt sér fyrir því að barn, sem hefur ítrekað truflað kennslustund, fari ekki með snjalltæki í skólann.


Þau börn sem hafa leitað til umboðsmanns barna upplifa það sem verulega íþyngjandi og óréttlát viðurlög að símar eða önnur snjalltæki séu tekin af þeim. Slikar aðgerðir eru því ekki líklegar til þess að hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif. Umboðsmaður mælir með því að skólar setji sér skýrar reglur um notkun snjalltækja, í samvinnu við nemendur. Nemendur eiga rétt á því að hafa áhrif á öll mál sem varða þá, auk þess sem þeir eru mun líklegri til þess að fylgja reglum sem þeir tóku þátt í að móta. Í reglunum þarf það að koma skýrt fram hvernig bregðast eigi við brotum á þeim, en viðbrögðin verða að sjálfsgöðu að vera í samræmi við lög og réttindi nemenda.

SKRÁNING Í MENTOR

Flestir skólar landsins nota skráningarkerfið Mentor eða önnur sambærileg kerfi til þess að skrá upplýsingar um nemendur. Við slíka skráningu er sérstaklega mikilvægt að huga að réttindum og hagsmunum barna. Í ljósi þess ákvað umboðsmaður barna því að senda bréf til allra grunnskóla landsins, dags. 7. september 2015 vegna skrá-

ingar og varðveislu og aðgangs að upplýsingum um nemendur í Mentor.

Umboðsmaður fékk í kjölfarið ábendingu um að önnur upplýsinga- og námskerfi sem notuð eru í sumum skólum. Sömu sjónarmið eiga að sjálfsgöðu við um notkun slíkra kerfa. Bréf umboðsmanns var svohljóðandi:



Til grunnskóla

Reykjavík, 7. september 2015

Efni: Mentor

Á undanförunum árum hefur það aukist verulega að skólar noti upplýsinga- og námskerfið Mentor til þess að miðla upplýsingum til bæði foreldra og nemenda. Í dag er kerfið notað í nánast öllum grunnskólum og virðist það almennt hafa reynst vel. Umboðsmaður barna fær þó reglulega fyrirspurnir og ábendingar varðandi skráningu, varðveislu og aðgang að upplýsingum um nemendur í Mentor. Hefur hann því ákveðið að taka saman nokkur atriði sem hann telur mikilvægt að starfsfólk grunnskóla hafi í huga við notkun kerfisins.

1. Friðhelgi einkalífs barna

Þegar metið er hvaða upplýsingar er rétt að skrá í Mentor er ávallt mikilvægt að huga að rétti barna til friðhelgi einkalífs. En það nær til alls þess sem lýtur að persónulegum málefnum einstaklinga og felur það meðal annars í sér að hver og einn á rétt á því að ráða yfir eigin lífi og líkama og njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Þær upplýsingar sem eru skráðar á Mentor ber almennt að varðveita og afhenda Þjóðskjalasafni Íslands. Er því æskilegt að kennarar staldri við og íhugi í hverju tilviki fyrir sig hvort eðlilegt sé að skrá viðkomandi upplýsingar. Vissulega eiga forsjáráðilar ríkan rétt til þess að fá upplýsingar um börn sín, en í einhverjum tilvikum gæti verið eðlilegra að hringja í foreldra eða kalla þá á fund. Dæmi um mál sem hefur komið til umboðsmanns barna er dagbókafærsla um að barn hafi kúkað eða pissað í sig. Umboðsmaður barna telur ekki rétt að slík atvik séu skráð í Mentor, heldur er eðlilegra að ræða við foreldra.

Þá er gott að hafa í huga að hlutverk foreldra breytist með auknum aldri og þroska barna. Er því að mati umboðsmanns barna rétt að ræða einungis við barnið sjálft í einhverjum tilvikum þegar um eldri nemendur er að ræða, einkum þegar um er að ræða viðkvæm, persónuleg málefni.

Einnig má benda á að almennt ætti ekki að veita foreldrum upplýsingar um önnur börn í skólanum. Má í því sambandi benda á álit Persónuverndar frá 31. maí 2006, sem hægt er að lesa á vefsíðu Persónuverndar.

2. Jákvæð og uppbyggileg skilaboð

Miðað við þær ábendingar sem umboðsmanni barna hafa borist virðist mjög misjafnt hvernig einstaka kennarar nýta sér Mentor. Í einhverjum tilvikum virðist tilhneiging vera sú að skrá einungis athugasemdir þegar starfsfólk skóla er ósátt við hegðun viðkomandi nemanda, t.d. þegar nemandi brýtur gegn skólareglum. Þó að það geti í einhverjum tilvikum verið ástæða að skrá agabrot í Mentor, þarf að mati umboðsmanns barna að ígrunda vel slíkar skráningar og gæta þess að þær séu ekki til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á líðan og sjálfsmynd viðkomandi nemanda.

Viðbrögð við hegðun nemenda er einn þáttur í menntun þeirra. Samkvæmt 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, ber að halda uppi námsaga með þeim hætti sem samrýmist mannlegri reisn barnsins og öðrum réttindum samkvæmt sáttmálanum. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur sömuleiðis lagt áherslu á að viðbrögð við agabrotum nemenda skuli miða að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu nemenda. Í samræmi við þetta er í 11. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Þar er tekið fram að veita skuli þeim nemendum sem sýna af sér óæskilega hegðun eða slaka ástundun stuðning og að taka skuli tillit til aðstæðna og þarfa nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Umboðsmaður barna hvetur starfsfólk skóla til þess að hafa þessi sjónarmið í huga þegar metið er hvaða upplýsingar eru skráðar í Mentor og með hvaða hætti þær eru orðaðar. Harkalegt og meiðandi orðalag er ekki til þess fallið að stuðla að bættri hegðun, heldur getur þvert á móti haft neikvæð áhrif á viðhorf, hegðun og líðan nemanda.

Starfsfólki skóla ber að stuðla eins og hægt er að jákvæðum skólabrag og starfsanda, sbr. meðal annars 30. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Mikilvægur liður í því er að hrósa nemendum fyrir góða hegðun og framfarir. Jákvæð og uppbyggileg skilaboð inn á Mentor geta verið mikilvægt mótvægi við neikvæðar athugasemdir og ýtt undir jákvætt viðhorf nemanda til skólans. Það er til þess fallið að stuðla að meiri ánægju, bættri hegðun og aukinni virðingu fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.

3. Aðgangur foreldra

Reglulega berast umboðsmanni barna spurningar varðandi aðgang forsjárlausra foreldra að Mentor. Samkvæmt 52. gr. barnalaga nr. 76/2003 á foreldri sem fer ekki með forsjá barns almennt rétt á skriflegum upplýsingum frá skólum. Ber því almennt að veita forsjárlausu foreldri aðgang að Mentor. Hins vegar er heimilt fyrir skóla að hafna slíkri beiðni, ef það er talið mikilvægt út frá hagsmunum barnsins. Þegar tekin er ákvörðun um að synja um aðgang að Mentor þarf að meta aðstæður heildstætt út frá hagsmunum barnsins og gæta þess að allir aðilar máls fái tækifæri til að tjá sig, ekki síst barnið sjálft. Synjun skóla er hægt að skjóta til sýslumanns.

4. Reglur um notkun

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að grunnskólar vandi vel skráningu upplýsinga í Mentor og gæti þess ávallt að hún sé í samræmi við réttindi nemenda. Einn liður í því að tryggja að starfsfólk skóla þekki þau sjónarmið sem hafa þarf í huga er að hver og einn skóli setji sér reglur um skráningu í Mentor. Við mótun slíkra reglna er æskilegt að hafa samráð við alla aðila skólasamfélagsins, ekki síst nemendur.

Með góðri kveðju,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

SKÓLARÁÐ OG ÞÁTTTAKA NEMENDA Í GRUNNSKÓLUM

Barn sem dvalið hefur á Íslandi í sex mánuði hefur ekki ennþá fengið kennitölu. Hvað er hægt að gera?

Umboðsmaður barna hefur frá upphafi lagt ríka áherslu á rétt nemenda á öllum skólastigum til lýðræðislegrar þátttöku innan skólans. Á árinu tók umboðsmaður barna þátt í verkefni með SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, sem bar heitið „Vó hvað er í gangi? – um skólaráð og lýðræðislega aðkomu nemenda og foreldra að skólahaldinu“. Þáttur umboðsmanns barna fólst í því að vera með fræðslu fyrir fulltrúa nemenda í skólaráðum og stjórnir nemendafélaga í öllum grunnskólum í Reykjavík, um réttindi barna og þær reglur sem gilda um skólaráð og nemendafélög.

Í kjölfar fræðslunnar stóð SAMFOK fyrir námskeiðum í öllum hverfum borgarinnar fyrir skólaráð, stjórnir nemendafélaga, stjórnir foreldrafélaga, starfsfólk frístundar

og lykilaðila í grenndarsamfélaginu. Niðurstöður námskeiðanna voru meðal annars þær að það skortir verulega upp á þekkingu um hlutverk og samstarf milli skólaráða og nemendafélaga. Umboðsmaður barna og SAMFOK hafa því ákveðið að halda samáfram og stefna á útgáfu starfi sínu fræðslumyndbanda um skólaráð og nemendafélög á næsta ári.

Barn fær ekki skólavist vegna þess að fæðingarvottorð er ekki til staðar. Hvað er hægt að gera?

Getur það talist brot á leikskólalögum eða reglugerð um starfsumhverfi leikskóla að það sé ekki hurð á salerni í leikskólum?

Til þess að minna grunnskóla á mikilvægi þess að tryggja þátttöku nemenda í skólaráðum sendi umboðsmaður barna eftirfarandi bréf á alla grunnskóla á landinu, dags. 1. október 2015. Í bréfinu er vísað á einblöðung sem umboðsmaður barna hefur gefið út um skólaráð.



Skólaráð og þátttaka nemenda í grunnskólum

Umboðsmaður barna vill vekja athygli á mikilvægi þess að tryggja rétt nemenda til þess að hafa áhrif á allar ákvarðanir sem varða þá með einum eða öðrum hætti. Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að skólaráð skuli vera starfandi við hvern grunnskóla. Skólaráð á að vera skipað níu einstaklingum, þar af tveimur fulltrúum nemenda.

Umboðsmaður barna hefur gefið út einblöðung um skólaráð. Hann var unnin í samstarfi við Ráðgjafarhóp umboðsmanns barna og ungmennaráð Árbæjar og Grafarholts, þar sem lögð var rík áhersla á að hann væri einfaldur og hnitmiðaður. Hægt er að nálgast hann með því að smella á tengilinn hér að neðan.

Einblöðungur um skólaráð á vefsíðu umboðsmanns barna

Það er von umboðsmanns barna að starfsfólk grunnskóla prenti einblöðunginn út fyrir nemendur eða kynni innihald hans á annan hátt, sérstaklega fyrir þeim fulltrúum nemenda sem nú sitja í skólaráði. Mikilvægt er að þeir nemendur sem taka þátt í skólaráði fái fræðslu við hæfi þannig að þeir geti raunverulega tekið þátt í þeim umræðum sem eiga sér stað í skólaráði og komið tillögum á framfæri fyrir hönd nemenda.

Þá er mikilvægt að aðrir nemendur í skólanum séu meðvitaðir um hverjir séu þeirra fulltrúar í skólaráði og hvernig hægt er að koma tillögum á framfæri við þá. Mikilvægur liður í því er að efla tengsl milli nemendafélagsins og fulltrúa í skólaráði. Samkvæmt lögum um grunnskóla er það hlutverk nemendafélags hvers skóla að setja reglur um kosningu fulltrúa nemenda í skólaráð. Þar að auki á skólastjóri að boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að minnsta kosti einu sinni á ári. Umboðsmaður barna hvetur skóla til þess að vinna í samræmi við ákvæði laganna og efla eins og hægt er samstarf milli skólaráðs og nemendafélags skólans.

Víða í skólum er unnið framúrskarandi starf í þágu lýðræðis og viljum við gjarnan heyra dæmi af þeim góðu verkefnum sem hafa verið unnin. Ef þinn skóli getur nefnt dæmi um vel heppnaða tillögu eða málsmeðferð fulltrúa nemenda í skólaráði eða sagt frá öðrum góðum dæmum um lýðræðisleg vinnubrögð væri gaman að heyra af þeim.

Ef frekari upplýsinga er óskað er ykkur velkomið að senda okkur tölvupóst á netfangið ub@barn.is eða hringja í síma 552-8999.

Kær kveðja,
Margrét María Sigurðardóttir
umboðsmaður barna

FRÆDSLUMYND FYRIR BÖRN UM KYNFERÐISLEGT OFBELDI

Má fólk, t.d. í skólanum eða í skólabúðum, fara í gegnum töskur barna án þeirra leyfis vegna grunsemda um síma, nammi eða slíkt sem ekki er leyfilegt meðan börn dvelja í skólabúðum? Er það ekki brot á persónurétti barna?

Á árinu tók Evrópuráðið ákvörðun um að helga 18. nóvember ár hvert baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og gaf út teiknimynd í tilefni dagsins. Hún er um þrjár mínútur að lengd og var unnin í samræði við hóp barna. Myndin er með

einföldum og aðgengilegum boðskap fyrir börn á aldrinum 9–13 ára. Börn eru hvött til þess að leita til einhvers sem þau treysta ef þau eða einhver sem þau þekkja hefur verið eða er beittur ofbeldi.

Hver á að greiða fyrir tjón sem barn verður fyrir í leikskóla?

Má námsráðgjafi kalla barn á fund án vitneskju foreldra?


Hvað er best að gera þegar nemendur verða uppvísir að neylsu í skóla?

Stýrihópur velferðarráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og innviðaráðuneytis um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, ásamt Barnaverndarstofu og umboðsmanni barna fengu leyfi til þess að talsetja myndina á íslensku. Hún er aðgengileg á vefsíðum velferðarráðuneytis, Barnaverndarstofu og umboðsmanns barna. Skólastjórnendur grunnskóla voru svo beðnir um að sýna fræðslumynd í skólum þann 18. nóvember 2015. Með því móti gátu skólarnir lagt sitt af mörkum til að leiðbeina börnum sem kunna að vera í viðkvæmri stöðu og stuðlað jafnframt að aukinni samfélagsvitund um kynferðisofbeldi gegn börnum.

Ber skólinn ábyrgð á sjúkrakostnaði vegna slyss sem gerist á heimavist?

BÖRN HÆLISLEITENDA

Á árinu hefur verið mikil umræða um málefni hælisleitenda. Umboðsmaður barna hefur með ýmsum hætti vakið athygli á mikilvægi þess að huga sérstaklega að réttindum þeirra barna sem koma til landsins í leit að alþjóðlegri vernd, meðal annars í umsögn í frumvarpi til nýrra laga um útlendinga. Þá sendi umboðsmaður barna Útlendingastofnun bréf, dags. 9. september 2015, vegna ábendinga um að meðal hælisleitenda hér á landi séu börn á grunnskólaaldri sem hafa ekki enn fengið að ganga í skóla eða fengið viðeigandi menntun að öðru leyti. Bréfið er svohljóðandi:



Útlendingastofnun

Reykjavík, 9. september 2015

UB: 1509/6.2.0

Efni: Réttur barna til menntunar

Umboðsmaður barna hefur fengið ábendingar um að meðal hælisleitenda hér á landi séu börn á grunnskólaaldri sem hafa ekki fengið að ganga í skóla eða fengið viðeigandi menntun að öðru leyti. Öll börn eiga rétt á menntun við hæfi, eins og meðal annars kemur fram í 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013. Í samræmi við það er skylt að tryggja öllum börnum á aldrinum 6-16 ára skólavist í grunnskólum, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Á þetta einnig við um börn sem sækja um hæli hér á landi, sbr. c-liður 2. mgr. 47. gr. b laga um útlendinga nr. 96/2002.

Umboðsmaður barna telur sérstaklega brýnt að tryggja að börn sem koma hingað til lands sem hælisleitendur fái menntun við hæfi, án tafar. Skólaganga skiptir miklu máli fyrir þroska barna og getur það haft neikvæðar afleiðingar í för með sér ef barn er utan skóla í vikur eða jafnvel mánuði eftir komu sína til Íslands.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994 er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Óskar hann því hér með eftir svörum við eftirfarandi spurningum.

1. Eins og staðan er í dag, hversu mörgum börnum á grunnskólaaldri, sem hafa sótt um hæli hér á landi, hefur ekki verið tryggð skólavist?
2. Hvernig er stefnt að því að tryggja rétt þessara barna til menntunar við hæfi sem fyrst?

Endilega hafið samband í síma 552-8999 ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllt,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Hvað er hægt að gera þegar erlend kona má ekki vera lengur í landinu en á barn sem á íslenskan föður?

Umboðsmaður barna ítrekaði þetta í bréfi sínu þann 29. september 2015. Þá bárust upplýsingar um að verið væri að leita lausna fyrir þau 17 börn sem eru í þjónustu Útlendingastofnunar.

Í kjölfar bréfs umboðsmanns barna fundaði embættið með Útlendingastofnun. Á þeim fundi kom umboðsmaður barna á framfæri áhyggjum sínum af stöðu barna sem koma hingað til lands í leit að alþjóðlegri vernd. Að mati umboðsmanns hefur íslenska ríkið ekki staðið sig nægilega vel í því að tryggja réttindi þessara barna.


Ég krefst þess að þér sjáið til þess að börnin frá Albaníu og Síurlandi fái friðhelgi til að stunda skólastarf á Íslandi fram á vorið og að þér leggið til að foreldrar fái hér dvalar- og atvinnuleyfi til að framfleyta þeim á tímabilinu. Þessi óvissa fyrir börnin er fyrir þau pynting sem þér ber að stöðva.

Óviðunandi er að börn þurfi að bíða í margar vikur eða mánuði eftir skólavist. Útlendingastofnun sagði að verið væri að vinna í því að tryggja öllum börnum skólavist og að öll börnin yrðu komin í skóla innan nokkurra daga.

Á fundinum var einnig rætt um stöðu fylgdarlausra barna, þ.e. barna sem koma til landsins án foreldra sinna. Umboðsmaður ítrekaði mikilvægi þess að tryggja sérstaklega réttindi barna í þessari stöðu, s.s. þegar kemur að aldursgreiningu. Þegar vafi er á aldri einstaklings ber ávallt að meta vafann honum í hag. Þá voru ýmis önnur mál rædd, svo sem staðan á drögum að nýju frumvarpi til útlendingalaga og rétt barna til að tjá sig við meðferð mála hjá Útlendingastofnun.

Ég sé ástæðu til að vekja athygli þína á að Útlendingastofnun getur ekki með góðu móti vísað börnum úr landi sem eru búin að vera hér í marga mánuði og sem vilja ekki fara og telja tilveru sinni ógnað þar sem stendur til að vista þau.

Þá hefur umboðsmaður barna átt fund með þeim aðilum sem hafa umsjón með málefnum hælisleitenda hjá félagsþjónustu eftirtaldrá sveitarfélaga: Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Hafnarfirði og hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða í Reykjavík. Á þeim fundum var m.a. tekin staða á málefnum barna hælisleitenda. Á þessum fundum kom meðal annars í ljós að það vantar töluvert upp á að rætt sé sérstaklega við þau börn sem hingað koma með sínum fjölskyldum og að þau fái að koma sínum skoðunum á framfæri í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Þá er einnig mikilvægt að bæta aðstæður barna til leikja og tómgunda. Umboðsmaður mun halda áfram að fylgjast með málaflökknunum, enda er allt útlit fyrir að hælisleitendum muni fjölga enn frekar á næstu mánuðum og árum. Er því sérstaklega brýnt að tryggja að íslenska kerfið sé í stakk búit til þess að taka við þessum börnum og tryggja þeim þann stuðning og vernd sem þau eiga rétt á samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



AÐGANGUR BARNNA AÐ KVIKMYNDUM OG TÖLVULEIKJUM

Reglulega berast umboðsmanni barna ábendingar sem varða eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, sbr. lög nr. 62/2006. Í 5. gr. laganna kemur fram að fjölmiðlanefnd hafi eftirlit með lögnum. Um nokkurt skeið hefur umboðsmaður barna verið í sambandi við nefndina (og forvera hennar, þ.e. Barnaverndarstofu í gildistíð eldri laga), auk þess hefur umboðsmaður fundað nokkrum sinnum með Smáis, Samtökum myndrétthafa á Íslandi. Smáis var að vinna að innleiðingu samhæfðs eftirlitskerfis sem vonir voru bundnar við að myndi auðvelda eftirlit og auka vernd barna. Á árinu 2014 varð Smáis gjaldþrota og hafði umboðsmaður barna áhyggjur af því hvernig staðan væri í þessum málaflokki. Af því til efni ákvað hann að senda bréf til fjölmiðlanefndar, dags. 16. desember 2014, þar sem nefndin hefur eftirlit með ofangreindum lögum. Óskaði umboðsmaður barna eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

1. Hvernig er eftirliti háttað með aðgangi að myndum annars vegar og hins vegar tölvuleikjum?
2. Telur fjölmiðlanefnd sig geta sinnt eftirlitinu með fullnægjandi hætti? Ef ekki hvað vantar helst upp á?
3. Hvernig er staðan á framkvæmd 3. gr. laga nr. 62/2006?

Loks óskaði umboðsmaður barna eftir öllum þeim upplýsingum sem fjölmiðlanefnd hefur undir höndum og eru mikilvægar til þess að hann geti gert sér grein fyrir stöðu þessara mála.

Í svari fjölmiðlanefndar, dags. 12. janúar 2015, kemur fram að hún hafi í tveimur bréfum til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 30. september 2014 og 5. des-

ember 2014, gert ítarlega grein fyrir stöðu mála um eftirlit fjölmiðlanefndar með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, samkvæmt lögum nr. 62/2006. Í fyrra bréfi nefndarinnar áréttaði hún að framkvæmd laganna ekki komin í viðunandi þörf væri á úrbótum svo

væri enn horf og að að þau næðu tilgangi sínum. Þá var jafnframt áréttað að heimildir fjölmiðlanefndar til eftirlits með lögnum væru takmarkaðar. Þá lagði nefndin áherslu á að lög nr. 62/2006 yrðu tekin sem fyrst til gagngerrar endurskoðunar. Í síðara bréfi fjölmiðlanefndar til mennta- og menningarmálaráðherra er bent á ólíka túlkun fjölmiðlanefndar og Félags réttshafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK) á 1. mgr. 3. gr. laganna. Þar sem segir að verklagsreglur um framkvæmd mats skuli styðjast við alþjóðlega viðurkennd skoðunarkerfi. Í bréfinu var óskað eftir afstöðu mennta- og menningarmálaráðherra á túlkun laganna. Með bréfi fjölmiðlanefndar fylgdu afrit af báðum framangreindum bréfum og taldi hún að þar væri ítarlega svarað spurningum umboðsmanns barna vegna framkvæmdar eftirlits nefndarinnar með lögum nr. 62/2006.

Umboðsmaður barna sendi bréf til mennta- og menningarmálaráðherra, dags. 1. febrúar 2015, þar sem óskað var eftir því að ráðherra upplýsti umboðsmann um það hvernig ráðuneytið hygðist beita sér fyrir því að markmiðum laganna verði náð. Bréf umboðsmanns barna er svohljóðandi:

Kynningarefni var ekki við hæfi ungra barna á undan fjölskyldumynd sem er leyfð til sýningar öllum aldurshópum í kvikmyndahúsi. Hvað er best að gera þegar slíkt gerist?

Hvað er hægt að gera þegar bannaðar myndir eru sýndar í grunnskóla?

Illugi Gunnarsson
Mennta- og menningarmálaráðherra
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2015
UB:1502/9.3

Efni: Lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006

Reglulega berast umboðsmanni barna ábendingar sem varða eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum, sbr. lög nr. 62/2006. Í 5. gr. laganna kemur fram að Fjölmiðlanefnd hafi eftirlit með lögnum. Síðastliðin ár hefur umboðsmaður barna nokkrum sinnum haft samband við nefndina (og forvera hennar, þ.e. Barnaverndarstofu, í gildistíð eldri laga). Auk þess hefur umboðsmaður fundað með Samtökum myndrétthafa á Íslandi (SMÁÍS). SMÁÍS var að vinna að innleiðingu samhæfðs eftirlitskerfis sem vonir voru bundnar við að

myndi auðvelda eftirlit og auka vernd barna. Eftir gjaldprot SMÁÍs síðastliðið haust hefur umboðsmaður barna velt fyrir sér hvernig staðan er í þessum málaflokki.

Hinn 16. desember sl. sendi umboðsmaður barna bréf til Fjölmiðlanefndar og óskaði eftir ítarlegum upplýsingum um stöðu þessara mála. Umboðsmaður barna hefur í samræmi við 5. gr. laga um embættið rétt á öllum þeim upplýsingum sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt skyldum sínum. Svar frá Fjölmiðlanefnd barst við bréfinu 16. janúar sl., ásamt afritum af tveimur bréfum Fjölmiðlanefndar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dagsettum 30. september og 5. desember 2014.

Þær upplýsingar sem koma fram í bréfum Fjölmiðlanefndar til ráðuneytisins valda umboðsmanni barna miklum áhyggjum. Svo virðst sem verulega vanti upp á að eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum sé viðunandi.

Börn eru berskjölduð fyrir neikvæðum áhrifum myndefnis, s.s. tölvuleikja, kvikmynda og auglýsinga. Slíkt efni getur haft mikil og varanleg áhrif á siðferðisþroska þeirra, sérstaklega þegar það innheldur ofbeldi, klám, neikvæðar staðalímyndir eða jákvæð viðhorf til hluta eða athafna sem teljast skaðleg. Umboðsmaður barna hefur áður vakið athygli ráðuneytisins vegna þessara mála, og má nefna bréf sent var þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra hinn 11. apríl 2011.

Nú eru bráðum 9 ár síðan að lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 tóku gildi og ennþá hefur eftirlit ekki verið tryggt. Í ljósi reynslunnar, hefur umboðsmaður barna efasemdir um að heppilegt sé að láta einkaaðila, sem eru „ábyrgðaraðilar," skv. lögum nr. 62/2006, bera ábyrgð á því að aldursmat, merkingar og eftirlit séu í lagi. Í bréfum Fjölmiðlanefndar kemur auk þess fram að henni sé ekki ætlað fjármagn til að sinna eftirliti á grundvelli laganna.

Umboðsmaður barna vill itreka það við ráðherra að honum finnst afar brýnt að ráðuneytið finni varanlega lausn á þessu máli sem fyrst. Það er óásættanlegt að lögum sem sett eru í þeim tilgangi að vernda börn sé ekki fylgt í framkvæmd. Það er engan veginn í samræmi við réttindi barna og skuldbindingar ríkisins, skv. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ef ráðherra telur nauðsynlegt að endurskoða lögin ætti að gera það sem allra fyrst.

Umboðsmaður óskar eftir því að ráðherra upplýsi hann um það hvernig ráðuneytið hyggst beita sér fyrir því að markmiðum laga nr. 62/2006 verði náð.

Ennfremur er óskað eftir öðrum upplýsingum sem máli kunna að skipta í þessu sambandi.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

Í bréfi frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dags. 18. mars 2015, var rakin saga um þær stofnanir sem hafa annast eftirlit með kvikmyndum. Við gildistöku laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006 var Kvikmyndaskoðun ríkisins lögð af. Mat á því hvort leyfa eða takmarka bæri aðgengi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum skyldi framvegis vera sjálfsmat í höndum svonefndra ábyrgðaraðila, þ.e. framleiðenda, innflytjenda, dreifingar- og sýningaraðila, þ.m.t. sjónvarpsstöðva. Ábyrgðaraðilum var gert að koma sér upp verklagsreglum við framkvæmd mats á kvikmyndum og tölvuleikjum sem ættu sér stoð í alþjóðlega viðurkenndum skoðunarkerfum. Ábyrgðaraðilar skyldu

birta verklagsreglurnar opinberlega og veita almenningi aðgang að upplýsingum um mat á kvikmyndum og tölvuleikjum og setja sér málsmeðferðarreglur um meðferð á erindum og kvörtunum frá almenningi. Þá skyldu ábyrgðaraðilar færa niðurstöður matsins í gagnagrunn sem almenningur hefði aðgang að.

Þá lýsir ráðuneytið því í bréfi sínu að samráð hafi verið haft við Samtök myndrétthafa á Íslandi (SMÁÍS) sem komu fram fyrir hönd kvikmyndahúsa, útgefenda, kvikmynda- og sjónvarpsefnis, sjónvarpsstöðva og dreifingaraðila tölvuleikja við undirbúning frumvarps sem varð að lögum nr. 62/2006. Í frumvarpinu er vísað til

hollensks flokkunarkerfis fyrir kvikmyndir og sjónvarps-efni, Kijkwijzer, og systurkerfis þess, PEGI, fyrir flokkun tölvuleikja. SMÁÍS kynnti hugmyndir um samstarf við hina hollensku aðila sem skyldi þannig útfært að fulltrúar ábyrgðaraðila myndu færa niðurstöður mats inn í miðlægan gagnagrunn, kvikmyndaskodun.is, sem rekinn yrði af SMÁÍS.

Eftirlit með framkvæmd laga nr. 62/2006 var upphaflega í höndum Barnaverndarstofu en færðist til fjölmiðlanefndar við gildistöku laga um fjölmiðla, nr. 38/2011. Ráðuneytinu hafa borist ábendingar um misbresti í framkvæmd laga nr. 62/2006, þar á meðal frá fjölmiðlanefnd en úttekt hennar leiddi í ljós að ábyrgðaraðilar settu ekki út á það að leitað væri samstarfs við hollensku aðilana fyrr en sjö ár voru liðin frá gildistöku laga nr. 62/2006. Enn vantar mikið upp á að ábyrgðaraðilar hafi fært starfsemi sína að lögum.

SMÁÍS varð gjaldþrota í september 2014 og stofnuðu ábyrgðaraðilar nýtt félag, Félag réttihafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRÍSK), og svo virðist sem það leggi annan skilningi í framkvæmd laga nr. 62/2006 en fjölmiðlanefnd. Í bréfi nefndarinnar til ráðuneytisins, dags. 5. september 2014, er nánar lýst ágreiningi um lagatúlkun við FRÍSK. Hann felst í því að hve miklu leyti skoðunarkerfi hérlendra ábyrgðaraðila þurfi að hafa samsvörum við kröfu laganna um alþjóðleg viðurkennd skoðunarkerfi, þ.e. hvernig beri að skilja hugtökin og hafa til hliðsjónar sem fyrirmynd eins og þau eru sett fram í lögum nr. 62/2006. Þá hefur fjölmiðlanefnd óskað eftir að lög nr. 62/2006 verði tekin til gagngerar endurskoðunar í ljósi



óvissu um framkvæmd þeirra heimilda sem eftirlitsaðila eru nauðsynlegar við eftirlit sitt með framkvæmd laganna og fjárheimilda sem nauðsynlegar eru vegna eftirlitsins.

Þá segir orðrétt í bréfi ráðuneytisins:

Ráðuneytinu er ljóst að ekki verður við það búið að framkvæmd laga nr. 62/2006 sé með þeim hætti sem kemur fram í erindi yðar og erindum fjölmiðlanefndar til ráðuneytisins um þetta mál. Þeir sem skilgreindir eru ábyrgðaraðilar í 2. mgr. 1. gr. framangreindra laga hafa, þrátt fyrir ágreining við fjölmiðlanefnd um túlkun laganna, ítrekað við nefndina vilja sinn til að gangast við þeirri ábyrgð, sem þeim er falin samkvæmt lögum og kynnt úrlausnir þar að lútandi. Að mati ráðuneytisins á framangreindur ágreiningur við félag ábyrgðaraðila ekki að standa í vegi fyrir fullnægjandi framkvæmd ákvæða laganna.

Ráðuneytið mun fylgjast náið með framvindu þessa máls á næstunni. Ef kemur í ljós að ábyrgðaraðilar sjá sér ekki fært að fara að lögum mun ráðuneytið kanna hvaða svigrúm gildandi lög um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum veita til viðbragða. Ef niðurstaðan verður að nauðsynlegt reynist að breyta gildandi lögum til að koma þessum málum í viðunandi horf verður ráðist í það. En ráðuneytið telur rétt að veita ábyrgðaraðilum tækifæri til að koma mati og merkingum á kvikmyndum og tölvuleikjum í ásætlanlegt horf á næstu mánuðum. Samkvæmt 5. gr. laganna hefur fjölmiðlanefnd eftirlit með að ákvæðum laganna sé framfylgt en því miður hefur Alþingi ekki veitt fé til þess og takmarkar það svigrúm nefndarinnar til muna.

Umboðsmaður barna mun halda áfram að fylgjast með stöðu mála.

VERND GEGN ÁFENGI

BRÉF TIL ÞINGMANNA VEGNA ÁFENGISFRUMVARPSINS

Mega börn blása í áfengismæla hjá lögreglu eða er réttara að hringja strax í foreldra ef grunur er um ölvun?

Ofneysla áfengis- og vímuefna er vandamál sem snertir líf margra barna, bæði beint og óbeint. Oft ríkir mikil þöggun um neyslu innan veggja heimilisins og eru börn þeirra sem eiga við áfengis- og vímuefnavanda að stríða oft falinn hópur sem upplifir mikla skömm. Börn alkóhólista eru þrátt fyrir allt venju- leg börn sem hafa upplifað mikla óvissu og álag í tengslum við mikla áfengis- eða vímuefnaneyslu foreldra. Það getur til lengdar haft miklar tilfinningalegar og félagslegar afleiðingar í för með sér fyrir þau og markað líf þeirra til framtíðar.

17 ára strákur: Má láta alla blása í áfengismæli áður en þeir fara á ball í framhaldsskóla? Má segja að ef þú blæst ekki þá kemstu ekki inn?

Vegna frumvarps sem lá þá fyrir á Alþingi, þar sem lagt var til að einkasala ÁTVR á smásölu áfengis verði aflögð, sendi umboðsmaður barna tölvupóst til allra þingmanna þann 5. mars 2015. Í tölvupóstinum benti hann á að hagsmunir barna af því að njóta verndar gegn skaðlegum áhrifum áfengis eiga samkvæmt lögum að vega þyngra en hugsanlegir hagsmunir fullorðinna af því að geta keypt áfengi í almennum verslunum. Íslenska ríkinu er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði lög- gjafar, til þess að vernda börn gegn skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna, sbr. meðal annars 33. gr. Barnasáttmálans sem nú er hluti af lögum. Þá vísaði umboðsmaður barna í umsögn sína um frumvarpið, dags. 7. nóvember 2014.

Er það rétt skilið að banna má nemendum að neyta tóbaks innan veggja skólans en starfsmanni skólans er óheimilt að taka tóbakið af viðkomandi?

Tölvupósturinn er svohljóðandi:

Kæri þingmaður

Nú er til meðferðar frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, þar sem lagt er til að einkasala ÁTVR á smásölu áfengis verði aflögð. Áður en þú greiðir atkvæði um frumvarpið hvetur umboðsmaður barna þig til þess að hugsa um þær neikvæðu afleiðingar sem auknið aðgengi að áfengi mun hafa á velferð barna og unglinga.

Við viljum minna þig á að samkvæmt 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem nú er hluti af íslenskum lögum, ber þér að setja hagsmuni barna í forgang þegar þú tekur ákvarðanir sem hafa áhrif á börn með einum eða öðrum hætti. Hagsmunir barna af því að njóta verndar gegn skaðlegum áhrifum áfengis eiga því að vega þyngra en hugsanlegir hagsmunir fullorðinna af því að geta keypt áfengi í almennum verslunum. Má í því sambandi einnig benda á að íslenska ríkinu er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði lög- gjafar, til þess að vernda börn gegn skaðlegum áhrifum áfengis og annarra vímuefna, sbr. meðal annars 33. gr. Barnasáttmálans. Hér fyrir neðan má lesa *umsögn umboðsmanns barna um frumvarpið*.

Við hvetjum þig einnig til þess að kynna þér rannsóknir og afstöðu fagfólks á sviði heilbrigðis- og félagsmála til frumvarpsins, sjá til dæmis *hér* á heimasíðu embættis landlæknis.

Kær kveðja,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna

BARNAKOT Á LITLA-HRAUNI

Börn sem eiga foreldri í fangelsi þurfa sérstakan stuðning til þess að geta notið umgengni við foreldri sitt. Í Barnakoti á Litla-Hrauni, er boðið upp á sérstaka aðstöðu fyrir börn sem heimsækja foreldri sitt sem situr inni á Litla-Hrauni. Í september 2015 bárust fréttir af því að takmarka ætti opnunartíma Barnakots. Sú ákvörðun hefur mikil áhrif á börn fanga og möguleika

Hefur umboðsmaður barna gert eitthvað vegna lokunar Barnakots?

þeirra til þess að njóta samvista við foreldra sína í sem besta umhverfi miðað við aðstæður. Af þessu tilefni sendi umboðsmaður barna bréf til Fangelsismálastofnunar, dags. 18. september 2015, þar sem óskað er eftir upplýsingum um lokun Barnakots um helgar. Bréf umboðsmanns var svohljóðandi:

Börnum er ekki gert kleift að heimsækja foreldra í fangelsi um helgar. Hvað er hægt að gera?

Fangelsismálastofnun
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes

Reykjavík, 18. september 2015

Efni: Barnakot

Umboðsmaður barna hefur fengið ítrekaðar ábendingar vegna þeirrar ákvörðunar að loka Barnakoti, heimsókn-aðstöðu fyrir börn fanga á Litla-Hrauni, um helgar.

Öll börn eiga rétt á því að njóta samvista við báða foreldra sína og er þessi réttur meðal annars tryggður í 3. mgr. 9. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013 og 46. gr. barnalaga nr. 76/2003. Auk þess nýtur gagnkvæmur umgengnisréttur barns og foreldris verndar ákvæða um friðhelgi fjölskyldunnar, sbr. meðal annars 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Skylt er að tryggja þessi réttindi án mismununar á grundvelli stöðu barns eða foreldra þess, sbr. 2. gr. Barnasáttmálans og 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Börn sem eiga foreldri í fangelsi þurfa sérstakan stuðning til þess að geta notið þessara réttinda til jafns við önnur börn. Hefur umboðsmaður barna því lagt sérstaka áherslu á að öll fangelsi hér á landi bjóði upp á barnvæna aðstöðu til heimsókna, sbr. til dæmis bls. 8 í skýrslu umboðsmanns barna til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2010, sem er aðgengileg á vef embættisins, barn.is.

Umboðsmaður barna fagnaði því framtaki að opna Barnakot á Litla-Hrauni, enda er þar boðið upp á aðstöðu þar sem sérstakt tillit er tekið til hagsmuna og þarfa barna. Umboðsmaður gagnrýnir þó þá ákvörðun að loka Barnakoti um helgar. Leiðir það til þess að börn þurfa að taka frí frá skóla til þess að þau geti notið aðstöðunnar í Barnakoti. Þá er líklegt að forsjáraðili barns þurfi að taka sér frí frá vinnu til þess að geta fylgt því í heimsóknina. Þessar hindranir samræmast illa réttindum barna og eru líklegar til þess að draga úr möguleikum þeirra til þess að heimsækja foreldri á Litla-Hrauni.

Samkvæmt 3. gr. Barnasáttmálans og 2. mgr. 1. gr. barnalaga á það sem er börnum fyrir bestu ávallt að hafa forgang þegar teknar eru ákvarðanir sem varða börn. Ljóst er að sú ákvörðun að takmarka opnunartíma Barnakots hefur mikil áhrif á börn fanga og möguleika þeirra til þess að njóta samvista við foreldra sína í sem bestu umhverfi miðað við aðstæður. Á umboðsmaður barna því erfitt með að sjá að sú ákvörðun geti talist í samræmi við fyrrnefnd ákvæði. Má í því sambandi benda á að ávallt ber að leita annarra leiða til hagræðingar en að skerða þjónustu við börn.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994 er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Óskar hann því eftir svörum við eftirfarandi spurningum.

1. Var sérstakt fjármagn ætlað í opnun og rekstur Barnakots við gerð síðustu fjárhagsáætlunar?
 - a. Ef svo er, hefur það fjármagn að öllu leyti verið nýtt?

2. Hvaða ástæður lágu að baki þeirri ákvörðun að takmarka opnunartíma Barnakots? Var sérstaklega metið hvaða áhrif sú ákvörðun myndi hafa á hagsmuni og réttindi barna?

Að lokum óskar umboðsmaður barna eftir öðrum upplýsingum sem máli kunna að skipta í þessu sambandi. Endilega hafið samband í síma 552-8999 ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna


Afrit:

Innanrikisráðuneytið. Margrét Frimannsdóttir, forstöðumaður fangelsisins Litla-Hrauns

Í svarbréfi Fangelsismálastofnunar, dags. 23. september 2015, var fyrri spurningu umboðsmanns barna svarað á þá leið að ekki hefði verið gert ráð fyrir fjármagni sem væri sérstaklega ætlað til reksturs og opunar „Barnakots“ við gerð síðustu fjárhagsáætlunar. Í svari við síðari spurningu umboðsmanns barna var tekið fram að fyrir um ári síðan hafði komið upp sú hugmynd að bæta heimsóknaraðstöðu barna á Litla-Hrauni enda hafi aðstaðan verið slæm. Ákveðið var að nýta kr. 4.000.000.- af rekstrarfé stofnunarinnar í að koma upp aðstöðunni þar sem málið var talið brýnt. Vegna mikilvægis þess að bæta heimsóknaraðstöðu barna var ákveðið að hefja rekstur af fullum krafti en það kom fljótlega í ljós að það var of kostnaðarsamt. Vegna enn frekari niðurskurðar-

kröfu af hálfu Alþingis neyddist Fangelsismálastofnun til að stytta opnunartíma, sérstaklega á þeim tíma þegar lágmarksmönnun er í fangelsinu, þ.e. um helgar. Ástæða lokunarinnar er því niðurskurður rekstrarfjár til Fangelsismálastofnunar. Að lokum var tekið fram að ekki hefði verið lagt sérstakt mat á hvort ákvörðunin hefði áhrif á hagsmuni og réttindi barna við ákvörðunartökuna.

Umboðsmaður barna telur það áhyggjuefni að ekki hafi verið hugað að hagsmunum barna við þá ákvörðun að takmarka opnunartíma Barnakots.



EIN HEIMA

Reglulega berast umboðsmanni barna spurningar um það við hvaða aldur börn megi vera ein heima. Svo virðist sem foreldrar og fagfólk kalli eftir almennum reglum eða viðmiðum um það hvenær sé óhætt að skilja börn eftir heima án eftirlits foreldra eða annarra ábyrgra aðila og hversu lengi. Af því tilefni birti umboðsmaður barna eftirfarandi texta á vef embættisins á árinu.

Hvaða lög eða reglur gilda?

Það eru engin lög eða reglur sem segja til um það frá hvaða aldri börn mega vera ein heima og hversu lengi.

Ábyrgð foreldra

Það er hlutverk foreldra að vernda börn sín og gæta að velferð þeirra eins og frekast er kostur. Foreldrum ber að haga öllum ákvörðunum sem varða börn þeirra á þann veg sem er börnunum fyrir bestu. Ákvæði laga um skyldur foreldra við börn sín eru fyrst og fremst í 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 og 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Foreldrum er treyst til að bera ábyrgð á öllum meiriháttar ákvörðunum fyrir börn sín og vernda þau. Á sama tíma eiga foreldrar að hlusta á vilja og skoðanir barna sinna og taka réttmætt tillit til þeirra. Ákvörðun um það hvenær börnum er treyst til að vera ein heima er eitt af því sem foreldrar verða að bera ábyrgð á sjálfir.

Að hverju þarf að huga?

Börn eru misjöfn og aðstæður þeirra líka. Það sem hentar einu barni þarf ekki endilega að henta öðru barni. Margir þættir spila saman þegar metið er hvenær óhætt er að skilja börn eftir ein heima. Við matið ber að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Þegar hagsmunir barna og fullorðinna skarast eiga hagsmuni barna að veða þyngra. Fyrst og fremst ber að taka mið af aldri og þroska barns en hér eru nokkrir aðrir þættir sem hægt er að hafa til hliðsjónar:

- Hvað vill barnið sjálf?
- Hversu lengi á að skilja það eftir eitt?
- Á hvaða tíma sólarhringsins á að skilja það eftir eitt?
- Hefur barnið sýnt ábyrga hegðun hingað til?
- Er einhver fullorðinn nálægt, t.d. nágranni, sem auðvelt er að leita til ef eitthvað kemur upp á?
- Er heimilið öruggt m.t.t. slyshættu?

Má barnsmóðir mín taka 6 ára barn okkar af frístundaheimili? Hvaða reglur gilda um hvenær börn mega vera ein heima?

Eru einhver lög sem gilda um það hvenær börn mega vera ein heima?

Þegar



- Er barnið líklegt til að bregðast rétt við ef eitthvað kemur upp á?
- Geta foreldrar komið heim með stuttum fyrirvara?

Vissulega þarf að taka mið af öðrum þáttum eftir aðstæðum og eru þessi atriði aðeins sett fram hér til að gefa einhver dæmi.

Þegar foreldrar ákveða að barnið sé tilbúið að vera skilið eftir eitt heima mælir umboðsmaður samt með því að til að byrja með verði það gert í frekar stuttan tíma sem síðan er hægt að lengja smám saman ef vel gengur. Börn þurfa að finna fyrir meiri ábyrgð með hækkandi aldri til að efla sjálfstæði þeirra og öryggi. Séu börn hins vegar sett í aðstæður sem þau ráða ekki við of snemma getur það stefnt öryggi þeirra í hættu og haft slæm áhrif á líðan þeirra og sjálfsmynd. Umboðsmaður hvetur foreldra til að ræða málin við börnin sjálf og kenna þeim að umgangast heimilið af ábyrgð og byggja þannig upp færni til framtíðar.

Barnavernd

Foreldrar bera ábyrgð á velferð barna sinna og eiga að taka ákvarðanir í samræmi við hagsmuni barna. Séu mjög ung börn skilin eftir ein heima getur verið ástæða til að tilkynna barnavernd um málið. Þeir sem eru ekki vissir hvort tilkynna beri um aðstæður barns ættu samt að hafa samband við barnavernd og ráðfæra sig við starfsfólk hennar.

RÉTTUR BARNNA TIL RÁÐGJAFAR OG TRÚNAÐARSAMSKIPTA

Töluvert er um að börn, foreldrar og fagfólk hafi samband við umboðsmann barna til að spyrja hvort foreldrar verði alltaf að vera með í ráðum þegar barn óskar eftir því að ræða í trúnaði við sálfræðing eða heilbrigðisstarfsfólk. Af því tilefni ákvað umboðsmaður á árinu að birta frétt á vef embættisins. Oft virðist lítið svo á að foreldrar þurfi að samþykkja alla þjónustu sem börn þiggja. Í ljósi breyttra viðhorfa, aukinnar þekkingar og þróunar í mannréttindamálum er hins vegar í auknum mæli viðurkennt að börn eigi að njóta sjálfstæðra réttinda til þess að leita sér aðstoðar og eiga trúnaðarsamskipti við fagaðila, óháð vitneskju eða afstöðu foreldra sinna.

Í þessu sambandi er mikilvægt að gera greinarmun á ráðgjöf og meðferð, en foreldrar sem fara með forsjá þurfa að samþykkja nauðsynlegar meðferðir fyrir börn undir 16 ára aldri, sbr. 26. gr. laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklunga.

Í almennum athugasemdum Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna um 12. gr. Barnasáttmálans segir í

lauslegri þýðingu: Að aðildarríki þurfi að innleiða lög og reglugerðir sem tryggja börnum rétt til heilsufarsráðgjafar og aðstoðar í trúnaði án samþykkis foreldra, óháð aldri barns, þegar þörf er á vegna öryggis eða velferðar barns. Börn geta haft þörf á slíkri ráðgjöf, t.d. þegar þau hafa reynslu af ofbeldi eða vanrækslu á heimili sínu. Þegar þau hafa þörf á ráðgjöf um getnaðarvarnir eða þegar börn og foreldrar eru ekki sammála um aðgang barna að heilbrigðisþjónustu. Rétturinn til ráðgjafar og aðstoðar er óháður aldri til að veita samþykki í heilbrigðismálum og ætti ekki að vera takmarkaður með aldursmörkum.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að virða sjálfstæðan rétt barna á öllum aldri til þess að leita eftir ráðgjöf og aðstoð frá fagaðilum, svo sem sálfræðingum, án samþykkis foreldra. Börn eiga sjálfstæðan rétt til trúnaðar af hálfu fagaðila, þó með þeim takmörkunum sem leiðir af tilkynningarskyldu þeirra til barnaverndar.



RÉTTUR BARNNA TIL UPPLÝSINGA UM SIG SJÁLF

Ýmsir hafa velt fyrir sér hvort börn geti fengið upplýsingar um sig án þess að fara í gegnum foreldra og hversu gömul þau þurfa að vera til að fá aðgang að upplýsingunum. Er þá t.d. átt við upplýsingar frá skólum, aðilum í fritímaþjónustu, sýslumannsembættum, fjármálastofnunum, lögreglu, sjúkrastofnunum og barnavernd. Í þessu sambandi ákvað umboðsmaður barna að taka saman helstu sjónarmiðin sem eiga við í þessu sambandi og birta á vef embættisins.

Það er meginregla að einstaklingar eiga rétt á að fá aðgang að upplýsingum um sjálfan sig, sbr. meðal annars 14. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og 18. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Hægt er að lesa meira um upplýsingaréttinn hér á heimasíðu Persónuverndar.

Í ofangreindum lögum er ekki beinlínis tekið á því hvort og þá við hvaða aldur barn getur farið sjálft með upplýsingarétt sinn. Samkvæmt 5. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 fara forsjáradilar með lögformlegt fyrirvar barna sinna til 18 ára aldurs. Sumir telja þetta fela í sér að foreldrar þurfi ávallt að koma fram fyrir hönd barna sinna, til dæmis þegar óskað er eftir upplýsingum. Þó að foreldrar fari með forsjá og lögformlegt fyrirvar barna sinna er mikilvægt að hafa í huga að börn eru fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi. Bæði Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og önnur íslensk lög gera því ráð fyrir því að börn öðlist stigvaxandi rétt til að hafa áhrif á eigið líf og taka sjálfstæðar ákvarðanir, sbr. meðal annars 12. gr. Barnasáttmálans, 3. mgr. 1. gr og 6. mgr. 28. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Má skólustjóri barna umsjónarkennara að veita upplýsingar?

Umboðsmaður barna telur að börn eigi almennt sjálfstæðan rétt til upplýsinga um sig sjálf. Ljóst er að ung börn geta almennt ekki beitt þessum rétti sínum án aðkomu foreldra. Eftir því sem börn eldast og þroskast eru meiri líkur á því að þau geti sjálf óskað eftir upplýsingum um sig, án þess að samráð sé haft við foreldra. Er þetta einnig í samræmi við álit Persónuverndar. Í úrskurði Persónuverndar nr. 2014/656 kemur fram að það sé ekki skilyrði þess að geta farið með upplýsingarétt sinn að vera lögráða og að börn og unglingar geti farið með hann hafi þau til þess nægan þroska eða hafi vísa aðstoð í þessum efnum.

Í einstaka sérlægum er kveðið á um sjálfstæðan rétt barna til upplýsinga. Sem dæmi má nefna að í ákveðnum tilvikum eru börn sjálf aðilar að barnaverndarmálum frá 15 ára aldri og eiga í samræmi við það rétt á aðgangi að gögnum máls, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002. Þá er í lögum um réttindi sjúklunga nr. 74/1997 tekið fram að börnum skuli veittar upplýsingar að teknu tilliti til aldurs þeirra og þroska og alltaf þegar þau hafa náð 16 ára aldri, sbr. 25. gr. laganna.

Að öðru leyti er erfitt að svara því við hvaða aldur börn geta beitt upplýsingarétti sínum sjálf. Almennt þarf að meta það hverju sinni með hliðsjón af aldri og þroska barns sem og eðli þeirra upplýsinga sem um ræðir. Til hliðsjónar má benda á að í íslenskum lögum er gjarnan gert ráð fyrir því að við 12 ára aldur hafi börn öðast nægilegan þroska til að hafa áhrif á eigið líf og taka þátt í ákvörðunum, t.d. um nafnbreytingu og ættleiðingu. Telur umboðsmaður barna því rétt að ganga út frá því að börn sem náð hafa 12 ára aldri geti almennt beitt rétti sínum til að óska eftir upplýsingum. Umboðsmaður telur þó jafnframt að yngri börn geti átt sjálfstæðan rétt til upplýsinga í ákveðnum tilvikum, til dæmis frá grunnskólum og íþrótt- og tómstundastarfi.

Í sumum tilvikum er heimilt að takmarka aðgang barna að gögnum, t.d. ef þau hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra. Enda vegi þeir hagsmunir, sem mæla með því að upplýsingum sé haldið leyndum, þyngra en hagsmunir barnsins sem fer fram á aðgang að gögnum, sbr. til dæmis 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga. Þetta sjónarmið á jafnt við um börn og fullorðna.



Er skóla heimilt að neita lögmanni um upplýsingar til að nýta í dómsmáli?



Er hægt að kalla kennara sem vitni?

Upplýsingar geta líka verið þess eðlis að þær eru ekki taldar við hæfi barna, til dæmis þegar ástæða er til að ætla að þær geti haft skaðleg áhrif á líðan barns. Við slíkar aðstæður getur verið ástæða til að gera kröfu um samþykki foreldra áður en upplýsingar eru veittar barni, enda ber foreldrum skylda til þess að tryggja börnum sínum viðeigandi vernd. Þar sem börn geta almennt borið mikla ábyrgð frá 15 ára aldri, sbr. sakhæfi, telur umboðsmaður barna þó mikið þurfa að koma til svo hægt sé að meina barni sem náð hefur 15 ára aldri aðgang að upplýsingum um sig. Í þessu samhengi má benda á að reglum um það hverjir mega fá afhent sakavottorð barna var breytt árið 2014 eftir athugasemd frá umboðsmanni barna. Nú geta börn því sjálf fengið sitt eigið sakavottorð útgefið. Ekki er þörf á samþykki forsjáraðila í þessu efni þegar um börn á aldrinum 15-18 er að ræða.

Börn eiga stigvaxandi rétt á að hafa áhrif á eigið líf og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Í samræmi við ofangreind sjónarmið telur umboðsmaður barna mikilvægt að tryggja börnum sjálfstæðan rétt til upplýsinga um sig sjálf svo framarlega sem það brjóti ekki gegn réttindum annarra eða skaði barnið. Umboðsmaður þiggur allar ábendingar sem varða upplýsingarétt barna.



MÖGULEIKAR BARNNA TIL ÞESS AÐ LEITA RÉTTAR SÍNS

Ísland hefur fullgilt tvær valfrjálsar bókanir við Barnasáttmálann og voru þær báðar lögfestar samhliða sáttmálanum með lögum nr. 19/2013. Árið 2014 tók gildi þriðja valfrjálsa bókanin við sáttmálann, en íslenska ríkið hefur enn hvorki skrifað undir hana né fullgilt. Bókanin veitir börnum, hópum barna eða fulltrúum þeirra tækifæri til að kæra mál til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna. Forsenda þess að hægt sé að fara með mál til nefndarinnar er að allar kæruleiðir í heimalandinu hafi verið fullreynar.

Má ég fara í skoðun án samþykkis foreldra ef ég held að ég sé með kynsjúkdóm?

Í þriðju valfrjálsu bókaninni er gert ráð fyrir að börn geti sjálf leitað til Barnaréttarnefndarinnar ef þau telja brotið á réttindum sínum með einhverjum hætti. Hins vegar hefur hér á landi almennt verið gert ráð fyrir að forsjáraðilar kæri eða höfði mál fyrir hönd barna sinna. Taldi umboðsmaður barna því mikilvægt að kanna hvernig úrskurðaraðilar hér á landi brugðust við ef barn kærði mál án samþykkis eða jafnvel á móti vilja foreldra sinna. Sendi hann því bréf til ýmissa kærunefnda og úrskurðaraðila, dags. 24. september 2014, og óskaði eftir upplýsingum og svörum við því hvernig úrskurðaraðilar hér á landi bregðast við þegar börn leita réttar síns án samþykkis eða jafnvel gegn vilja foreldra sinna. Svör bárust embættinu misvel og þau síðustu ekki fyrir en um sumarið 2015.

Þann 28. ágúst 2015 sendi umboðsmaður barna bréf til úrskurðaraðila og kærunefnda ásamt yfirlögráðanda og vakti athygli á því sem svör aðila hefðu leitt í ljós. Svörin benda til þess að það sé afar sjaldgæft að börn leiti sjálf réttar síns hér á landi. Þá virðist sjaldan reyna á það að börnum sé skipaður sérstakur lögráðamaður til að reka ákveðið mál, sbr. 53. gr. lögræðislaga nr. 71/1997. Umboðsmaður barna óttast að börn þekki ekki nægilega vel möguleika sína til að leita réttar síns þegar brotið er á þeim með einhverjum hætti.

Eins og áður hefur komið fram var lengi vel talið að foreldrar þyrftu að taka allar ákvarðanir fyrir hönd ólögráða barna sinna, nema annað væri sérstaklega tekið fram í lögum. Með breyttum viðhorfum, aukinni þekkingu og þróunar í mannréttindamálum er það orðið viðurkenndara að börn eigi að njóta sjálfstæðra réttinda til þess að leita réttar síns, óháð vilja eða afstöðu foreldra

sinna. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, sem hefur eftirlit með framkvæmd Barnasáttmálans, hefur lagt ríka áherslu á að börn geti sjálf komið kvörtunum á framfæri og að þær kvörtunarleiðir sem standi til boða séu bæði barnvænar og skilvirkar.

Er í lagi að vera kærustupar þegar maður er 10 ára eða er það bannað?

Umboðsmaður barna telur að afstaða foreldra eigi ekki að ráða úrslitum um það hvort barn geti fengið úrlausn mála sinna hér á landi. Þegar foreldrar geta ekki eða vilja ekki af einhverjum ástæðum aðstoða barn við að leita réttar síns getur eftir atvikum verið ástæða til að óska eftir því að barni verði skipaður sérstakur lögráðamaður. Í ákveðnum tilvikum, sérstaklega þegar um stálpuð börn og unglínga er að ræða, getur enn fremur verið full ástæða til að taka við kvörtun frá barni, án aðkomu foreldra eða sérstaks lögráðamanns.

Hvencar ráða börn umgengni?

Umboðsmaður barna vakti athygli framangreindra aðila, sem taka til meðferðar ágreiningsmál eða leysa að öðru leyti úr álitamálum sem varða réttindi einstaklinga, á þeirri þróun sem hefur orðið í réttindamálum barna. Hann hvetur þá til þess að virða sjálfstæð réttindi þeirra. Má í því sambandi sérstaklega minna á 3. gr. Barnasáttmálans, en þar kemur fram að það sem er barni fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar stjórnvöld eða aðrir aðilar gera ráðstafanir sem varða börn. Það getur verið vandasamt að haga störfum sínum í samræmi við það ákvæði en mikilvægur þáttur í því er að leita eftir afstöðu og viðhorfi barnanna sjálfra. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld leiðbeini börnum sérstaklega og veiti þeim upplýsingar sem hæfa aldri þeirra og þroska, til þess að þau geti gætt hagsmuna sinna á sem bestan hátt. Barnasáttmálinn gerir þá kröfu til opinberra aðila að stjórnvöld og þjónusta þeirra sé barnvæn og taki mið af þörfum barna á öllum aldri.

SUMARVINNA UNGLINGA

Mega foreldrar fá vaktaskrá 16 ára dóttur sinnar ef stúlkan er á móti því?

Á árinu fékk umboðsmaður barna óvenjumargar fyrirspurnir frá unglungum og foreldrum um það hvaða reglur gilda um vinnu þeirra og launin sem þau vinna sér inn.

Almenna reglan er sú að það má ekki ráða börn sem eru undir 15 ára aldri í vinnu, en á þeirri reglu eru þó ýmsar undantekningar. Börn sem eru 13 og 14 ára mega því vinna ýmis léttari störf.

Er hægt að neyða barn til að vinna?

Á ekki 15 ára barn rétt á að fá yfirvinnu greidda þó að það sé á jafnaðarkaupi?

Ræður 17 ára barn yfir þeim peningum sem það vinnur sér inn fyrir?

Börn undir 15 ára aldri mega hins vegar ekki vinna á kassa í verslunum eða starfa við barnagæslu.


Börn eiga ýmis réttindi á vinnumarkaði og ráða sjálf yfir þeim peningum sem þau vinna sér inn fyrir. Það er þó mikilvægt að foreldrar ráðleggi börnum sínum um ábyrga meðferð fjármuna. Foreldrar eiga líka að sjá til þess að börn þekki réttindi sín á vinnumarkaði og hjálpa þeim ef brotið er á þeim. Börn geta líka leitað til stéttarfélaga, Vinnueftirlitsins og ríkisskattstjóra ef þau vantar leiðbeiningar eða hafa áhyggjur af því að vinnuveitandi þeirra fylgi ekki reglum.

Hvert er hægt að leita þegar barn fær ekki borguð þau laun sem það á inni?

Mig langar að fara að vinna en get hvergi sótt um vinnu. Vitið þið hvar er hægt að sækja um vinnu?

Nánar er hægt að lesa um vinnu á vefsíðu umboðsmanns barna.

Hver eru réttindi blaðburðarbarna?



UPPLÝSINGAR UM BÖRN Á SAMFÉLAGSMIÐLUM

Það virðist vera að færast í aukana að foreldrar birta ýmsar upplýsingar um börn sín á samfélagsmiðlum, þ. á m. upplýsingar um námsárangur. Í kringum skólaslit grunnskóla vorið 2015 ákvað umboðsmaður barna því að birta pistil á vefnum þar sem farið er yfir mikilvægi þess að huga að réttindum barna áður en birtar eru upplýsingar um þau á Netinu.

Eru til einhverjar reglur um notkun barna á Snapchat, Facebook og öðrum slíkum miðlum? Hvað er æskilegt fyrir hvern aldur?

Umboðsmaður barna benti meðal annars á að einkunnir eru einkamál.

Ef foreldrar vilja birta þær eða upplýsingar um námsárangur barna sinna er mikilvægt að þeir biðji börnin um leyfi til að gera það. Það er auðvitað gleðilegt fyrir okkur hin að sjá falleg ummæli stoltra foreldra um

börn sín og myndir af þeim sem hafa staðið sig vel og gert góða hluti. Langflestir foreldrar sem deila upplýsingum um börn sín á Netinu gera það smekklega og af virðingu við viðkomandi börn. Það er þó gott að hafa í huga að stundum eru minni upplýsingar betri en meiri.


Allir – þar á meðal börn – eiga rétt á því að njóta friðhelgi einkalífs, sem felur meðal annars í sér rétt til þess að ráða yfir lífi sínu og líkama, og til þess að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi.

Forsjá foreldra takmarkar í ákveðnum tilvikum friðhelgi einkalífs barna. Þar sem foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum og þurfa að taka sumar ákvarðanir fyrir þeirra hönd, í samræmi við aldur og þroska þeirra. Foreldrar þurfa þó samt sem áður að virða einkalíf barna sinna og fara varlega í að birta opinberlega myndir eða upplýsingar um börn sín, t.d. á Facebook eða öðrum miðlum. Þetta á sérstaklega við um myndir eða upplýsingar sem mögulega geta verið viðkvæmar fyrir barnið eða ætla má að barnið kæri sig ekki um að aðrir hafi vitneskju um. Í þessu sambandi þarf að huga að því hvort það sé líklegt að barnið sé sátt við það að þessar upplýsingar eða myndir verði til það sem eftir er. Því eins og við vitum þá geta upplýsingar sem eru settar á Netið fylgt einstaklingum til framtíðar.

Mikilvægt er að við setjum okkur í spor barnanna og birtum ekki myndir af þeim eða upplýsingar um þau sem við myndum sjálf ekki vilja að birtust af okkur eða um okkur. Á þetta til dæmis við um myndir sem sýnir barn í

viðkvæmum aðstæðum. En jafnvel þó að við sjálf hefðum ekkert á móti myndbirtingu eða birtingu tiltekinna upplýsinga um okkur þarf ekkert endilega að vera að börnin verði sátt við þetta mat foreldra sinna þegar fram í sækir.

Eftir því sem börn eldast og þroskast eiga þau að ráða meiru um það hvernig og um hvaða málefni þau kjósa að tjá sig. Ef barn vill birta persónulegar upplýsingar um sig sjálft er rétt að leyfa það svo framarlega sem það skaðar ekki barnið sjálft eða einhvern annan. Þá er gott að hafa rætt vel um góðar og slæmar hliðar Netsins og um ábyrga meðferð á myndum og öðrum upplýsingum. Foreldrar bera ábyrgð á því að ræða þessi mál og hugsanlega setja einhver viðmið eða reglur um birtingu upplýsinga í samvinnu við börn sín. Þannig má stuðla að því að sem flestir verði sáttir þegar til lengri tíma er litið.



HVENÆR RÁÐA BÖRN SJÁLF?

Get
ég flutt til
Íslands þó að ég
sé ekki orðin 18 ára?
Má ég ráða í hvaða
framhaldsskóla ég fer
í? Hvað get ég
gert?

Umboðsmaður barna vinnur nú að samantekt sem ber vinnuheitið Hvenær ráða börn sjálf? Í samantektinni er ætlunin að tiunda hvaða lög, reglur og almennu sjónarmið eiga við þegar metið er hvenær börn geta tekið ákvarðanir sjálf og hvenær þau þurfa samþykki foreldra sinna. Ekki verður hægt að gefa endanleg svör í slíkri samantekt, enda þarf oft að meta rétt barna til með- og sjálfsákvörðunar með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, s.s. aldri, þroska, umhverfi og þörf á vernd. Á árinu birti umboðsmaður barna almenna hlutann úr samantektinni á vef embættisins, en stefnt er að því að birta heildartextann á næsta ári.

HVENÆR RÁÐA BÖRN SJÁLF?

Reglulega koma upp álitamál um það hvenær börn mega taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigið líf og líkama. Í lögum er hægt að fá, í einhverjum tilfellum, svör við spurningum um það hvenær börn ráða sjálf og hvenær ákvörðunarvald er hjá foreldrum. Í öðrum tilvikum gefa löginn ekki afdráttarlaus svör og þarf þá að meta rétt barna til með- og sjálfsákvörðunar með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni. Ýmis sjónarmið geta haft áhrif á þetta mat og ekki er víst að allir séu sammála um það hvernig túlka beri réttindi og ábyrgð barna og foreldra.

Hér fyrir neðan má finna stutta samantekt um það hvaða lög, reglur og almennu sjónarmið eiga við þegar metið er hvenær börn geta tekið ákvarðanir sjálf og hvenær þau þurfa samþykki foreldra sinna. Ekki er hægt að gefa endanleg svör í slíkri samantekt enda koma ýmis sjónarmið til skoðunar, s.s. hlutverk foreldra, aldur og þroski barns, umhverfi og þörf á vernd. Samantektin er e n n í vinnslu en stefnt er að því að gefa hana út í heild sinni á næstunni. Þar verður reynt að taka saman þau sjónarmið sem helst þarf að hafa í huga í hverjum málaflokki fyrir sig.

Má 13 ára barn koma til umboðsmanns barna og fá aðstoð án þess að foreldrar viti af því?

1. RÉTTINDI BARNNA

Börn eru einstaklingar á aldrinum 0-18 ára. Börn eru viðkvæmur þjóðfélagshópur sem þarf að tryggja sérstaka vernd og umönnun, eins og meðal annars kemur fram í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjórnarskrá). Börn eiga þó jafnframt rétt á því

að vera þátttakendur í samfélaginu og hafa áhrif á eigið líf í samræmi við aldur og þroska. Fullorðnir eiga yfirleitt auðvelt með að viðurkenna rétt barna til þess að njóta umhyggju og verndar. Hins vegar virðist oft erfiðara að viðurkenna rétt þeirra til þess að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Þannig er það of algengt viðhorf að börn eigi að hafa lítil sem engin áhrif þegar kemur að ákvörðunum sem snerta þau sjálf enda skortir þau bæði þroska og reynslu.

Börn njóta almennt sömu mannréttinda og fullorðnir. Þar sem börn eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu í samfélaginu hefur þó jafnframt verið talið nauðsynlegt að tryggja þeim sérstök réttindi. Má þar helst nefna samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða Barnasáttmálann eins og hann er oftast kallaður, sem var samþykktur af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 20. nóvember 1989. Sáttmálann var fullgiltur á Íslandi árið 1992 og lögfestur árið 2013, sbr. lög nr. 19/2013. Þegar Barnasáttmálann var samþykktur markaði það mikil tímamót fyrir réttindi barna, þar sem hann felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi, óháð réttindum fullorðinna. Barnasáttmálann tryggir börnum ekki aðeins sérstaka vernd og umönnun heldur endurspeglar hann nýja sýn á hlutverk og stöðu barna í samfélaginu. Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans eiga börn sem myndað geta eigin skoðanir rétt á að láta þær í ljós í öllum málum sem þau varða og þeim fullorðnu ber að taka réttmætt tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska. Sambærilegt ákvæði er einnig að finna í 3. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003. Í 13. gr. Barnasáttmálans er tjáningarfrelsi barna einnig veitt sérstök vernd en þar segir að börn eigi rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Sömu leiðis hefur Barnasáttmálann að geyma ákvæði sem eiga að tryggja börnum rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri.

Af 12. gr. Barnasáttmálans leiðir að börn eiga rétt á því að taka þátt í ákvörðunum sem varða þau sjálf, hvort sem um er að ræða ákvarðanir í þeirra daglega lífi eða ákvarðanatöku í samfélaginu. Börn njóta auk þess friðhelgi einkalífs eins og fullorðnir og er sá réttur meðal annars tryggður í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 16. gr. Barnasáttmálans. Friðhelgi einkalífs nær til alls sem lýtur að persónulegum málefnum einstaklinga og felur það meðal annars í sér að hver og einn á rétt á því að ráða yfir eigin lífi og líkama og njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Á sama tíma

er viðurkennt að foreldrar beri ábyrgð á börnum sínum. Samkvæmt 5. gr. Barnasáttmálans ber foreldrum að veita börnum sínum tilhlýðilega leiðsögn eða handleiðslu í samræmi við vaxandi þroska þeirra. En þá er skírskotað til þess að uppeldisaðferðir foreldra þurfi að vera í samræmi við þau réttindi sem börnum eru tryggð í sáttmálanum. Á það ekki síst við um friðhelgi einkalífs og réttinn til þess að hafa áhrif á eigið líf, en sérstaklega er áréttað í 5. gr. sáttmálans að foreldrar eigi að veita börnum sínum aukið svigrúm með vaxandi þroska.


Má ég flytja til kærastans míns án samþykkis foreldra?

Í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans er gert ráð fyrir því í íslenskum barnalögum að foreldrar beri ábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna. Sem fyrr segir er börnum jafnframt tryggður réttur til að láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif í öllum málum sem þau varða. Enn fremur er sérstaklega tekið fram að foreldrum beri að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Þá skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskast, sbr. 6. mgr. 28. gr. barnalaga. Foreldrar eiga því að hlusta á skoðanir barna sinna og taka aukið tillit til þeirra eftir því sem þau eldast og þroskast. Í öðrum lögum er einnig gert ráð fyrir að börn

Hvernig get ég flutt frá fjölskyldunni minni?

öðlist stigvaxandi rétt til að taka ákvarðanir sjálf. Sem dæmi um það má nefna að 12 ára barn þarf sjálft að samþykkja nafnabreytingu og ættleiðingu og 16 ára barn getur sjálft samþykkt læknis meðferð eða skráningu í og úr trú- eða lífsskoðunarfélagi. Er því ljóst að þó svo að foreldrar fari með forsjá barna sinna til 18 ára aldurs öðlast börn stigvaxandi rétt til að hafa áhrif á eigið líf og í sumum tilvikum taka sjálfstæðar ákvarðanir um eigin málefni. Hins vegar getur stundum verið erfitt að svara því hversu mikil áhrif börn eiga að hafa á einstaka ákvarðanir og í hvaða tilvikum þau ráða alveg sjálf.

Lengi vel hefur verið talið að foreldrar þurfi að taka allar ákvarðanir fyrir hönd barna sinna, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum. Í ljósi breyttra viðhorfa, aukinnar þekkingar og þróunar í mannréttindamálum er hins vegar í auknum mæli viðurkennt að börn eiga að njóta sjálfstæðra réttinda, óháð vilja eða afstöðu foreldra sinna. Mikilvægt er að börn, foreldrar og þeir sem starfa með börnum eða taka ákvarðanir sem hafa áhrif á þau taki mið af þeim breytingum sem hafa orðið í réttindamálum barna og virði sjálfstæð réttindi þeirra.



Ef ég á eitt hvað, geta foreldrar mínir bannað mér að selja það?

2. GRUNDVALLARHUGTÖK OG -SJÓNARMÍÐ

Forsjá

Börn eiga rétt á að njóta umönnunar og verndar foreldra sinna. Hugtakið forsjá er notað til þess að lýsa þessu sambandi foreldra og barns í íslenskum lögum, bæði í innbyrðis samskiptum og í samskiptum utan fjölskyldu. Ef foreldrar geta af hverjum ástæðum ekki sinnt þessu hlutverki sínu þarf að fela öðrum aðilum forsjá barns. Í 28. gr. barnalaga nr. 76/2003 er að finna leiðbeiningar um inntak forsjár, en þar er bæði mælt fyrir um rétt og skyldu foreldra:

28. gr. Almenn um inntak forsjár.

Barn á rétt á forsjá foreldra sinna, annars eða beggja, uns það verður sjálfráða og eru þeir forsjárskyldir við það.

Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum. Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn hvers kyns ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að afla barni sínu lögmæltrar fræðslu og ala með því iðjusemi og siðgæði. Foreldrum ber að stuðla eftir mætti að því að barn þeirra fái menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfileika þess og áhugamál.

Má ég segja nei við námsráðgjafann í skólanum mínum þegar hann kallar á mig til sín?



Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri fer enn fremur með lögformlegt fyrirsvar barns. Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt áður en málefnum þess er ráðið til lykta eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Skal afstaða barns fá aukið vægi eftir því sem barnið eldist og þroskast.

Samkvæmt 5. mgr. fara foreldrar með lögformlegt fyrirsvar barna sinna og ráða persónulegum högum þeirra. Er því ljóst að forsjá foreldra, eða eftir atvikum annarra fullorðinna, takmarkar í reynd möguleika barna til að taka ákvarðanir upp á eigin spýtur. Þar sem börnum skortir í ákveðnum tilvikum þroska til að taka tillit til allra þátta við ákvörðunartöku þykir réttlætjanlegt að takmarka sjálfsvörðunarrétt þeirra. Á móti hvílir skylda á þeim sem fara með forsjá barna að taka meiriháttar ákvarðanir fyrir þeirra hönd, í samræmi við það sem er hverju einstöku barni fyrir bestu. Almenn er litið svo á að ekki sé hægt að ákvarða hvað telst barni fyrir bestu nema barninu sé veitt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Eftir því sem börn eldast og þroskast ber að veita þeim aukið tækifæri til að hafa áhrif á líf sitt og umhverfi og þar með aukið svigrúm til að taka sjálf ákvarðanir.

Friðhelgi einkalífs

Friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis eru mikilvæg mannréttindi sem eru meðal annars tryggð í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þessi ákvæði ná jafnt til barna og fullorðinna. Auk þess er börnum tryggður sérstakur réttur til friðhelgi einkalífs í 16. gr. Barnasáttmálans. Hugtakið friðhelgi einkalífs felur meðal annars í sér réttinn til þess að ráða yfir lífi sínu og líkama og til þess að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Þá njóta tilfinningalíf, samskipti og tilfinningasambönd við aðra einnig verndar ákvæðisins. Mikilvægur þáttur í friðhelgi einkalífs felst því í að taka sjálfur ákvarðanir í persónulegum málefnum.

Forsjá foreldra takmarkar í ákveðnum tilvikum friðhelgi einkalífs barna, en börn öðlast þó stigvaxandi rétt til þess að ráða sínum persónulegu málum sjálf. Við fæðingu er réttur barna til friðhelgi einkalífs verulega takmarkaður og þurfa foreldrar að taka allar ákvarðanir fyrir hönd barna sinna. Þó þurfa þeir engu að síður að virða einkalíf ungra barna og til dæmis fara varlega í að birta viðkvæmar myndir og upplýsingar um börn sín, t.d. á Netinu eða í öðrum fjölmiðlum. Eftir því sem börn eldast og þroskast breytist hlutverk foreldra smátt og smátt. Þegar um stálpuð börn og unglinga er að ræða eiga þau sjálf ríkan rétt til friðhelgi einkalífs. Hlutverk foreldra er þá fremur nokkurs konar leiðbeiningar- og verndarhlutverk. Mikið

þarf að koma til svo foreldrar geti haft afskipti af einkalífi unglunga. Foreldrar bera þó áfram ábyrgð á börnum sínum og ber að grípa inn í ef ástæða er til að ætla að börn séu að stefna sjálfum sér eða öðrum í hættu.

Réttur barns til að hafa áhrif

Eins og fram hefur komið bera foreldrar ábyrgð á uppeldi og velferð barna sinna og er því almennt gengið út frá því að þeir taki meiriháttar ákvarðanir fyrir börn sín. Eftir því sem þau eldast og þroskast fá þau þó aukinn rétt til þess að vera höfð með í ráðum þegar kemur að því að taka ákvarðanir þangað til að lokum þeim er veittur réttur til þess að taka þær að fullu.

Þegar tekin er ákvörðun sem varðar barn með einum eða öðrum hætti hefur barnið sjálft ávallt samráðsrétt. Það felur í sér að barn á rétt á því að vera með í ráðum þegar ákvarðanir eru teknar í persónulegum málum þess. Það á þá rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á niðurstöðuna. Foreldrar og aðrir fullorðnir eiga enn fremur að hlusta á barnið og taka tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska. Mikilvægt er að undirstrika að um er að ræða rétt barns en ekki skyldu. Þannig ber að sjálfsögðu aldrei að þvinga barn til að taka ákvörðun eða bera ábyrgð á einhverju sem það treystir sér ekki til. Í 12. gr. Barnasáttmálans sem og í 3. mgr. 1. gr. og 6. mgr. 28. gr. barnalaga er börnum tryggður samráðsréttur í öllum málum sem varða þau með einum eða öðrum hætti.

Þegar sjónarmiðum barns er gefið töluvert vægi og ákvörðun ekki tekin án þess samþykkis er talað um að barnið hafi *meðákvörðunarrétt*. Ákveðnar ákvarðanir eru þess eðlis að rétt þykir að barn hafi mjög mikil áhrif á niðurstöðuna, þannig að vilji þess ráði að mestu leyti úrslitum. Eftir því sem börn eldast og þroskast verða slíkar ákvarðanir algengari. Í sumum tilvikum er jafnframt talið rétt að það ráði sjálft hvaða ákvörðun er tekin, eða eigi svokallaðan *sjálfsákvörðunarrétt*. Í lögum er að finna ýmis ákvæði sem skera úr um það hvenær börn eiga meðákvörðunarrétt og sjálfsákvörðunarrétt.

Það sem barni er fyrir bestu

Í barnarétti gildir sú meginregla að allar ákvarðanir sem teknar eru fyrir börn eiga að vera í samræmi við það sem telst viðkomandi barni eða börnum fyrir bestu. Þessa reglu er m.a. að finna í 3. gr. Barnasáttmálans og í 2. mgr. 1. gr. barnalaga. Þegar metið er hvað telst barni fyrir bestu þarf að huga að ýmsum þáttum. Sérstaklega þarf að huga að réttindum barna, svo sem friðhelgi einkalífs og réttinum til að tjá sig og hafa áhrif. Einnig þarf

ákvörðun að taka mið af aðstæðum hverju sinni og þeirri þekkingu sem er til staðar. Þar sem börn eiga að njóta sjálfstæðra réttinda sem eru óháð réttindum foreldra sinna eða annarra fullorðinna er sérstaklega mikilvægt að leita eftir skoðunum þeirra og virða þær áður en tekin er ákvörðun um hvað er þeim fyrir bestu.

Verndarsjónarmið

Þegar teknar eru ákvarðanir um málefni barns og engar leiðbeiningar er að finna um það í lögum hversu umfangsmikil þátttaka þess skal vera í slíkri ákvörðun eru ýmis sjónarmið sem þarf að hafa í huga. Má þar nefna að ef barn getur ekki tekið ákvörðun, t.d. vegna ungs aldurs eða líkur eru á því að með ákvörðun sinni skaði barn sig eða aðra á einhvern hátt, er endanlegt ákvörðunarvald hjá foreldrum. Þau sjónarmið sem koma til skoðunar í þessu sambandi snúa flest að því að tryggja barninu nauðsynlega vernd. Dæmi um verndarsjónarmið sem hafa þarf í huga eru m.a.:

- Getur ákvörðun verið skaðleg fyrir velferð eða heilsu barns?
- Hefur ákvörðun alvarlegar afleiðingar fyrir barn?
- Eru afleiðingar ákvörðunar varanlegar?
- Hefur ákvörðun áhrif á velferð, mannorð eða orðspor barns eða annarra?
- Er ákvörðun bindandi fyrir barn til lengri tíma?

Þó að foreldrar telji að einhver af framangreindum sjónarmiðum eigi við ber þeim engu að síður að virða rétt barna sinna til að tjá sig um ákvörðunina. Hætt er við því að foreldrar leggi ríkari áherslu á skyldu sína til að vernda barn sitt en á skylduna til að virða rétt barnanna til að tjá sig og hafa áhrif. Þessi tilhneiging er skiljanleg enda getur verið erfitt að taka til baka afdrifaríkar ákvarðanir. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að mat fullorðinna á því hvað telst barni fyrir bestu dugar almennt ekki til að réttlæta brot á réttindum þess. Það má því ekki takmarka rétt barna til að tjá sig á þeim grundvelli að það sé þeim fyrir bestu.

Þegar ákvarðanir eru teknar er mikilvægt að foreldrar meti hvert tilvik fyrir sig út frá hagsmunum og vilja barnsins sem og þörfinni á vernd. Ef ástæða er til að ætla að ákvörðun barns geti verið því skaðleg eða sérstaklega mikilvæg eða varanleg eiga foreldrar að tryggja barni sínu nægilega vernd. Þó að foreldrum beri að leitast við að hafa samráð við barn sitt verða þeir ávallt að axla ábyrgð á öllum meiriháttar ákvörðunum.

3. ALDURSMÖRK Í LÖGUM OG REGLUM

Á ég ekki rétt á að ákveða hvar ég á heima?


Sem fyrr segir er börnum tryggður almennur samráðsréttur í barnalögum og Barnasáttmálanum. Enn fremur er að finna ýmis ákvæði sem skera úr um það hvenær börn þurfa sjálf að eiga beina aðild að ákvörðunum og hvenær þau geta tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Í eftirfarandi listum má sjá dæmi um helstu lagaákvæði í íslenskum lögum þar sem börnum er tryggður samráðsréttur, meðákvörðunarréttur eða sjálfsákvörðunarréttur.

Barn hefur samráðsrétt um:

- Öll mál sem það varðar, í samræmi við aldur og þroska, *sbr. 12. gr. Barnsáttmálans, 1. og 28. gr. Barnalaga.*
- Ákvörðun um forsjá og umgengni, *sbr. t.d. 34., 43. og 47. gr. Barnalaga.*
- Ákvarðanir barnaverndar, *sbr. t.d. 4., 23., 46. og 63. gr. a. barnaverndarlaga nr. 80/2002.*
- Ákvarðanir félagsþjónustu sveitarfélaga, *sbr. 58. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.*
- Þjónustu vegna fötlunar, *sbr. 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992.*
- Ættleiðingu ef barn er yngra en 12 ára, *sbr. 6. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.*
- Læknismeðferð og alltaf ef barn er orðið 12 ára, *sbr. 26. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.*
- Inngöngu eða úrsögn úr trúfélagi frá 12 ára aldri, *sbr. 8. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.*
- Ákvörðun um íslenskan ríkisborgararétt frá 12 ára aldri, *sbr. 2. gr. laga um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952.*
- Ákvörðun um skipun fjárhaldsmanns og alltaf frá 12 ára aldri, *sbr. 51. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.*

Barn hefur meðákvörðunarrétt um:

- Ákveðnar ákvarðanir barnaverndar frá 15 ára aldri, *sbr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.*
- Breytingu á nafni frá 12 ára aldri, *sbr. 13. gr. og 14. gr. laga um mannanöfn nr. 46/1996.*
- Ættleiðingu frá 12 ára aldri, *sbr. 6. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.*



Barn hefur sjálfsákvörðunarrétt um:

- Hvernig það fer með sjálfsafla- og gjafafé, nema um háar fjárhæðir sé að ræða, *sbr. 75. lögræðislaga nr. 71/1997.*
- Læknismeðferð frá 16 ára aldri, *sbr. 26. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997.*
- Skráningu í eða úr trúfélagi frá 16 ára aldri, *sbr. 8. gr. laga nr. 108/1999 um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög.*
- Fóstureyðingu frá 16 ára aldri, *sbr. 13. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975.*

Hvenær má ég ráða hvar ég á heima?

Í ákveðnum tilvikum hefur löggjafinn tekið ákvörðun um að ákvarðanir séu þess eðlis að hvorki foreldrar geti tekið slíka ákvörðun fyrir börnin sín né þau sjálf. Í slíkum tilvikum hefur löggjafinn lögfest ákvæði þar sem einstaklingar þurfa að hafa náð ákveðnum aldri til þess eins að geta tekið ákvörðun og skiptir samþykki foreldra engu máli í því sambandi. Í eftirfarandi lista má sjá dæmi um nokkur slík ákvæði.

Löggjafinn hefur m.a. ákveðið að:

- Óheimilt er að selja og afhenda einstaklingum yngri en 18 ára tóbak, *sbr. 1. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002.*

- Óheimilt er að selja, veita eða afhenda áfengi þeim sem eru yngri en 20 ára, *sbr. 18. gr. áfengislaga nr. 75/1998.*
- Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota ljósabekki nema í læknisfræðilegum tilgangi á stöðum sem hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, *sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir.*
- Bannað er að sýna börnum undir 18 ára aldri of-beldiskvikmyndir og –tölvuleiki, sem og kvikmyndir eða tölvuleiki sem ógna velferð þeirra. Sýning, sala og önnur dreifing á slíku efni er óheimil, *sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 62/2006 um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum.*
- Börn þurfi að hafa náð 10 ára aldri til þess að geta farið ein í sund, *sbr. reglugerð um hollustuhætti á sund- og bað-stöðum nr. 814/2010.*
- Börn yngri en 15 ára skulu nota hlífðarhjálms við hjólreiðar, *sbr. 1. gr. reglna um notkun hlífðarhjálms við hjólreiðar barna, nr. 631/1999.*
- Aðeins þeir sem hafa náð 17 ára aldri megi fá ökuskríteini að uppfylltum, ákveðnum skilyrðum, *sbr. a-lið 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.*
- Öll sala á skoteldum til barna yngri en 12 ára er óheimil og óheimilt er að selja eða afhenda skotelda barni sem er yngra en 16 ára sé þess getið í leiðbeiningum með skoteldum, *sbr. 32. gr. vopnalaga nr. 16/1998.*
- Börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almanna-færi eftir klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum og börn á aldrinum 13 til 16 ára skulu ekki vera á almanna-færi eftir klukkan 22, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartíminn um tvær klukku-stundir, *sbr. 92. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.*
- Börn undir 15 ára aldri má almennt ekki ráða til vinnu nema í undantekningartilvikum. Börn 13–14 ára mega þó vinna létt störf í takmarkaðan tíma á daginn í samræmi við reglur, *sbr. X. kafla laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð um vinnu barna og unglinga nr. 46/1980.*
- Frá 15 ára aldri bera öll börn refsíabyrgð á afbrotum sínum, óháð þroska hvers og eins. Það þýðir þó ekki að taka eigi á afbrotum barna á aldrinum 15 til 18 ára með sama hætti og brotum fullorðinna, enda njóta börn sérstöðu, *sbr. 14. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.*

- Það er refsivert að stunda kynlíf með einstaklingi sem er yngri en 15 ára. Þessari reglu er ekki ætlað að refsa fyrir kynlíf jafningja, heldur fyrst og fremst að vernda börn fyrir misnotkun þeirra sem eru eldri og vilja nýta sér þroska- og reynsluleysi barnanna, *sbr. 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.*

Löggjafinn hefur stundum kosið að fara þá leið að börn verða að afla samþykkis foreldra og verða þeir þá að meta í hverju og einu tilviki hvort eðlilegt sé að samþykkja slíkt. Dæmi um lagaákvæði sem fer þessa leið er að finna í 47. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Þar segir að ekki sé heimilt að flúra, húðgata eða beita nálarstungu á einstakling undir 18 ára aldri nema með skriflegu leyfi forsjáradila. Loks þurfa börn í ákveðnum tilvikum að fá sérstakt leyfi frá yfirvöldum. Sem dæmi um það má nefna að börn mega almennt ekki ganga í hjónaband, nema með leyfi frá innanríkisráðuneytinu, sbr. 7. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993. Áður en slíkt leyfi er veitt þarf að leita umsagnar foreldra eða forsjáradila, en slík umsögn er þó ekki talin bindandi.

4. ÁHRIF BARNA ÞEGAR LÖGUM SLEPPIR

Þegar lög skera ekki úr um það hvort barn eigi að hafa áhrif á ákvörðun sem það varðar eða hversu mikil áhrif það á að hafa þarf að meta það út frá aðstæðum, réttindum, þroska og reynslu barns hverju sinni. Börn njóta friðhelgi einkalífs eins og aðrir og er því rétt að þau hafi mikið að segja um persónuleg málefni sín.

Öll börn, sem geta myndað sér sínar eigin skoðanir, eiga rétt á því að tjá sig um ákvarðanir sem varða líf þeirra með einum eða öðrum hætti og að tekið sé tillit til þeirra. Þessi réttur nær þannig bæði til persónulegra og samfélagslegra málefna sem snerta börn. Skoðanir barns fá aukið vægi eftir því sem það eldist og þroskast. Börn eiga því rétt á því að hafa aukin áhrif á ákvörðun eftir því sem þau eldast. Þegar þau nálgast 18 ára aldur eiga þau rétt á því að ráða að mestu leyti sjálf yfir eigin lífi og líkama. Þetta má setja upp á myndrænan hátt.

Eins og þessi mynd ber með sér þurfa foreldrar að taka allar ákvarðanir fyrir mjög ung börn. Þau geta þó myndað sér skoðanir á eigin málefnum frá unga aldri. Um leið og börn hafa getu til að tjá skoðanir sínar ber foreldrum að hlusta á þær og taka réttmætt tillit til þeirra. Eftir því sem þau eldast og þroskast eykst réttur þeirra til að hafa áhrif á eigið líf og taka ákvarðanir sjálf. Nauðsynlegt er að hafa það í huga hversu afdrifaríkar afleiðingar ákvörðun getur

Hversu mikilvæg/varanleg er ákvörðunin? Hversu mikil þörf er á vernd?



haft í för með sér. Því varanlegri og mikilvægari sem hún er, því meiri ástæða er til þess að foreldrar beri ábyrgð. Sömuleiðis eykst vægi þeirra eftir því sem þörfin fyrir vernd er meiri, til dæmis ef barn hegðar sér þannig að það getur talist hættulegt sér og umhverfi sínu.

Í íslenskum lögum er gjarnan gert ráð fyrir því að börn sem hafa náð 12 ára aldri hafi ríkan rétt til þátttöku og meðákvörðunar. Þó má ekki gleyma því að yngri börn geta haft mikið til málanna að leggja og ber því ávallt að hlusta á þau eftir því sem þroski þeirra og aðstæður gefa tilefni til. Á unglingsárunum hafa börn almennt náð meiri þroska og hafa oftast bæði getu og vilja til að taka þátt í öllum ákvörðunum sem þau varða. Almennt má ganga út frá því að unglingar ráði miklu um daglegt líf og geti tekið flestar minniháttar ákvarðanir sjálfir, t.d.

varðandi útlit, vini og frístundastarf. Foreldrar gegna þó ennþá mikilvægu leiðbeiningar- og verndarhlutverki þar sem þeir bera enn ábyrgð á velferð barna sinna til 18 ára aldurs. Hafa þeir því rétt og skyldu til þess að grípa inn í ef unglingur tekur ákvarðanir sem stefna heilsu og velferð hans í hættu. Þrátt fyrir það er þó gengið út frá því að hann hafi sjálfsákvörðunarrétt í sumum málum, til dæmis hvað varðar ákvarðanir um lækni meðferðir og trúfélög frá 16 ára aldri. Þegar einstaklingur nær 18 ára aldri verður hann lögráða og á þá sjálfsákvörðunarrétt um öll mál sem hann varðar.

Framangreind umfjöllun gefur nokkra mynd af því hvenær börn geta tekið ákvarðanir sjálf og hvenær endanlegt ákvörðunarvald er hjá foreldrum. Sem fyrr segir gefur samantektin ekki endanleg svör, enda þarf að meta rétt barna til að taka sjálfstæðar ákvarðanir með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, s.s. aldri og þroska þess og þörfinni á vernd. Rétt er að taka fram að yfirlitið eru einungis til leiðbeiningar og felur alls ekki í sér tæmandi upptalningu. Þá er mikilvægt að hafa í huga að önnur sjónarmið eiga almennt við um mjög ung börn, þar sem foreldrar þurfa að taka allar ákvarðanir fyrir þeirra hönd. Þannig þarf að líta á aðstæður heildstætt og hafa í huga stigvaxandi rétt barna til þess að hafa áhrif á eigið líf.



ÞÁTTAKA

RÁÐGJAFARHÓPUR UMBOÐSMANNS BARNNA

*Hvernig er
réttast að senda
kynningarbæklinga
um fermingarfræðslu
inn á heimili?*

Hjá umboðsmanni barna er starfandi ráðgjafarhópur ungmenna á aldrinum 13-18 ára en hópurinn er ráðgefandi aðili fyrir embættið um málefni er snerta börn og ungmenni. Þannig geta börn og ungmenni látið skoðanir sínar í ljós og haft áhrif á störf umboðsmanns barna. Allir sem eru á áðurnefndum aldri og vilja hafa áhrif á samfélagið eru velkomnir að sækja um inntöku í hópin. Ráðgjafarhópurinn hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og ræðir ýmis málefni og aðstoðar umboðsmann barna við að móta starf embættisins. Um það bil tuttugu og eitt ungmenni tóku þátt í starfi ráðgjafarhóps umboðsmanns barna með einum og öðrum hætti á árinu 2015. Ráðgjafarhópurinn hélt tólf fundi yfir árið, sex á vorönn og sex á haustönn auk þriggja undirbúningsfunda og fundi með forseta Ísland á Bessastöðum.

Ýmis málefni sem upp koma að frumkvæði ungmenna eða að beiðni umboðsmanns hafa verið rædd á fundum. Meðal þeirra eru til dæmis sala á áfengi í verslunum, málefni intersex og hinsegin ungmenna, kannabisnotkun ungmenna, mat á kennurum og margt fleira. Þá leitar umboðsmaður barna reglulega til hópsins þegar hann vantar ráðleggingar í ýmsum málum. Að lokum er rétt að geta þess að ráðgjafarhópur umboðsmanns barna hefur átt gott samstarf við ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og ungmennaráð UNICEF á Íslandi.

*Mega
börn tjá
sig varðandi
flutning foreldra
milli landa?*

Í septembermánuði var ráðinn tólmstunda- og félagsmálafræðingur til tímabundinna starfa. Með það að leiðarljósi að gera vinnu ráðgjafarhópsins markvissari og til að móta skýrari boðleið og verkferla sem snúa að ráðgjafarhópnum. Með tilkomu starfsmannsins jókst fundartíðni ásamt betri og virkari þátttöku ráðgjafa í hópnum. Nú eru um ellefu virkir ráðgjafar í hópnum sem funda á þriggja vikna fresti, á tveggja klukkustunda fundum. Þá fá allir þátttakendur kennslu í fundarsköpun, fundarritun og fundarstjórnun með það að markmiði að gera hópin sjálfstæðari og fundina markvissari. Með þessu fyrirkomulagi hefur kjarninn í hópnum orðið stærri og fleiri ráðgjafar mætt á fundi yfir haustönnina.

*Hvað er
hægt að gera
þegar barn vill ekki
fara í umgengni? Hver
er réttur barnsins til
að tjá sig og ráða
umgengni?*

Það er því óhætt að segja að þetta nýja fyrirkomulag henti ráðgjafarhópnum vel í sínum störfum.

Eitt af verkefnum hópsins var að útbúa handbók ráðgjafarhóps umboðsmanns barna til þess að auðvelda vinnu hópsins og formfesta störf hans betur. Eldri ráðgjafar voru fengnir til ráðgjafar í undirbúningsvinnu að handbókinni ásamt núverandi ráðgjafarhópi. Handbókin er sett fram á einfaldan og aðgengilegan hátt þannig að öll ungmennaráð, hvar sem er á landinu, geti notað hana og tileinkað sér formlegri vinnubrögð. Stefnt er að því að gefa hana út á vefsíðu umboðsmanns barna. Að auki var útbúin handbók umsjónaraðila ráðgjafarhóps umboðsmanns barna sem hefur það hlutverk að halda utan um allar þær upplýsingar sem lúta að ráðgjafarhópnum. Þá er einnig stefnt að útgáfu hennar á vefsíðu umboðsmanns.

UNGMENNI FUNDA MEÐ VELFERÐARNEFND ALÞINGIS



Þann 4. febrúar 2015 sátu átta ungmenni fund með velferðarnefnd Alþingis í tilefni af 25 ára afmæli samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Ungmennin voru á aldrinum 14–18 ára og komu úr ráðgjafarhóp umboðsmanns barna, og ungmennaráðum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og UNICEF á Íslandi.

Umræðuefni fundarins voru meðal annars þátttaka og réttindi barna, skólakerfið og menntun, og velferðarmál. Ungmennin voru með stuttar framsögur um hvert umræðuefni og áttu í kjölfarið skoðanaskipti við þingmenn.

Nefndarmenn tóku vel á móti ungmennunum og umræður voru málefnalegar. Umboðsmaður barna er afar ánægður með fundinn enda stóðu þessir frábæru fulltrúar barna og ungmenna á Íslandi sig mjög vel.

Bein útsending var frá fundinum á vef Alþingis og í Ríkissjónvarpinu.

UNGMENNARÁÐ FUNDA MEÐ FORSETA ÍSLANDS

Á hvaða aldri þarf barn að vera til þess að ráða hvar það býr?

Með bréfi, dags. 12. október 2015, sendi umboðsmaður barna forseta Íslands bréf fyrir hönd ráðgjafarhóps umboðsmanns barna og óskaði eftir að forseti Íslands fundaði með ráðgjafarhópnum.

Ráðgjafarhópur umboðsmanns barna hafði mikinn áhuga á því að funda með honum og ræða við hann um réttindi barna og þau málefni sem brenna á börnum og ungmennum í íslensku samfélagi.



Mánudaginn 30. nóvember 2015 fundaði ráðgjafarhópur umboðsmanns barna með forseta Íslands, Ólafi Ragnarí Grímssyni, á Bessastöðum. Mætti hópurinn á Bessastaði þar sem einstaklega vel var tekið á móti honum. Hópurinn kom vel undirbúinn og var hann búinn að setja þrjú málefni á dagskrá sem voru til umræðu: mannréttindi, lýðræði, áhrif og þátttöku ungs fólks og umhverfis- og loftlagsmál. Hópurinn kom sínum hugðarefnum vel á framfæri og ítrekaði meðal annars mikilvægi þess að fræða börn um réttindi sín og veita þeim tækifæri til þess að hafa áhrif á málefni sem varða þau með einum eða öðrum hætti. Var fundurinn ákaflega gagnlegur, upplýsandi og fræðandi fyrir bæði forsetann og ráðgjafarhópinn. Mikilvægt er að æðsti ráðamaður landsins eigi regluleg samtöl við ungt fólk.

Ljóst er að hópurinn hefur mörg mikilvæg verkefni á sinni könnu en það allra mikilvægasta er að skapa formlegar samskiptaleiðir á milli barna og ungmenna og samfélagsins. Þar sem raddir þeirra fá hljómgrunn og verði eftirsóttar þegar ákvarðanir eru teknar sem snúa að málefnum þeirra.

UNGMENNARÁÐ FUNDA MEÐ MENNTAMÁLARÁÐHERRA



Þann 29. apríl 2015 áttu fulltrúar frá ráðgjafarhópi umboðsmanns barna, ungmennaráði Barnaheilla og ungmennaráði UNICEF fund með þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra, á skrifstofu umboðsmanns barna. Tilgangurinn með fundinum var að ræða helstu málefni sem brenna á ungu fólki í ungmennaráðunum varðandi menntamál.

15 ára barni með ADHD meinað að fara í skólaferðalag nema með fylgd sem foreldrar þurfa að borga.

Alls voru ellefu ungmenni á fundinum á aldrinum 14 til 18 ára. Ungmenni frá ráðgjafarhópi umboðsmanns barna bauð ráðherra velkominn á fundinn og fjallaði stuttlega um mikilvægi menntamála fyrir börn og ungmenni. Á meðal annarra umfjöllunarefna hópsins má nefna rétt barna

til að hafa áhrif á öll mál sem varða þau og þá ekki sist menntamál, kennaramat og endurmenntun kennara. Auk mikilvægi þess að nemendur fái að hafa aukin áhrif í sínum skólum, að betri nýting verði á lífsleiknitímum í skólum og að aukinn áhersla verði lögð á hagnýtt nám. Þá benti hópurinn á að börn hafi þörf fyrir meiri fræðslu um það sem er að gerast í samfélaginu á hverjum tíma og fór hópurinn yfir mikilvægi þess að kenna börnum um lýðræði og að auka áhuga þeirra á stjórnárum. Hópurinn lét ekki þar við sitja heldur ræddi einnig um hversu brýnt það væri að auka réttindafræðslu og fræðslu um minnihlutahópa. Þá bentu hann á þörfina að taka þyrfti aukið tillit til fjölbreytileika nemenda hvað varðar íþrótt- og sundkennslu og um nauðsyn þess að allir nemendur fái nám við hæfi og að taka þyrfti tillit til mismunandi getu og þarfa hvers og eins. Farið var yfir mismunandi kröfur sem grunnskólar gera til nemenda þar á meðal benti hópurinn á inntökupróf í framhaldsskóla sem mögulega lausn til að jafna stöðu nemenda. Að lokum

Má taka gosdrykki af nemendum og henda þeim í skólanum?

var rætt um skólamat og mikilvægi þess að tryggja að öll börn fái holla og góða næringu, án tillits til efnahags foreldra.

Barn fær ekki sérfræði í skóla þrátt fyrir fæðuþöpol. Hvað er hægt að gera?

Fundurinn var skemmtilegur og gagnlegur fyrir alla aðila. Menntamálaráðherra tók undir margt af því sem þar kom fram á fundinum og óskaði sérstaklega eftir því að fá að funda aftur með hópnum í haust.

Fulltrúar ungmennaráðanna eru þakklátir fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þeir vona að fundurinn verði til þess að ráðherra leiti oftast eftir sjónarmiðum barna og ungmenna áður en teknar eru ákvarðanir um menntamál.

UNGMENNARÁÐ

Samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem hefur verið lögfestur hér á landi, sbr. lög nr. 19/2013, eiga börn rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum sem varða þau og skylt er að taka réttmætt tillit til skoðana barna í samræmi við aldur og þroska. Af þessu ákvæði leiðir meðal annars að áður en opinberir aðilar taka ákvarðanir eða gera aðrar ráðstafanir sem varða hóp barna eða börn almennt er skylt að leita eftir sjónarmiðum þeirra.

Til að bæta aðstæður og þjónustu við börn í nærumhverfi sínu er þátttaka þeirra sjálfra mikilvæg. Er því sérstaklega brýnt að sveitarfélög leiti með reglubundnum hætti eftir samráði við börn. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga, nr. 70/2007 ber sveitarstjórnnum að hlutast til um að stofnuð verði sérstök ungmennaráð. Þau eru mikilvægur vettvangur þess að tryggja þátttöku barna innan sveitarfélagsins. En hlutverk ungmennaráða er meðal annars að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni sem varða börn og ungmenni, svo sem skólastarf, tómstundastarf og skipulag nánasta umhverfis. Enn fremur er þó mikilvægt að leita eftir sjónarmiðum barna þegar verið er að fjalla um málefni sem við fyrstu sýn virðast ekki varða þau sérstaklega, en hafa engu að síður umfangsmikil áhrif á hagsmuni og velferð þeirra, svo sem ráðstöfum fjármuna, málefni innflytjenda og hælisleitenda, umhverfismál, öryggismál o.s.frv.

Eitt af hlutverkum umboðsmanns barna er að stuðla að aukinni þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu og einn liður í því er að halda utan um hvernig málefnum ungmennaráða er háttað. Í ljósi þess hefur umboðsmaður barna frá árinu 2009 framkvæmt könnun annað hvert ár á stöðu ungmennaráða hjá öllum sveitarfélögum á

landinu. Nýjasta könnunin var gerð í apríl 2015 þar sem fram kemur meðal annars að:

- Alls 33 af 74 sveitarfélögum voru með ungmennaráð.
- Ungmennaráð í fimm sveitarfélögum höfðu verið lögð niður frá 2013.
- Í þremur sveitarfélögum höfðu verið stofnuð ný ungmennaráð frá 2013.
- Í 16 sveitarfélögum stóð til að setja ungmennaráð á stofn.
- Alls 25 sveitarfélög höfðu **ekki** í hyggju að stofna ungmennaráð.

Í þeim 33 sveitarfélögum sem eru með ungmennaráð bjuggu um 92% af íbúum landsins (298.440 íbúar) þegar könnunin var gerð. Umboðsmaður barna telur það þó vonbrigði að afturför hafi orðið í þessum málum, en árið 2013 voru 36 sveitarfélög með ungmennaráð, sem taldi þá um 93,8% af íbúafjölda (302.015 íbúar). Ástæða þess er sú að ungmennaráð fimm sveitarfélaga¹ sem voru starfandi árið 2013 voru ekki lengur starfandi árið 2015. Reglur voru þó til staðar og til stóð að endurvekja ungmennaráðið síðar. Samanlagður íbúafjöldi þessara sveitarfélaga er 10.005 íbúar. Á þessum tíma höfðu þó þrjú önnur sveitarfélög² sett á stofn nýtt ungmennaráð. Samanlagður íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga er 3.911 íbúar.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að í 46 sveitarfélögum eru nýttar aðrar leiðir en ungmennaráð til að hlusta á raddir barna og ungmenna. Hins vegar hafa 19 sveitarfélög engan annan vettvang. Níu sveitarfélög svöruðu ekki þeirri spurningu hvort annar vettvangur væri til staðar til að leyfa röddum barna og ungmenna að heyrast. Af þeim sveitarfélögum sem starfrækja ungmennaráð hafa 26 þeirra annan vettvang til að hlusta á skoðanir barna og ungmenna og níu sveitarfélög hafa ekki annan vettvang.

Í ljósi þess hversu mörg sveitarfélög eru ekki með ungmennaráð telur umboðsmaður barna þörf á að breyta orðalagi æskulýðslaga þannig að ekki sé nóg að sveitarfélög „hlutist til um“ stofnun slíkra ráða, heldur sé það beinlínis skylt. Má í því sambandi benda á lokaathugasemdir Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna til íslenska ríkisins frá árinu 2011, en þar koma fram áhyggjur nefndarinnar af því að núverandi fyrirkomulag ungmennaráða geri það að verkum að börn hafi ekki jöfn tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar, óháð búsetu. Þá gagnrýndi nefndin að ekki séu til staðar verklagsreglur

1 Fjallabyggð, Hvalfjarðarsveit, Ísafjarðarbær, Norðurþing og Þingeyjarsveit.
2 Sveitarfélagið Garður, Vesturbyggð, Rangárþing ytra.

eða reglugerðir um störf ungmennaráða og mælist hún til þess íslenska ríkið setji skýrari reglur um starfsemi, hlutverk og umboð ungmennaráða.

Umboðsmaður barna sendi bréf til mennta- og menningarmálaráðherra, innanríkisráðherra og til Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 12. desember 2015. Þar sem bent er á framangreindar upplýsingar og skorað á stjórnvöld að beita sér fyrir því að öllum sveitarfélögum verði gert skylt að starfrækja ungmennaráð og að settur verði skýrari rammi utan um starfsemi þeirra, í samræmi við athugasemdir Barnaréttarnefndarinnar.

SAMRÁÐ VIÐ BÖRN VIÐ ENDURSKOÐUN STJÓRNARSKRÁR

Í tilefni af þeirri endurskoðun sem stendur yfir á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 sendi umboðsmaður barna bréf til stjórnarskrárnefndar, dags. 10. september 2015. Í bréfi sínu minnti umboðsmaður barna stjórnarskrárnefnd á að samkvæmt 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, eiga börn rétt á að fá tækifæri til að tjá sig um öll mál sem þau varða með einum eða öðrum hætti. Skylt er að taka réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Endurskoðun stjórnarskrárinnar er grundvallarmál sem getur haft viðtæk áhrif á íslenskt samfélag til framtíðar. Börn eru ekki með kosningarétt og geta því ekki haft bein áhrif á það hvort þær breytingar sem verða lagðar til verði samþykktar eða ekki. Er því mikilvægt að gefa börnum tækifæri til að hafa áhrif á þær tillögur sem mótaðar eru. Vakti umboðsmaður barna því sérstaka athygli stjórnarskrárnefndarinnar á skýrslunni, *Stjórnslög unga fólksins*, en þar er að finna niðurstöður þings ungmennaráða um stjórnarskrána, sem haldið var 16. apríl 2011.

Á þinginu komu fram margar góðar tillögur barna og ungmenna um það hvernig mögulega væri hægt að bæta núgildandi stjórnarskrá. Þátttakendur lögðu sérstaka áherslu á að það þyrfti að tryggja betur rétt barna til þess að taka virkan þátt í lýðræðislegri mótun samfélagsins og koma að ákvarðanatöku, sérstaklega í málum sem snerta þau beint. Þessi tillaga ungmenna hafði bein áhrif á það frumvarp til stjórnskipunarlaganna sem stjórnlagaráð lagði fram. En í 12. gr. þess var að finna ákvæði þar sem meðal annars var kveðið á um rétt barna til að tjá skoðanir sínar í öllum málum sem varða þau og skylduna til að taka tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.

Má kennari gefa nemendum fjarvíst fyrir það að gera ekki neitt í tíma?

Þarf leyfi til að barn geti farið upp um bekk í grunnskóla?

Að lokum hvatti umboðsmaður barna stjórnarskrárnefndina til þess að kynna sér vel þær tillögur barna og ungmenna sem koma fram í fyrrnefndri skýrslu. Enn fremur skoraði hann á nefndina að leggja til að stjórnarskránni verði breytt þannig að réttur barna til þátttöku verði sérstaklega tryggður.

BÖRN OG SKIPULAG

Umboðsmaður barna hefur oft bent á hversu mikilvæg þekking og sýn barna er þegar verið er að taka ákvarðanir sem varða umhverfi og skipulag. Börn þekkjá í mörgum tilvikum sitt nánasta umhverfi betur en hinir fullorðnu, enda eru þau oftast en ekki meira á ferðinni úti, og veita e.t.v. öðrum hlutum athygli en fullorðna fólkið. Við allar ákvarðanir sem hafa áhrif á börn er skylt að setja hagsmuni þeirra í forgang og veita þeim tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á það ekki einungis við þegar um er að ræða svokölluð hefðbundin „barnamál," heldur öll mál sem varða börn með einum eða öðrum hætti. Mikilvægt er að tryggja börnum tækifæri til að hafa áhrif á skipulagsmál í hverfum sínum og nærumhverfinu og nýta þannig þá sérþekkingu sem þau búa yfir. Lítið er fjallað um börn í lögum um skipulag hér á landi. Í framkvæmd er ekki haft reglulegt samráð við þau á þessu sviði, þó að ýmis góð verkefni séu í gangi hér og þar í stjórnsýslunni.

Á árinu 2015 kynnti umboðsmaður barna sér ýmislegt sem varðar skipulagsmál og þátttöku barna í mótun umhverfisins. Sótti hann t.d. ráðstefnu á vegum Félags íslenskra landslagsarkitekta, þar sem meðal annars var rætt um börn og borgarumhverfi. Í kjölfarið var umboðsmaður beðinn um að fjalla um þessi mál hjá RannUng, sem er rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna. Umboðsmaður leitaði víða til að fá upplýsingar um stöðu þessara mála hér á landi, svo sem til Skipulagsstofnunar, Reykjavíkurborgar, annarra sveitarfélaga og ýmissa fleiri aðila. Svo virðist sem Reykjavíkurborg sé að mörgu leyti leiðandi á þessu sviði. Þar hafa ýmis þátttökuverkefni verið unnin, og stendur þar upp úr nýtt verkefni sem heitir „Skapandi samráð" - „Planning for Real" sem gengur út á það að börn taki virkan þátt í að skipuleggja nærumhverfi sitt. Til stendur að vera með slíkt verkefni í öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Umboðsmaður barna mun fylgjast með þessu verkefni og halda áfram að hvetja til aukinnar þátttöku barna á þessu sviði sem öðrum.

UMSAGNIR

Ég hef áhuga á störfum Alþingis. Hvernig get ég boðið mig fram?

Ég á fjögur börn og þín að missa húsnæði mitt. Ég hef fengið misvísandi skilaboð um möguleika á félagslegu húsnæði. Hvað get ég gert?

Getur móðir fengið lengra fæðingarorlof þó svo að faðir nýti ekki sitt fæðingarorlof?

Á 16 ára barn rétt á 5.000 kr. á viku frá ríkinu þegar það eru litlir peningar á heimilinu?

Ég hef verið húsnæðislaus í sex mánuði en ég á sex börn og þar af búa tvö þeirra hjá mér. Hvað get ég gert?

Er búið að breyta reglum um breytingar barna á kenninafni sínu?

Er einhver sem getur styrkt nemendafélag til að dreifa smökkum til nýnema?

Hver eru réttindi barna sem missa framfæranda?


Er fyrirtækjum heimilt að gera samninga við ófjárráða börn?

Má taka síma af barni?

Einn af mikilvægum þáttum í starfi umboðsmanns barna er að veita Alþingi umsagnir um lagafrumvörp og tillögur til þingsályktunar er varða hagsmuni og réttindi barna. Einnig kemur fyrir að óskað er eftir umsögn um um drög að frumvörpum eða reglugerðum sem eru í vinnslu hjá ráðuneytum. Árið 2015 veitti umboðsmaður barna umsagnir um neðangreind mál:

Mega íþróttafélög skípuleggja æfingatíma fyrir börn utan útivistartíma? Gilda ekki útivistarreglur um æfingatíma?

- Drög að frumvarpi til laga um Þjóðskrá Íslands.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga (heimilisofbeldi), 470. mál.
- Frumvarp til almennra hegningarlaga (bann við hefndarklámi), 436. mál.
- Frumvarp til laga ummannanöfn (mannanafnanefnd, ættarnöfn), 389. mál.
- Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál.
- Frumvarp til laga um meðferð einkamála o.fl. (aukin skilvirkni, einfaldari reglur), 605. mál.
- Drög að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
- Drög að þingsályktunartillögu um geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun.
- Frumvarp til nýrra laga um útlendinga.
- Drög að fjölskyldustefnu til ársins 2020.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (andvanafæðing), 25. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um styrkingu leikskóla og fæðingarorlofs, 16. mál.
- Skýrsla um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.
- Frumvarp til laga um fullnustu refsinga (heildarlög), 332. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), 100. mál.
- Frumvarp til laga um opinber fjármál.
- Frumvarp til laga um fullnustu refsinga (heildarlög), 332. mál.
- Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), 100. mál.
- Tillaga til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til fjögurra ára, 338. mál.
- Drög að frumvarpi til laga um rétt einstaklinga til að skilgreina sjálfir kyn sitt.



Hægt er að nálgast allar umsagnirnar á vefsíðu umboðsmanns barna.

SAMSTARF

Innlendir samstarfsaðilar

Hjá umboðsmanni barna starfa einungis fimm starfsmenn í mismiklu starfshlutfalli og er því mikilvægt fyrir embættið að eiga gott samstarf við aðra sem vinna að málefnum barna. Umboðsmaður barna leitar reglulega eftir álitum frá sérfræðingum á ýmsum sviðum, svo sem starfsfólki stofnana, félagasamtaka eða annarra fagaðila. Umboðsmaður barna telur mikilvægt að eiga í góðu sambandi við samstarfsaðila og bauð þeim ásamt vinum í lok ársins á opið hús hjá embættinu. Á árinu 2015 átti umboðsmaður barna auk þess formlegt samstarf við eftirfarandi aðila:

Barnahópur velferðarvaktarinnar

Umboðsmaður barna átti sæti í sérstökum barnahópi velferðarvaktarinnar á árinu en hann er starfræktur á vegum velferðarráðherra. Hópnum er ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins á börn og fjölskyldur þeirra og gera tillögur um aðgerðir í þeim efnum.

Hvað þarf maður að vera gamall til að mega götuskrá og keyra fjórhjól og hver er kostnaðurinn á bak við það?

Bakland SAFT

SAFT – Samfélag, fjölskylda og tækni, er vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga á Íslandi. Verkefnið er hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins um öruggari netnotkun og er styrkt af framkvæmdastjórn ESB. Fulltrúi frá umboðsmanni barna á sæti í baklandi SAFT.

Námsvefurinn www.barnasattmali.is

Umboðsmaður barna hefur undanfarin ár átt í samstarfi við Barnaheill – Save the Children á Íslandi, UNICEF á Íslandi og Námsgagnastofnun. Helsta markmið þess samstarfs er að stuðla að aukinni vitund almennings um Barnasáttmálann. Samstarfið hófst árið 2008 með útgáfu veggspjalda og bæklinga og á árinu 2009 var settur upp fræðsluvefurinn www.barnasattmali.is. Vefurinn er ætlaður til notkunar í leik- og grunnskóla en hentar einnig öðrum aldurshópum.

Náum áttum

Umboðsmaður barna hefur átt fulltrúa í Náum áttum sem er opinn samstarfshópur þeirra sem láta sig varða



heill barna og ungmenna. Um fræðslu- og forvarnarhóp er að ræða sem skipuleggur morgunverðarfundu einu sinni í mánuði yfir vetrartímann um ýmis mál sem varða forvarnir og velferð barna og ungmenna sem talið er vert að vekja athygli samfélagsins á.

Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna

Með rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) er ætlunin að hafa frumkvæði að og sinna rannsókn-um, miðla þekkingu og kynna niðurstöður rannsókna sem varða börn á leik-skólaaldri. Á árinu 2015 sat umboðsmaður barna í stjórn RannUng.

*Hvað þurfa
iþróttafélög að
gera til að tryggja
jafnræði?*

SAMAN-hópurinn


Umboðsmaður barna hefur setið í SAMAN-hópnum sem er samstarfsveitvangur frjálsra félagasamtaka, sveitarfélaga og stofnana sem láta sig velferð barna og fjölskyldna þeirra varða. Markmiðið er að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglíngum stafar af áfengi og vímuefnum, styðja við foreldra í uppeldishlutverkinu og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar. Þetta hefur verið gert með auglýsingum ásamt fræðslu- og kynningarefni.

SAMFOK

Á árinu hóf umboðsmaður barna samstarf við SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Samstarfið fólst meðal annars í því að umboðsmaður barna tók þátt í verkefni „Vó hvað er í gangi – Skólaráð og lýðræðisleg aðkoma nemenda að skólahaldinu“. Þá hófst undirbúningur við gerð fræðslumyndbanda um skólaráð og nemendafélög sem verða gefin út á næsta ári.

UNICEF á Íslandi og Barnaheill

Umboðsmaður barna hefur lengi átt gott samstarf við UNICEF á Íslandi og Barnaheill og hefur unnið að ýmsum verkefnum með þeim undanfarin ár, m.a. vegna 25 ára afmælis Barnasáttmálans árið 2014. Auk þess sem ungmennaráð aðilanna hafa átt gott samstarf.



ERLENDIR SAMSTARFSADILAR

Fundur umboðsmanna barna á Norðurlöndunum

Árlegir norrænir fundir hafa reynst ákaflega mikilvægir í starfi embættanna en starf umboðsmanns barna er þess eðlis að hann verður að vinna að mestu óháð öðrum stofnunum samfélagsins. Það er því mikils um vert að geta með þessum hætti haft samráð við aðra sem vinna við sömu eða svipaðar aðstæður. Að þessu sinni var fundur norrænna umboðsmanna haldinn dagana 4. – 6. maí í Ósló í Noregi, þar sem aðalræðuefnið var þátttaka barna og samráð við börn.

Fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC)

Dagana 22. til 24. september 2015 var haldinn árlegur fundur samtaka evrópskra umboðsmanna barna (ENOC) í Hollandi, en ENOC er tengslanet umboðsmanna barna í Evrópu. Á fundinum var sérstaklega rætt um ofbeldi gegn börnum. Í kjölfar fundarins var gefin út sameiginleg yfirlýsing ENOC og sérstaks fulltrúa aðalritara Sameinuðu þjóðanna um ofbeldi gegn börnum.

Á fundinum var einnig mikið rætt um stöðu barna flóttafólks og sendi ENOC opið bréf til ríkisstjórna Evrópulanda, Evrópusambandsins og alþjóðasamfélagsins þar sem kallað er eftir aðgerðum til að binda endi á endurtekna harmleiki í Miðjarðarhafinu. Þar segir m.a. að ríkisstjórnir, Evrópusambandið og alþjóðasamfélagið bera siðferðilega og lagalega skyldu til þess að auðvelda flóttafólki að ná fram grundvallarréttindum sínum. Ekki er nóg að biða eftir því að viðkomandi einstaklingar sækji um hæli, sérstaklega þegar svo margir deyja áður en þeir komast á áfangastað sinn, þ.á m. börn og foreldrar.

Tekið var fram að ríkisstjórnir, Evrópusambandið og alþjóðasamfélagið verði að bregðast við með fyrirbyggjandi hætti til að bjarga lífi flóttafólks. Allir ættu að endurskoða stefnu sína í þeim tilgangi að meta og koma í veg fyrir stórfelldan flótta fólks, þ.á m. barna.

Í þessu sambandi lagði ENOC áherslu á að farið yrði að gildandi lögum, stefnum, verklagi, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðlegum mannréttindaskuldbindingum sem eiga að tryggja börnum vernd. Rétturinn til lífs, þroska, viðunandi afkomu og verndar gegn hvers kyns skaða eru grundvallarréttindi barna. Það er algert lágmark að a.m.k. þessi réttindi séu virt.

HEIMSÓKNIR, FUNDIR, MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

HEIMSÓKNIR OG FUNDIR

Umboðsmaður barna fékk á árinu margar heimsóknir frá einstaklingum og fulltrúum stofnana og félagasamtaka. Sömuleiðis heimsóttu umboðsmaður barna og starfsfólk embættisins ýmsar stofnanir og félagasamtök á árinu. Auk þess átti umboðsmaður fundi með ýmsum aðilum í samfélaginu með það fyrir augum að efla samvinnu þeirra sem vinna að hag barna. Meðal þeirra stofnana/samtaka sem umboðsmaður barna heimsótti eða fundaði með eru:

- Heilbrigðisráðherra.
- Talsmenn barna á Alþingi.
- Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu.
- Landlæknir.
- Nefndasvið Alþingis.
- Transungmenni frá ungliðum Samtakanna 78.
- Útlendingastofnun.
- Rauði krossinn.
- Samráðs- og hugarflugsfundur um fræðsluáttak um rafrænar myndsendingar unglunga hjá skóla- og frístundaráði Reykjavíkurborgar.
- Samráðsfundur vegna barna í vanda í skólakerfinu á vegum Sambands Íslenskra sveitarfélaga.
- Starfshópur um jafnt búsetuform barna sem búa á tveimur heimilum.
- Heimsón frá samtökunum Children of Slovakia Foundation og Coalition for Children Slovakia frá Slóvakíu.
- Heimsón á vegum Romanian Social Development Fund frá Rúmeníu.
- Samfés.
- Evrópa unga fólksins.
- Ungmennaráð Save the Children í Noregi.
- Aðstaða fyrir hælisleitendur á Bæjarhrauni.
- Félagsþjónustan í Reykjanesbæ.
- Þjónustumiðstöð miðborgar og hlíða.
- Skipulagsstofnun.
- Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.


Auk þess voru fleiri heimsóknir eða fundir sem fjallað er nánar um í köflum skýrslunnar. Að lokum er rétt að geta þess að umboðsmaður barna heimsótti skóla, ungmennaráð og félagasamtök í tengslum við kynningar á embættinu, sbr. upptalningu á bls. 7.

Heimsókn talsmanns barna á Grænlandi

Þann 13. júlí 2015 fékk umboðsmaður barna heimsókn frá talsmanni barna á Grænlandi. Embættið var stofnað árið 2012, en hlutverk þess er að mörgu leyti sambærilegt hlutverki umboðsmanns barna. Aviâja Egede Lynge hefur nýlega tekið við embættinu og hafði hún því áhuga á að kynna sér nánar starfsemi umboðsmanns barna hér á landi. Með henni í för var starfsmaður embættisins, Camilla Nymand Petersen.

Tilgangur heimsóknarinnar var meðal annars að ræða um helstu verkefni og áskoranir embættisins á undanförunum árum og mannréttindafræðslu til barna og fullorðinna. Auk þess fengum við góða gesti til þess að fjalla um þátttöku barna og ungmenna hér á landi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og frá Ungmennafélagi Íslands.

Heimsóknin var afar ánægjuleg. Ísland og Grænland eiga ýmislegt sameiginlegt og höfum við því gagnkvæman ávinning af því að ræða málin og miðla reynslu og þekkingu.



Tengslafundur með félagasamtökum

Síðustu tvö ár hefur umboðsmaður barna boðið hinum ýmsu félagasamtökum sem vinna að málefnum barna á fund. Markmiðið með þessum fundum hefur verið að ræða hagsmuna- og réttindamál barna út frá ýmsum hliðum og efla samráð og samstarf milli aðila sem vinna með einum eða öðrum hætti að því að bæta stöðu barna í samfélaginu.

Umboðsmaður bauð samtökum sem vinna að hagsmunamálum barna á tengslafund þann 28. október 2015 á skrifstofu umboðsmanns barna. Eins og síðustu tvö ár var markmiðið með fundinum að skiptast á upplýsingum og læra af öðrum. Þá bauð umboðsmaður barna einnig upp á stutta fræðslu um réttindi barna.

MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR

Janúar

„Eru snjalltækin að breyta skólastarfi? Um snjalltækjanotkun barna og ungmenna," morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

Febrúar

„Áfengi – engin venjulega neysluvara," morgunfundur á vegum Bindindissamtakanna IOGT á Íslandi. Norræna húsið.

„Heimilisofbeldi: viðbrögð – úrræði – nýjar leiðir," morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

Mars

„Geðheilbrigði barna: viðbrögð – úrræði – nýjar leiðir," morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

Apríl

„Einelti – úrræði og forvarnir," morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

Mái

„Heimilisofbeldi: Veruleikinn á Íslandi," málþing á vegum lagadeildar Háskólans í Reykjavík í samstarfi við Kvennaathvarfið, lögreglustjórnann á höfuðborgarsvæðinu, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og umboðsmann barna. Háskólinn í Reykjavík.

September

„Ester – ný nálgun í forvarnarstarfi," morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

Október

„Líkar þér við þig?" morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

Nóvember

„Norræn börn – börn á fósturheimilum," hádegisverðarmálþing á vegum Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Norræna húsið.

„Sjónarmið barna, þátttaka og áhrif á skipulag og umhverfi," morgunrapp RannUng. Háskóli Íslands.

„Skóli fyrir alla – eða hvað? Hvað þarf til að skólinn sé fyrir alla?" morgunverðarfundur á vegum Náum áttum. Grand hótél.

„Foreldramissir, sorgin og fjölskylda barns," málstofa á vegum rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd (RBF) og Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands. Háskóli Íslands.

„Skólalþing sveitarfélaga," málþing á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hótél Nordica.

„Íslenskar æskulýðsrannsóknir," ráðstefna á vegum tómtunda- og félagsmálafræðibrautar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri, Æskulýðsráð ríkisins, Rannsóknarstofa í bernsku- og æskulýðsfræðum og Félag fagfólks í frítímaþjónustu. Háskóli Íslands.

„Kannabis," málþing á vegum Fræðslu og forvarnir í samstarfi við Embætti landlæknis og velferðarráðuneytið. Grand hótél.

Hátíðardagskrá á Degi gegn einelti.

„Jöfn búseta," morgunverðarfundur á vegum innanríkisráðuneytisins. Iðnó.

„Sjónarmið barna, þátttaka og áhrif á skipulag og umhverfi," morgunrabb RannUng. Háskóli Íslands.





UMBOÐSMAÐUR BARNNA

Kringlunni 1, 5. h. – Sími 552 8999 – Barnasími gjaldfrjálst númer 800 5999
Fax 552 8966 – Netfang: ub@barn.is – Veffang: www.barn.is